ÁSA GUÐRÚN KRISTJÁNSDÓTTIR

*Eldar sumarlegan lax og útbýr kartöflusalat*

• matur • helgin

**ALLT** Í MIÐJU BLAÐSINS



TVÍHÖFÐI

*Telur íslensku þjóðina þurfa á gríni að halda*

Föstudagur

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG






FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

3. júlí 2009 — 156. tölublað — 9. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

## FÖSTUDAGUR



**Stendur vel að vígi**

Kjörís fagnar fjörutíu ára afmæli á þessu ári.

TÍMAMÓT 20

**Brostið traust**

„Ofstopinn í umræðunni er ekki til marks um traustabrest heldur brostið traust,“ segir Sighvatur Björgvinsson.

UMRÆÐAN 18

**Erfitt hlutskipti**



Ingvi Hrafn sendir Katrínu Bessadóttur og samstarfskonur í frí á ÍNN.

FÓLK 34

**FH fór illa með Val**



FH-ingar eru komnir með níu stiga forskot í Pepsi-deild karla eftir 5-0 stórsigur á Valsmönnum á Hlíðarenda í gær.

ÍÞRÓTTIR 30

## VEÐRIÐ Í DAG




**Hlýtt sem aldrei fyrr** Fyrripart dags verður væta austanlands en síðan styttir upp. Sunnanlands verður að mestu bjart en norðvestantil verða skúrir á víð og dreif. Áfram frekar hægur vindur.

VEÐUR 4

# Maður látinn eftir að vél var flogið á línu við Selá

**Einn er látinn og annar lífshættulega slasaður eftir að lítil Cessna-vél flaug á raflínu í gær við Selá í Vopnafirði. Flugmaður mun hafa misreiknað flughæð vélarinnar. Læknir segir þetta mikið áfall í litlu þorpi.**

**SLYS** Einn maður er látinn og annar lífshættulega slasaður eftir að fjögurra sæta Cessna-vél flaug á raflínur rétt við veiðihúsið Hvammsgerði við Selá í Vopnafirði.

„Það er ekkert sem bendir til bilunar í vél. Mennirnir hafa líklega misreiknað flughæðina,“ segir Björn Sigurbjörnsson slökkviliðsstjóri á Vopnafirði.

Hann segir að vélin hafi verið nýtekin á loft frá flugvellinum á Vopnafirði, en veiðihúsið er tólf til þrettán kílómetra norður af þorpinu.

Gestir í veiðihúsinu urðu vitni að slysinu og Baldur Friðriksson læknir á Vopnafirði segir að svo virðist sem mennirnir hafi verið að taka lítinn hring á leið sinni suður. „Það er ólíklegt að þeir hafi verið að reyna að lenda. Þarna er engin flugbraut, enginn bali eða tún eða neitt,“ segir Baldur. Mennirnir hafi sér virst vera á miðjum aldri.

Baldur segir að banaslys séu ávallt mikið áfall, en ekki síst í litlu þorpi þar sem langt er í stórar heilbrigðisstofnanir og engin teymi til staðar til að bregðast við áföllum. „Ef tveir slasast er það hópslys hjá okkur,“ segir hann. Presturinn á staðnum hafi veitt fólki áfallahjálp.

Vélin hafði lent á Vopnafjarðarflugvelli klukkan 14.35 og flugáætlun gerði ráð fyrir að hún færi þaðan aftur um klukkan 16. Slysið varð síðan rétt eftir klukkan 16, en til stóð að lenda vélinni á




Tungubakkaflugvelli í Mosfellsbæ klukkan 18 í gær.

Sjúkraflug kom frá Akureyri og sótti þann sem lifði af. Flogið var með hann til Reykjavíkur á sjöunda tímanum.

Á Landspítala var ekki frekari upplýsingar að fá á tíunda tímanum í gærkvöldi en þær að maðurinn væri lífshættulega slasaður.

Hjördís Guðmundsdóttir hjá Flugstoðum, sem reka flesta flugvelli landsins, segir að flugáætlun vélarinnar og annað sem viðkomi Flugstoðum hafi allt verið með eðlilegu móti.

Hvorugur mannanna mun hafa verið frá Vopnafirði. - kóp



**BRUGÐIÐ Á LEIK** Leikskólakrakkar léku sér á Miklatúni í blíðviðri í gær. Það styttist í að leikskólarnir í Reykjavík fari í sumarfrí en þeir verður öllum lokað í fjórar vikur í ár í sparnaðarskyni. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Ríkisábyrgð vegna Icesave:

## Rætt um að setja fyrirvara

**ALÞINGI Alþingismenn ræða nú sín á milli um að samþykkja frumvarp um ríkisábyrgð vegna Icesave með fyrirvörum. Ögmundur Jónasson heilbrigðisráðherra kallaði eftir samstöðu um slíka leið í gær.**

**„Þetta er miklu stærra mál en svo að menn leyfi sér að setja það í hefðbundin hjólför flokkastjórnmála.“ Ætli menn að ræða við stjórnarandstöðu verði menn að vera tilbúnir að slá af kröfum. „Þegar menn tala um að leita samstarfs við stjórnarandstöðu verður að vera einhver innistæða á bak við það. Nú verða menn að snúa bökum saman.“**

**Ögmundur segir stjórnina ekki eiga að standa eða falla með málinu. Krafan standi ekki síður upp á stjórnarandstöðuna, menn verði að komast að sameiginlegri niðurstöðu með þjóðarhag í huga.**

- kóp / sjá síðu 8

Gísli Örn Garðarsson og félagar í Vesturporti með jólasýningu Borgarleikhússins:

## Setja upp Faust með Nick Cave

**MENNING** „Þetta er búið að vera í þróun í svolítinn tíma, hefur fengið að gerjast í hausnum á manni á hliðarlínunni. En núna er vinnan hafin,“ segir Gísli Örn Garðarsson, leikari og leikstjóri. Hann vinnur þessa dagana að nýrri leikgerð Faust ásamt félögum sínum í leikhópnum Vesturporti, þeim Víkingi Kristjánssyni, Birni Hlyni Haraldssyni og Nínu Dögg Filippusdóttur. Auk þess njóta þau liðsinnis hinna heimsþekktu tónlistarmanna Nicks Cave og Warrens Ellis, en tónlist á að spila stóra rullu í sýningunni.

Faust verður jólasýning Borgarleikhússins í ár. Sýningin staldrar þó stutt við á Íslandi því Gísli Örn og hans fólk hefur þegar gengið frá því að hún verður sett upp í Berlín, Hamborg og London. „Svo fer það eftir því hvernig tekst til hvort fleiri hafa áhuga. Það skemmir allavega ekki fyrir að hafa Nick Cave með,“ segir Gísli Örn.

- hdm / sjá síðu 34









**SPURNING DAGSINS**



*Alda, leynist kannski gullkista í skólanum?*

„Já, skólinn er gullkista í álögum.“

Gullkistan, dvalarstaður fyrir skapandi fólk, vildi fá að starfa í Héraðsskólanum á Laugarvatni. Til stendur hins vegar að setja embætti skipulags- og byggingarfulltrúa í skólann. Alda Sigurðardóttir er annar aðstandenda Gullkistunnar.

Rúmlega 100 starfsmenn SPRON fengu ekki greidd laun 1. júlí:

# Mikil reiði meðal starfsmanna

**ATVINNA** Rúmlega 100 starfsmenn SPRON, sem eru á uppsagnarfresti, fengu ekki laun sín greidd 1. júlí. Gera átti upp laun og orlof starfsmanna á þriggja mánaða uppsagnarfresti. Mikil reiði er meðal starfsmanna, segir Ólafur Már Svavarsson, fyrrverandi formaður starfsmannafélags SPRON.

Ástæðan er að slitastjórn SPRON sagði í tilkynningu að lög sem kvæðu á um að fjármálafyrirtæki gæti greitt starfsmönnum sínum í greiðslustöðvun giltu ekki um SPRON því að SPRON hefði aldrei farið í greiðslustöðvun. Tilkynningin var send út daginn áður en greiða átti launin.

Friðbert Traustason, framkvæmdastjóri Samtaka starfsmanna fjármálafyrirtækja, segir þetta fáránlegt þar sem allir í bankageiranum hafi fengið laun sín nema starfsmenn SPRON. Sjálfur vann hann að því að setja lögin sem slitastjórnin vísar til.

„Ekki datt mér í hug að þetta yrði notað gegn SPRON síðar. Slitastjórnin hengir sig í texta laganna,“ segir Friðbert.

Starfsmenn gátu ekki beitt sér í málinu því að tilkynningin var send svo seint, að sögn Ósvalds Knudsen, fyrrverandi starfsmanns SPRON.

„Slitastjórn kemur fram af mikilli hörku og túlkar öll vafaatriði starfsmönnum í óhag. Ef ekkert verður gert í málunum mun þessi stóri hópur hittast og ákveða næstu skref.“



ÁLFHEIÐUR INGADÓTTIR

Álfheiður Ingadóttir, formaður viðskiptanefndar Alþingis, segir fulltrúa frá viðskiptaráðuneytinu hafa komið á fund nefndarinnar 1. júlí og kynnt henni málið. Nefndin vissi ekki af þessu fyrr en þá, að sögn Álfheiðar. - vsp

Bar við partíi í fangaklefanum:

## Skútumaður með fíkniefni

**DÓMSMÁL Einar Jökull Einarsson, höfuðpaurinn úr Pólstjörnumálinu svokallaða, hefur verið dæmdur til að greiða sextíu þúsund króna sekt í ríkissjóð. Hann var tekinn með tvö grömm af e-töfludufti í klefa sínum á Litla-Hrauni í febrúar í fyrra. Hann bar því við að menn hefðu verið að skemmta sér í klefa hans og skilið efnið þar eftir. Því var ekki trúað.**

**Í Pólstjörnumálinu voru fimm manns dæmdir í fangelsi fyrir að flytja til landsins um fjörutíu kíló af fíkniefnum með skútu. Einar Jökull hlaut þyngsta dóminn, níu og hálft ár.** - sh

Greiðsluafkoma ríkissjóðs:

## 37 milljarða tap á 5 mánuðum

**STJÓRNSÝSLA** Handbært fé ríkissjóðs fyrstu fimm mánuði ársins er neikvætt um 37 milljarða króna. Þetta er 72,4 milljörðum lakari útkoma en í fyrra, þegar 35,4 milljarða rekstrarafgangur varð.

Tekjur fyrstu fimm mánuði ársins voru rúmlega 172 milljarðar króna, 22,3 milljörðum lægri en á sama tíma í fyrra. Gjöldin í ár voru 209 milljarðar, 50 milljörðum hærri en í fyrra. Áætlun fjárlaga gerði ráð fyrir að innheimtar tekjur yrðu rúmlega 184 milljarðar króna og er frávikið því 12 milljarðar. Munar þar mestu um lægri skatttekjur á vöru og þjónustu en gert var ráð fyrir í áætluninni. - kóp

Reykjanesbær:

## Samningurinn samþykktur

**VIÐSKIPTI Samningur Reykjanesbæjar og Geysis Green Energy um kaup og sölu á hlutum í HS Orku og HS Veitu var samþykktur af meirihluta sjálfstæðismanna í bæjarráði Reykjanesbæjar í gær. Samningurinn verður innan skamms lagður fyrir bæjarstjórn til endanlegrar afgreiðslu.**

**Fram kemur í tilkynningu að með samningnum sé Reykjanesbær að eignast 66,7 prósent í veituhluta Hitaveitu Suðurnesja og tryggja að auðlindin verði komið í opinbera eigu. „Reykjanesbær verður því meirihlutaeigandi í HS veitum sem sinnir því upprunalega hlutverki Hitaveitu Suðurnesja að veita heitu og köldu vatni ásamt rafmagni til íbúa. Ferskvatnslindir eru einnig í eigu HS veitna. Forgangur íbúa af rafmagni, heitu og köldu vatni er tryggður með umræddum samningum.“**

# Foreldrar hlynntir styttingu skólaársins

**Skoðanakönnun Heimilis og skóla gefur sterka vísbendingu um að foreldrar vilji stytta skólaárið frekar en að skerða grunnþjónustu. Menntamálaráðherra hafnar leiðinni án samþykkis kennara, sem áður hafa hafnað leiðinni.**

**SVEITASTJÓRNARMÁL** Ný skoðanakönnun Heimilis og skóla bendir til að meirihluti foreldra grunnskólabarna sé hlynntur því að skólaárið verði stytt sem bráðabirgðalausn á fjárhagsvanda sveitarfélaganna. Menntamálaráðherra hefur hafnað því að leggja fram frumvarp um styttingu skólaársins, eins og Samband íslenskra sveitarfélaga (SÍS) hefur gert að tillögu sinni, nema með fullri sátt við Kennarasamband Íslands (KÍ), sem hefur áður hafnað hugmyndinni staðfastlega.

SÍS hefur að undanförnu reynt að vinna svokallaðri fimm prósent leið brautargengi, en hún gengur út á að starfsfólk sveitarfélaganna taki á sig fimm prósenta launaskerðingu mót tíu daga frítöku á ári. Útfærsla þessarar leiðar innan grunnskólanna væri að stytta skólaárið úr 180 í 170 daga.

SÍS fundaði með menntamálanefnd Alþingis á þriðjudag. Í greinargerð sem SÍS tók saman fyrir nefndina kemur fram að Katrín Jakobsdóttir menntamálaráðherra lýsti því yfir á fundi með SÍS í byrjun júní „að ekki yrði lagt fram frumvarp um fækkun skóladaga nema í fullri sátt við KÍ“, eins og segir í greinargerðinni.

Halldór Halldórsson, formaður SÍS og bæjarstjóri á Ísafirði, segir að með þessu hafi hugmyndin verið gott sem slegin út af borðinu með afstöðu ríkisvaldsins. „Ef við fáum ekki menntamálaráðherra til að vinna að þessu með okkur á þessum nótum þá verðum við að finna nýjar leiðir.“ Halldór segir dæmið mjög einfalt ef nýjar hugmyndir sem skila verulegri lækkun kostnaðar innan sveitarfélaganna koma ekki fram. „Þetta þýðir töpuð störf, það er algjörlega ljóst. Þá verður að fækka stofnunum sveitarfélaga og segja upp starfsfólki.“



**FRÁ AUSTURBÆJARSKÓLA** Skoðanakönnun Heimilis og skóla gefur sterkar vísbendingar um að foreldrar vilji stytta skólaárið, svo lengi sem það kemur ekki niður á gæðum námsins. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

> Þetta þýðir töpuð störf, það er algjörlega ljóst. Þá verður að fækka stofnunum sveitarfélaga og segja upp starfsfólki.
>
> **HALLDÓR HALLDÓRSSON**
> FORMAÐUR SÍS OG BÆJARSTJÓRI

Sjöfn Þórðardóttir, formaður Heimilis og skóla, segir að félagið hafi gert könnun á meðal þrjú þúsund foreldra til að grennslast fyrir um viðhorf foreldra til styttingar skólaársins. „Foreldrar eru hlynntir styttingu skólaársins, fremur en að skera niður aðra grunnþjónustu innan sveitarfélaganna. Í fyrirspurnum til okkar kemur þessi afstaða einnig sterkt fram.“ Úrvinnsla gagna úr könnunni stendur enn yfir og niðurstöður hennar verða birtar síðar, auk þess sem ítarlegri viðbótarkönnun verður gerð á haustmánuðum. Sjöfn segir jafnframt að hafa beri í huga hversu ólík sveitarfélögin eru og þarfir íbúanna þess vegna; það komi greinilega fram í afstöðu þeirra sem spurðir voru. svavar@frettabladid.is

Umboðsmaður Alþingis:

## Ákæruvaldið braut á ökufanti

**LÖGREGLAN** Ákæruvaldið hafði áður brotið á manninum sem keyrði nýlega á slökkvistöðina í Skógarhlíð, að mati Umboðsmanns Alþingis.



TRYGGVI GUNNARSSON

Ökumaðurinn sakaði þá lögregluna um að hafa ekki aðhafst vegna þjófnaðar sem hann varð fyrir sumarið 2006. Hann hafði leigt húsnæði og ósætti orðið um leigulok. Leigusalinn lagði hald á eigur hans, en lögreglan vildi ekki skipta sér af því. Eftir þetta fór maðurinn með málið til ríkissaksóknara, en hann sagði að kærufrestur málsins væri liðinn. Undan þessu kvartaði maðurinn og Umboðsmaður segir nú að saksóknara hafi borið að endurskoða málið.

Tryggvi Gunnarsson er Umboðsmaður Alþingis. - kóþ

Verkalýðsfélag Akraness:

## Kosið verði um samkomulagið

**VINNUMARKAÐUR Kjósa á um samkomulagið milli ASÍ og SA, sem var undirritað á dögunum, enda hefur hinn almenni verkamaður orðið af 54.000 krónum nú þegar, þar sem ekki hefur verið staðið við gamla kjarasamninginn, segir í frétt frá Verkalýðsfélagi Akraness.**

**„Verkafólk hefur því miður enga burði til að gefa af sínum launum í ljósi þess að ríki, sveitarfélög, verslunareigendur, olíufélög, tryggingafélög og aðrir þjónustuaðilar varpa sínum vanda beint út í verðlagið,“ segir þar. Ætli meirihluti verkalýðshreyfingar að taka samkomulaginu, sé það „skýlaus krafa“ að slíkt verði lagt í allsherjaratkvæðagreiðslu.** - kóþ




Innsiglishringur úr tólf karata gulli fannst við lagfæringar á Þingvallakirkju:

# Gersemi fannst undir stéttinni

**MENNING** Glæsilegur innsiglishringur fannst við fornleifauppgröft fyrir framan kirkjudyrnar á Þingvallakirkju nýlega. Líklegt er talið að hringurinn sé frá 18. öld eða jafnvel eldri, samkvæmt greiningu Antons Holt, myntsérfræðings hjá Seðlabanka Íslands.

Margrét Hrönn Hallmundsdóttir fornleifafræðingur fann hringinn. Hún segir að greining Antons sýni að gullið í hringnum sé tólf karöt og skrautsteinninn sé af gerðinni „heliotrop“, stundum nefndur blóðsteinn. „Þetta er tiltölulega mjúkur hálf eðalsteinn, oft notaður í innsigli. Talið er að á innsiglinu séu stafirnir FI eða J og bæði má sjá skjöld og kross á steininum og hugsanlega kórónu,“ segir Margrét.

Fundurinn góði er tilkominn vegna lagfæringa á Þingvallakirkju í tilefni 150 ára afmælis hennar, en hún var vígð á jóladag 1859. Meðal annars voru tröppur að kirkjunni endurgerðar og stétt við kirkjuna lagfærð. Jarðvegskipti voru undir eftirliti Margrétar, sem segir að mikið magn gripa hafi kom fram. „Þeirra merkastur er hringurinn, sem fannst milli hellna fyrir framan kirkjuna.“ - shá



**HRINGURINN** Er talinn vera rúmlega 200 ára gamall en ber aldur sinn vel. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



# Skógarhátíð

## á Ásabrekku á laugardag




**Laugardaginn 4. júlí kl. 14.00 verður skógarreiturinn að Ásabrekku í Ásahreppi formlega tekinn inn í verkefnið „Opinn skóg“. Að því tilefni blásum við til skógarhátíðar!**

### DAGSKRÁ

- Svandís Svavarsdóttir umhverfisráðherra opnar skóginn formlega með ávarpi.
- Söngsveit heimamanna flytur skógarlög.
- Skógarhlaup og ratleikur.
- Allir yngri en tólf ára fá trjáplöntu að launum fyrir þátttökuna.
- Veitingar í boði kvenfélagsins á staðnum.

**SKEMMTUM OKKUR ÖLL SAMAN Í SKÓGINUM!**

*Skógræktarfélag Rangæinga, Skógræktarfélag Íslands og Ásahreppur.*

ENNEMM / SÍA / NM38515




Með stuðningi AVANT við skógræktarstarf opnast spennandi áningarsvæði í alfaraleið þar sem njóta má náttúrunnar í skógarrjóðrum á leið um landið!

AVANT óskar landsmönnum öllum til hamingju með sælureiti „Opinna skóga“ og vonar að sem flestir njóti þeirra til áningar, útivistar og heilsubótar.

**Líttu við í „Opnum skógi“ í sumar!**

---

„Opinn skógur“ er samstarfsverkefni Skógræktarfélags Íslands og aðildarfélaga þess víðs vegar um landið. Markmiðið er að opna skógræktarsvæði í eigu og umsjón skógræktarfélaga og gera þau aðgengileg almenningi.

OPINN SKÓGUR

AVANT

Styttu þér leið

## GENGIÐ 02.07.2009

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 126,46 | 127,06 |
| Sterlingspund | 206,97 | 207,97 |
| Evra | 177,90 | 178,90 |
| Dönsk króna | 23,891 | 24,031 |
| Norsk króna | 19,882 | 20,000 |
| Sænsk króna | 16,485 | 16,581 |
| Japanskt jen | 1,3068 | 1,3144 |
| SDR | 195,52 | 196,68 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
230,4049

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Skóli við Barónsstíg skoðaður með opnum huga hjá Reykjavíkurborg en skólastjóri gagnrýnir tímasetninguna:

# Efasemdir um nýjan skóla á erfiðum tímum

**MENNTAMÁL** „Við hljótum að skoða þetta með opnum huga eins og aðrar hugmyndir sem við fáum á okkar borð,“ segir Kjartan Magnússon, formaður menntaráðs Reykjavíkur, um hugmyndir um nýjan grunnskóla á Barónsstíg.

Eins og fram kom í Fréttablaðinu í gær vill hópur fjögurra einstaklinga setja á fót grunnskóla í gömlu Heilsuverndarstöðinni á Barónsstíg. Þetta eru Ólafur Stefánsson handknattleiksmaður, Edda Huld Sigurðardóttir, fyrrverandi skólastjóri Ísaksskóla, Þorvaldur Þorsteinson listamaður og Jenný Guðrún Jónsdóttir kennari. Haft var eftir Eddu Huld að undirbúningur að leyfisumsóknum væri á lokastigi og að rætt yrði við Hönnu Birnu Kristjánsdóttur borgarstjóra í næstu viku. Í skólanum verði lögð sérstök áhersla á skapandi starf.

„Áhersla á skapandi starf hugnast mér alltaf vel en það er svo sannarlega til staðar í borgarreknum skólum og hefur alltaf verið að aukast og það er hið besta mál,“ segir Oddný Sturludóttir, fulltrúi Samfylkingar í menntaráði.

Oddnýr ítrekar að þar sem erindi nýja skólans hafi enn ekki borist menntaráði geti hún lítið tjáð sig um málefni hans. Hreiðar Sigtryggsson, skólastjóri Langholtsskóla, formaður Félags skólastjóra og áheyrnarfulltrúi skólastjóra í menntaráði, segir allt skapandi skólastarf vera jákvætt en hafa verði í huga forsendurnar í samfélaginu í erfiðu efnahagsástandi. „Það er niðurskurður í fræðslumálum og skólarnir berjast í bökkum. Nemendum hefur fækkað í borginni og rekstrargrundvöllur þeirra skóla sem sveitarfélagið rekur er mjög erfiður. Þá veltir maður því fyrir sér hvort borgin eigi að taka þátt í stofnun nýrra skóla sem væntanlega óska eftir framlagi frá borginni á hvern nemanda,“ segir Hreiðar. -gar



**GAMLA HEILSUVERNDARSTÖÐIN** Hugmyndir eru um barnaskóla í húsinu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**Í RÚSTUNUM** Tugir manna slösuðust í árásinni. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Árásir í Pakistan halda áfram:

## Sjálfsmorðsárás varð sex að bana

**PAKISTAN, AP** Að minnsta kosti sex manns létu lífið í sjálfsmorðsárás í Pakistan í gær. Um tuttugu manns slösuðust í árásinni.

Árásarmaðurinn var á mótorhjóli og klessti á rútu sem í voru starfsmenn varnarmálaráðuneytis landsins. Að sögn embættismanns störfuðu fórnarlömbin við vopnagerð í hernum.

Árásin varð í Rawalpindi, þar sem pakistanski herinn hefur höfuðstöðvar. Borgin er um tólf kílómetra frá höfuðborginni Islamabad. Árásin í gær var sú síðasta í röð sprenginga í landinu. Stjórnvöld í Noregi tilkynntu í gær að sendiráð þeirra í Pakistan yrði lokað fram yfir helgi að minnsta kosti, í öryggisskyni. - þeb

### LEIÐRÉTTING

Björgólfur Thor Björgólfsson hefur ekki verið meðal stærstu hluthafa Eimskips, líkt og hermt var í blaðinu á þriðjudag. Faðir hans, Björgólfur Guðmundsson, eignaðist ráðandi hlut í því 2006-2007 í gegnum fjárfestingarfélagið Gretti. Vexti Eimskips, sem þá var undir stjórn Magnúsar Þorsteinssonar og Baldurs Guðnasonar, var þá að mestu lokið.

# Arnarnesræningjar í áralangt fangelsi

**Menn sem ruddust inn á eldri hjón á Arnarnesi, börðu þau og rændu, voru dæmdir í tveggja og tveggja og hálfs árs fangelsi. Stúlka sem hvatti til verksins fékk 15 mánuði. Barnabarn mannsins slapp með fimm mánaða skilorðsbundinn dóm.**

**DÓMSMÁL** Kristján Víðir Kristjánsson, 31 árs, og Hlynur Ingi Bragason, 22 ára, voru í gær dæmdir í tveggja og hálfs og tveggja ára fangelsi fyrir hrottalegt rán á Arnarnesi í lok apríl síðastliðins. Tvítug stúlka, Laufey Jóhanna Sigurpálsdóttir, sem beið í bíl fyrir utan og hvatti þá áfram, hlaut fimmtán mánaða fangelsi.

Barnabarn hjónanna, sautján ára stúlka, fékk fimm mánaða skilorðsbundinn dóm fyrir að benda ræningjunum á hús þeirra. Hún bar því við að hún hefði ekki vitað að um rán yrði að ræða – heldur einungis innbrot. Það var tekið til greina og leiddi til þess að refsing hennar var mun vægari en ella.

Kristján lagði á ráðin um ránið ásamt Laufeyju í þrjá daga, að því er segir í dómnum, vegna þess að þau þurftu að komast yfir peninga fyrir fíkniefnum. Bæði voru þau undir miklum áhrifum þetta kvöld og höfðu meðal annars sprautað sig með kókaíni. Þau fengu Hlyn til liðs við sig þegar Kristján treysti sér ekki til að ganga einn í verkið.

Laufey lét tvímenningana hafa hníf og að því búnu bönkuðu þeir upp á hjá hjónunum. Þetta var skömmu fyrir miðnætti á kosningakvöld og hjónin sátu og horfðu á sjónvarpið. Þegar konan, sem er 73 ára, kom til dyra ruddist Kristján inn og sló hana þremur þungum höggum í höfuðið.

Hlynur fór því næst niður í kjallara og sótti manninn, 82 ára. Hann beindi að honum flökunarhníf og hótaði honum lífláti.

Hjónin voru látin liggja á grúfu og máttu sig hvergi hræra á meðan Kristján lét greipar sópa um húsið með miklum skarkala, að því er segir í dómi. Hlynur stóð yfir þeim og hótaði þeim stöðugt lífláti.

Kristján sópaði að sér öllum verðmætum sem hann gat fundið; seðlaveski með fimmtíu þúsund krónum, fartölvu, símum og skartgripum að verðmæti rúm milljón, þar með talið hringum af fingrum konunnar.

Að því loknu var hjónunum tjáð að ef þau hreyfðu sig á næstu fimmtán mínútum yrðu þau skotin á færi. Ræningjarnir skáru síðan á símalínur áður en þeir hurfu út í nóttina.

Fólkið náðist eftir að Kristján og Laufey reyndu að koma hluta skartgripanna í verð í verslun í borginni.

Allt játaði fólkið brot sín en mennirnir þrættu fyrir það að hafa hótað hjónunum. Orð hjónanna voru hins vegar tekin trúanlegri.

Mennirnir hafa sætt gæsluvarðhaldi frá því þeir voru handteknir. Þeir hafa áður komið við sögu lögreglu, þó ekki fyrir jafnalvarleg brot. stigur@frettabladid.is





**NEITUÐU HÓTUNUM** Ræningjarnir neituðu því að hafa hótað hjónunum en voru ekki teknir trúanlegir. Hlynur var jafnframt sviptur ökurétti ævilangt fyrir að aka undir áhrifum fíkniefna. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Silja Bára Ómarsdóttir:

## Umræða um nefndir sé röng

**UTANRÍKISMÁL Silja Bára Ómarsdóttir stjórnmálafræðingur segir misskilnings gæta varðandi umræður um samninganefndir Breta og Hollendinga í Icesave-málum. Í þeim hafi setið embættismenn úr fjármálaráðuneytum landanna.**



**SILJA BÁRA ÓMARSDÓTTIR**

**Kveikja orða Silju Báru, sem finna má á heimasíðu hennar, er fullyrðingar Jóns Daníelssonar hagfræðings um að nefndarmenn landanna tveggja hafi verið reyndir samningamenn en Íslendingar hafi teflt fram stjórnmála- og embættismönnum. Hún segir íslensku nefndina í raun hafa breiðari bakgrunn. Þá hvetur hún Jón til að tilgreina þau mistök sem hann segir hafa verið gerð í samningunum.** - kóp

Dómstóll í Indlandi:

## Samkynhneigð er ekki refsiverð

**INDLAND** Dómstóll í Nýju-Delí á Indlandi hefur úrskurðað að það sé brot á grundvallarréttindum að samkynhneigð sé refsiverð.

Dómurinn er tímamótadómur í Indlandi, þar sem kynlíf tveggja manneskja af sama kyni er refsivert og getur varðað allt að tíu ára fangelsi. Lengi hefur verið barist fyrir því að lögunum verði breytt.

Átta ár eru frá því að óskað var eftir því að dómurinn tæki málið fyrir. Margir trúarleiðtogar hafa mótmælt niðurstöðunni harðlega og vilja ekki að lögunum verði breytt. Hægt verður að áfrýja dómnum til hæstaréttar landsins. - þeb




## VEÐURSPÁ



Soffía Sveinsdóttir
Veðurfréttamaður

**VÆTUSÖM HELGI**
Bjartast verður sunnanlands í dag og horfur eru á einum hlýjasta deginum í þessum hlýindakafla sem nú ríkir. Um helgina eru horfur á vætu með köflum í flestum landshlutum en áfram verður hlýtt og frekar hægur vindur.



**Á MORGUN**
Frekar hæg austlæg átt.

**SUNNUDAGUR**
SA- eða A-átt, 5-10 m/s.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 31° |
| Bassel | 30° |
| Berlín | 30° |
| Billund | 26° |
| Eindhoven | 26° |
| Frankfurt | 30° |
| Friedrichshafen | 25° |
| Gautaborg | 25° |
| Kaupmannahöfn | 25° |
| Las Palmas | 24° |
| London | 25° |
| Mallorca | 30° |
| New York | 27° |
| Orlando | 34° |
| Ósló | 28° |
| París | 26° |
| San Francisco | 24° |
| Stokkhólmur | 24° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

# Frábært verð
## á raftækjum

OPIÐ til 20 alla daga

Öll raftæki fást í Smáralind, minna úrval í öðrum verslunum

**UNITED**

**Glæsilegur DVD ferðaspilari**
DVP7046
- Fjölkerfa DVD spilari - Svartur
- 7" LCD breiðtjaldsskjár
- Spilar DVD, DVD-R/RW, DVD+R/RW, og (S)VCD
- Spilar CD, CD-R/RW, DivX (MPEG-4, DivX 3.11, DivX 4.x, DivX 5.x), MP3 og JPEG
- Dolby Digital
- AV út og heyrnartólstengi
- Hleðslurafhlaða fylgir
- Spennubreytir fylgir
- Taska og bílhleðslutæki fylgja

**17.990kr**
Fullt verð 19.990



**TOSHIBA**

**19" LCD sjónvarp með DVD spilara**
19DV555DG
- 19" LCD 16:10 sjónvarp
- Innbyggður DVD spilari
- Upplausn: 1440x900
- HD-Ready
- Birtustig: 350 cd/m²
- Sjónsvið: 160°
- Textavarp með 256 síðna minni
- Nicam Stereó hljóðkerfi
- Stafrænn móttakari (DVB-T)
- HDMI, Component, Composite & Scart tengi
- Digital Coaxial, CF & heyrnatólstengi

**79.990kr**
Fullt verð 94.990



MEÐ DVD SPILARA OG STAFRÆNUM MÓTTAKARA

**Panasonic**



**Panasonic stafræn myndavél** DMCFS3BLEIK
- Stafræn myndavél með 8,1 milljón punkta upplausn
- Venus Engine IV • Face Detection
- Intelligent Scene Selection • MEGA OIS hristivörn í linsu
- LEICA DC Vario - Elamrit linsa
- 3x Optical Zoom og 4x Digital Zoom
- Linsa: 5.5 - 16.5mm (35mm Samb. 33-100mm)
- ISO 100-1600 • 21 Scene Programmes
- 2.5" LCD skjár (230.000 pixlar)
- Hágæða hreyfimyndataka (Hámarksupplausn: 16:9 848x480 - 30fps)
- 50MB Innra minni og rauf fyrir SD/SDHC kort
- Rafhlaða endist allt að 330 myndir
- Hleðslutæki og hugbúnaður fylgja
- Litur: Bleik

**24.990kr**
Fullt verð 32.990

**ide line**



**Ideline kaffivél**
745112
- 800w kaffivél
- 1,2 lítra - 10 Bollar
- Dropastoppari
- Litur: Hvít

**3.990kr**
FRÁBÆRT VERÐ

**exido**



**9.990kr**
FRÁBÆRT VERÐ

**Exido safapressa**
244002
- Öflug safapressa
- Tekur hart grænmeti og heila ávexti
- Engin þörf á að taka fræin úr eða börkin af
- Tvær hraðastillingar
- 1,8 lítra matari
- Auðvelt að taka í sundur og hreinsa

**TOSHIBA**



**Toshiba DVD Spilari**
SD186
- Progressive Scan
- Spilar DVD, DVD+R/RW, DVD-R/RW og (S)VCD og DivX
- Spilar CD, CD-R/RW og JPEG
- Dolby Digital og DTS
- Scart (með RGB), Component og CVBS tengi
- Digital Coaxial tengi
- Fjarstýring

**11.990kr**
FRÁBÆRT VERÐ

**PHILIPS**



**Philips þráðlaus DECT sími**
CD1401B
- Þráðlaus DECT sími
- 20 númer í minni
- 12 tíma hleðsla í notkun og 5 dagar í bið
- Endurval í síðustu 10 númer
- Sýnir númer sem hringir

**5.490kr**
FRÁBÆRT VERÐ

**PHILIPS**



**Philips MP3 spilari með innbyggðum diktafón** SA1942
- Lítill og nettur MP3 spilari
- 4GB
- Innbyggður diktafónn
- Innbyggður míkrafónn
- Styður MP3/WAV/WMA
- Equalizer - tónjafnari
- Skýr LCD skjár
- Lithium rafhlaða með allt að 27 klukkustunda afspilun
- Hugbúnaður, kaplar og heyrnartól fylgja

**9.990kr**
FRÁBÆRT VERÐ

Gildir til 9. júlí eða á meðan birgðir endast.
Með fyrirvara um villur í texta.

**HAGKAUP**
Ein ferð betra verð

**KJÖRKASSINN**



*Hefur þú séð sýningu í Þjóðleikhúsinu nýlega?*

| | |
|---|---|
| Já | 12,6 |
| Nei | 87,4 |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Á ríkisstjórnin að leggja áherslu á Vaðlaheiðargöng frekar en Suðurlandsveg?*

Segðu þína skoðun á Vísi.is

Vísir

Hús Hannesar Smárasonar og Björgólfs Guðmundssonar lituð rauð:

# Slett á einbýlishús auðmanna

**SKEMMDARVERK** Rauðri málningu var slett á hús tveggja auðmanna í Reykjavík aðfaranótt fimmtudags.

Lögreglu var tilkynnt í gærmorgun að slett hefði verið á hús Hannesar Smárasonar við Fjölnisveg og á hús Björgólfs Guðmundssonar við Vesturbrún. Varðstjóri hjá lögreglu gat ekkert upplýst um rannsókn málsins í gærkvöldi. Einhverjar myndavélar hefðu verið til staðar, en óvíst væri hvort nokkuð hefði náðst á þær. Varðstjórinn kvað fátítt að slett væri á hús, en algengt að úðað væri á þau.

Í júní var einnig slett á hús Björgólfs Thors Björgólfssonar við Fríkirkjuveg 11. **- kóþ**





**HÚSIN VIÐ VESTURBRÚN OG FJÖLNISVEG** Í gærmorgun kom í ljós að rauði málningu hafði verið slett á húsin. Hús Björgólfs er til vinstri en Hannesar til hægri.

Áskorun á forseta Íslands:

# Þjóðaratkvæði um Icesave

**STJÓRNMÁL** Undirskriftasöfnun er hafin á www.kjosa.is þar sem skorað er á Ólaf Ragnar Grímsson að neita að staðfesta lagafrumvarp um Icesave-samninginn. Þannig mundi þjóðin fá að kjósa um samninginn í þjóðaratkvæðagreiðslu.

„Ríkisábyrgð vegna samninganna getur raskað lífi þjóðarinnar stórkostlega um ókomin ár. Að hafna ábyrgðinni getur á sama hátt orðið afdrifaríkt,“ segir í áskoruninni. Ekki er tekin afstaða með eða á móti samningnum.

Samkvæmt 26. gr. stjórnarskrárinnar getur forseti synjað lagafrumvarpi staðfestingar og fær það engu að síður lagagildi. **- vsp**

Starfshópur skipaður:

# Endurskoðar stjórn fiskveiða

**SJÁVARÚTVEGSMÁL Jón Bjarnason sjávarútvegsráðherra hefur skipað starfshóp til að endurskoða fyrirkomulag fiskveiðistjórnunar. Hópurinn samanstendur af fólki úr öllum stjórnmálaflokkum og hagsmunaaðilum.**



GUÐBJARTUR HANNESSON

**Verkefni starfshópsins verður að skilgreina helstu álitaefni, sem fyrir hendi eru í löggjöfinni og lýsa þeim. Hann láti vinna nauðsynlegar greiningar og setji að því loknu fram valkosti um leiðir til úrbóta svo sem víðtækust sátt náist um fiskveiðistjórnunina meðal þjóðarinnar. Guðbjartur Hannesson alþingismaður er formaður hópsins, sem á að skila álitsgerð fyrir 1. nóvember næstkomandi.** **- shá**

Ákvörðun Samkeppniseftirlits:

# Bannar 3G-tilboð Símans

**SAMKEPPNISMÁL** Samkeppniseftirlitið hefur bannað til bráðabirgða tilboð Símans, sem boðið hefur 3G-netlykil og áskrift „fyrir núll krónur í allt sumar“.

Sennilegt er talið að með tilboðinu sé Síminn að misnota markaðsráðandi stöðu sína, að því er fram kemur í tilkynningu frá Samkeppniseftirlitinu. Tilboðið sé til þess fallið að skaða samkeppni á viðkvæmum og nýlegum markaði.

Símafyrirtækið Nova kærði Símann til Samkeppniseftirlitsins, og verður Símanum óheimilt að bjóða upp á umrætt tilboð á meðan eftirlitið rannsakar málið. **- bj**

# Tvöföldun Vesturlandsvegar brýnni en Vaðlaheiði

**Umferð á Vesturlandsvegi er 11 sinnum meiri en um Víkurskarð. Vaðlaheiðargöng eru hins vegar 63 sinnum dýrari á hvern bíl en tvöföldun Vesturlandsvegar. Allt var tilbúið fyrir útboð í júlí segir bæjarstjóri Mosfellsbæjar.**

**SAMGÖNGUR** „Það er mjög bagalegt fyrir umferðaröryggi ef fresta á aðgerðum á Suður- og Vesturlandsvegi,“ segir Ágúst Mogensen, forstöðumaður Rannsóknarnefndar umferðarslysa (RNU).

Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu og bæjarráð Mosfellsbæjar mótmæla harðlega forgangsröðun verkefna samgönguráðherra í vegagerð. Bæjarráðið vill að tvöföldun á Vesturlandsvegi, frá Hafravatnsvegi að Þingvallavegi, verði í forgangi.



ÁGÚST MOGENSEN

„Þörfin fyrir vegbætur er mun brýnni þar en á Vaðlaheiði,“ segir Haraldur Sverrisson, bæjarstjóri Mosfellsbæjar.



HARALDUR SVERRISSON

Engin forgangsröðun hefur átt sér stað, samkvæmt Kristjáni Möller samgönguráðherra í Fréttablaðinu í gær. Kristján hefur hins vegar sagt að undirbúningur Vaðlaheiðarganga sé langt á veg kominn og verkið sé tilbúið til forvals. Undirbúningur verka á höfuðborgarsvæðinu sé styttra á veg kominn.

„Þetta er einfaldlega rangt. Öll gögn voru tilbúin á framkvæmdum við kaflann og til stóð að bjóða verkið út í júlí,“ segir Haraldur.

Ágúst segir RNU leggja mikla áherslu á að næstu skref í umferðaröryggismálum séu á Suður- og Vesturlandsvegi, þar séu flest banaslys. Nefndin hefur ekki fjallað um öryggi við Vaðlaheiði.

Tólf banaslys voru á Suðurlandsvegi, á kaflanum Reykjavík-Selfoss, árin 2002-2008 og sjö á Vesturlandsvegi, á kaflanum Reykjavík-Borgarnes, samkvæmt skýrslu RNU. Eitt banaslys var á veginum um Víkurskarð, sem Vaðlaheiðargöng eiga að koma í staðinn fyrir, á þessu tímabili, samkvæmt Vegagerðinni.

Sem dæmi um hversu dýr framkvæmd Vaðlaheiðargöng eru keyra um 1.190 bílar á dag um vegkaflann sem göngin leysa af hólmi, samkvæmt Vegagerðinni. Það eru 434 þúsund bílar á ári, ellefu sinnum færri en fara um Vesturlandsveg. Áætlaður kostnaður við göngin, sem eru um 7,5 kílómetrar, er um tíu milljarðar, samkvæmt Vegagerðinni. Framkvæmdin tekur allt að fjögur ár og kostar um 2,5 milljarða á ári.

Um 13 þúsund bílar keyra vegkaflann á Vesturlandsvegi á dag, samkvæmt upplýsingum frá Vegagerðinni. Það eru 4,8 milljónir bíla á ári. Framkvæmdin kostar um 450 milljónir og því gerir það um 94 krónur á hvern bíl á ári. Vegurinn er um tveir kílómetrar.

Sveitarstjórnarmenn á Suðurlandi funduðu með samgönguráðherra í fyrradag og vildu að breikkun Suðurlandsvegar yrði í forgangi. Bjóða átti fyrsta kaflann út í sumar sem liggur frá Litlu kaffistofunni að Reykjavík, um sex kílómetra. Gert er ráð fyrir að kostnaður sé um 1.200 milljónir. Á ári keyra um 2,96 milljónir bíla á vegarkaflanum. **vidirp@frettabladid.is**



**VESTURLANDSVEGUR** Um 4,8 milljónir bíla keyra um veginn á ári. Sjö banaslys hafa orðið á veginum frá Reykjavík til Borgarness á síðustu sex árum. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

## Kostnaður á hvern bíl

**Vesturlandsvegur**
4,8 milljónir bíla á ári
450 milljónir króna



**94 kr**

**Vaðlaheiði**
434 þúsund bílar á ári
2,5 milljarðar króna á ári



**5.760 kr**



**Suðurlandsvegur**
2,96 milljónir bíla á ári
1.200 milljónir króna



**406 kr**

Um 4,8 milljónir bíla keyra á ári um vegarkaflann á Vesturlandsvegi sem tvöfalda á. Framkvæmdin kostar um 450 milljónir. Það eru 94 krónur á hvern bíl.

Tvöföldun vegarkaflans á Suðurlandsvegi kostar um 1.200 milljónir. Um 2,96 milljónir bíla keyra um veginn á ári. Það eru um 405 krónur á hvern bíl.

Vaðlaheiðargöng kosta um 2,5 milljarða á ári, samtals tíu milljarða á fjórum árum. Aðeins keyra um 434 þúsund bílar um veginn á ári. Það jafngildir um 5.960 kr. á hvern bíl. Gerð Vaðlaheiðarganga er því 63 sinnum dýrari á hvern bíl en áætluð tvöföldun Vesturlandsvegar.




Samkomulag um nytjar og rannsóknir á lunda í Vestmannaeyjum árið 2009:

# Veiðidögum fækkað í fimm

**UMHVERFISMÁL** Veiðitímabil lunda í Vestmannaeyjum verður aðeins fimm dagar í sumar og hefur verið stytt úr 55 dögum. Ákvörðunin er tekin í ljósi válegrar stöðu lundastofnsins. Þetta er samkomulag á milli Vestmannaeyjabæjar, Náttúrustofu Suðurlands og Félags bjargveiðimanna í Eyjum vegna nytja og rannsókna á lunda fyrir veiðitímabilið 2009.

Hin takmarkaða veiði mun verða nýtt til rannsókna á vegum Náttúrustofu Suðurlands. Sérstaklega verður horft til rannsókna á varpi og afkomu pysja. Auk þess verður horft til fæðuöflunar og annarra þátta er lúta að viðkomu lundastofnsins.

Í samkomulaginu kemur fram að allir sem að því koma telji einsýnt að veiðar hafi lítil áhrif á viðkomu lundastofnsins og ljóst að skýringa á viðkomubresti þurfi að leita annars staðar. Þá segir að samkomulaginu verði að fylgja eftir með stórauknum rannsóknum á sjófuglum og lífríki Vestmannaeyjasvæðisins. Kemur þar fram áskorun á umhverfisráðuneytið og Náttúrufræðistofnun Íslands um að styðja Þekkingarsetur og Náttúrustofu Suðurlands í aukinni áherslu á rannsókir á sjófuglum og lífríki Vestmannaeyja. **- shá**



**Á VEIÐUM** Ein rökin fyrir áframhaldandi veiðum eru menningarlegs eðlis. Lundi hefur verið veiddur í háf í Eyjum síðan árið 1875.





MOSFELLSBÆR

# Sumartorg í Mosfellsbæ

## alla föstudaga í sumar

**Dagskrá sumartorgs:**

| | |
|---|---|
| **3. júlí** | LEIKSKÓLATORG – Brúðubíllinn skemmtir ungu kynslóðinni. |
| **10. júlí** | ÍÞRÓTTATORG – Afturelding stendur fyrir íþróttaskemmtun og Reiðskóli Berglindar býður börnum á hestbak. |
| **17. júlí** | LISTATORG – Skemmtiatriði á vegum Listaskóla Mosfellsbæjar og Leikfélagi Mosfellssveitar. |
| **24. júlí** | UNGMENNATORG – Ungt fólk úr Vinnuskóla Mosfellsbæjar skemmtir. |
| **7. ágúst** | MENNINGARTORG – Menningarsvið Mosfellsbæjar skipuleggur skemmtidagskrá í tilefni af afmæli Mosfellsbæjar sem er 9. ágúst. |
| **14. ágúst** | HUNDATORG – Hundafimisýning á vegum íþróttadeildar HRFÍ. |
| **21. ágúst** | SKÁTATORG – Skemmtun að hætti Skátafélagsins Mosverja. |
| **28.-30. ágúst** | HÁTÍÐARTORG – Bæjarhátíðin Í túninu heima. Útitónleikar, karnival, skrúðganga, listviðburðir, markaðir, listflug, ratleikur og margt fleira. |

## Mosfellsbær – brosandi bær

Alla föstudagseftirmiðdaga í sumar verða líflegar og skemmtilegar uppákomur á Miðbæjartorgi í Mosfellsbæ. Viðburðirnir hefjast kl. 16.30 og er aðgangur ókeypis.

Fyrsta sumartorgið verður haldið föstudaginn 3. júlí þegar Brúðubíllinn mætir á svæðið og skemmtir ungu kynslóðinni. Sumartorginu lýkur með bæjarhátíðinni „Í túninu heima“, fjölskylduskemmtun sem fer fram helgina 28.-30. ágúst.

VIRÐING JÁKVÆÐNI FRAMSÆKNI UMHYGGJA

## VEISTU SVARIÐ?



1. *Hvaða handboltakappi er meðal stofnenda nýs skapandi grunnskóla?*
2. *Hvaða hljómsveit semur lag fyrir nýjustu kvikmynd Sigurjóns Sighvatssonar?*
3. *Hversu marga daga hefur forseti Íslands verið erlendis á árinu?*

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 34

Norður-Kórea heldur áfram kjarnorku- og eldflaugatilraunum sínum:

# Eldflaugum skotið á loft í gær

**NORÐUR-KÓREA, AP** Tveimur eldflaugum var skotið á loft í tilraunaskyni í Norður-Kóreu í gær. Eldflaugunum var skotið á loft í borginni Wonsan. Varnarmálaráðuneyti landsins greindi frá þessu í gær en ekki var greint frekar frá því um hvers kyns eldflaugar hefði verið að ræða. Norður-Kórea hafði sett á siglingabann fram til 10. júlí og var því búist við því að eldflaugum yrði skotið á loft fyrir þann tíma.

Rúmur mánuður er frá því að kjarnorkutilraunir voru framkvæmdar og nokkrum eldflaugum skotið á loft. Í kjölfarið samþykkti Öryggisráð Sameinuðu þjóðanna hertar refsiaðgerðir gagnvart landinu. Bandaríkin reyna nú að fá stuðning Kínverja til þess að framfylgja refsiaðgerðunum betur. Kínverskir embættismenn höfu í gær ferð sína til Rússlands, Japan og Suður-Kóreu, þar sem reynt verður að þrýsta á Norður-Kóreumenn að hætta kjarnorkutilraunum sínum í skiptum fyrir fjárhagsaðstoð og fleira.

Norður-kóresku skipi sem talið var að innihéldi ólögleg vopn var snúið aftur til landsins fyrr í vikunni, en ekki var vitað hvert það átti að fara. Bandarískt eftirlitsskip hafði fylgt skipinu í viku. Eftirlitið var hluti af hertari refsiaðgerðum Sameinuðu þjóðanna gegn Norður-Kóreu. Yfirvöld Norður-Kóreu höfðu sagt að ef skipið yrði stöðvað eða truflað yrði litið á það sem stríðsyfirlýsingu. **- þeb**



**HERÆFING** Suður-kóreski herinn æfði fyrir mögulega árás frá Norður-Kóreu í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Amnesty International:

## Stríðsglæpir á Gasasvæðinu

**ÍSRAEL, AP Framferði Ísraela í árásunum á Gasa í desember og janúar jafngildir stríðsglæpum, að sögn Amnesty International. Yfir 1.400 Palestínumenn, þar af 900 óbreyttir borgarar, létu lífið í þriggja vikna löngum átökunum. Fjöldi heimila á Gasa var jafnframt eyðilagður.**

**Í skýrslu Amnesty eru Ísraelar hvattir til að lofa að hætta að nota ónákvæm vopn, sem geta skaðað almenna borgara. Jafnframt eru Hamas-samtökin hvött til að hætta eldflaugaárásum á ísraelska borgara, og þeim árásum er einnig lýst sem stríðsglæpum. - þeb**

Medvedev og Obama hittast:

## Forseti bjartsýnn fyrir fund

**RÚSSLAND, AP Dmitrí Medvedev Rússlandsforseti sagðist í gær vera vongóður um að Rússland og Bandaríkin gætu fundið nýjar leiðir til samvinnu.**

**Barack Obama Bandaríkjaforseti er væntanlegur í fyrstu heimsókn sína til Rússlands á mánudag. Vonir eru bundnar við að heimsóknin muni bæta samskipti milli landanna. Medvedev hrósaði ríkisstjórn Obamas í ávarpi sínu í gær og sagði hana sýna vilja sinn til að breyta ástandinu og byggja upp betri og nútímalegri tengsl. Þá sagði hann Rússa vera tilbúna að taka þátt í því. - þeb**



**ÁSTKÆR EIGINMAÐUR** Svona leit hin falska dánartilkynning út.

Síbrotamaður dæmdur:

## Í fangelsi fyrir auglýsingu

**DÓMSMÁL** Síbrotamaður á þrítugsaldri hefur verið dæmdur í tveggja mánaða fangelsi fyrir nokkur afbrot, meðal annars að auglýsa andlát samfanga síns á Litla-Hrauni í Morgunblaðinu og reyna með því að svíkja út fé inn á eigin bankareikning undir því yfirskyni að þar færi söfnunarreikningur.

Maðurinn var einnig dæmdur fyrir að hafa í tvígang verið tekinn með fíkniefni í fangaklefa sínum, í eitt sinn örlítið hass og í hitt skiptið tíu grömm af amfetamíni. Maðurinn á mikinn og fjölbreyttan sakaferil að baki frá árinu 2002. **- sh**

# Rætt um Icesave og pissukeppni á þingi

**Frumvarp um ríkisábyrgð vegna Icesave-samninganna var rætt á þingi í gær. Farið var um víðan völl og þingmenn minntu hver annan á ábyrgð sína í málinu. Nokkrir þingmenn Vinstri grænna eru enn óákveðnir í málinu.**

**ALÞINGI** Frumvarp um ríkisábyrgð vegna Icesave-samninganna var tekið til fyrstu umræðu á Alþingi í gær. Umræðan stóð langt fram á kvöld og þingmenn fóru um víðan völl, brigsluðu hver öðrum um ábyrgð og að hlaupast undan henni. Ljóst er að skoðanir eru enn skiptar og sé að marka orð þingmanna er alls óvíst að samningurinn njóti meirihlutafylgis á þingi.

Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra mælti fyrir frumvarpinu. Hann sagði Ísland vera í erfiðri stöðu vegna Icesave-reikninganna og út úr henni væri engin leið góð. Hann væri hins vegar sannfærður um að þeir samningar sem hefðu náðst væru besta leiðin fyrir þjóðina. Hann minnti fyrrverandi valdhafa á ábyrgð þeirra í málinu og skoraði á þingmenn að vera ábyrgir í afstöðu sinni.

Það gerði Ögmundur Jónasson heilbrigðisráðherra einnig, en hann sagðist ekki hafa gert upp hug sinn varðandi málið. Það mundi hann gera í þinglegri meðferð málsins. Hann minnti sjálfstæðismenn á ábyrgð þeirra í málinu. Ögmundur átaldi útrásarvíkingana fyrir þeirra þátt. „Það er ekkert samhengi á milli þess hve lítill þú ert og hve heimskur þú ert. Eða hve lítill þú ert og hve gráðugur og ósvífinn þú ert.“ Gylfi Magnússon viðskiptaráðherra gerði það líka og kallaði Icesave mesta glannaskap Íslandssögunnar.

Þingmenn Sjálfstæðis- og Framsóknarflokks gagnrýndu Samfylkinguna fyrir að hlaupast undan ábyrgð á málinu. Birkir Jón Jónsson minnti á að Icesave-innistæðurnar hefðu áttfaldast á meðan Samfylkingin stýrði viðskiptaráðuneytinu og utanríkisráðuneytinu.

Undir þetta tók Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir og átaldi málflutning Samfylkingarinnar. Hún væri í frúnni í Hamborg, en nýju bannorðin væru um setu flokksins í fyrri stjórn. Hún sagði fyrri ríkisstjórn vissulega hafa gert einhver mistök, þó að margt hefði verið vel gert, og átti orðastað við Árna Pál Árnason félagsmálaráðherra um ábyrgð Samfylkingarinnar. „Viðurkennið nú að þið hafið gert mistök. Reynið nú að viðurkenna það. Ég nenni ekki að vera í einhverri pissukeppni, því tæknilega séð mun hæstvirtur félagsmálaráðherra alltaf sigra þá keppni.“

Stjórnarandstæðingar kvörtuðu yfir því að fáir stjórnarliðar tóku til máls, sérstaklega þegar leið á kvöldið. Ragnheiður E. Árnadóttir kallaði til dæmis eftir því að þær Guðfríður Lilja Grétarsdóttir og Lilja Mósesdóttir, sem báðar hafa lýst yfir efasemdum, skýrðu afstöðu sína í pontu.

kolbeinn@frettabladid.is



**UMRÆÐUR** Þingmönnum var heitt í hamsi á þingi í gær og minntu hverjir aðra á ábyrgð sína og brigsluðu þeim um að hlaupast undan henni. Ljóst er að afdrif þingsályktunartillögur velta á afstöðu nokkurra þingmanna Vinstri grænna sem ekki hafa enn gert upp hug sinn. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM




**TEKUR VIÐ VERÐLAUNUM** Gunnar Gunnarsson tekur við Red Dot Design-verðlaununum á mánudag.

Íslendingur fær verðlaun:

## Hlaut fyrir þróun umgjarða

**TÆKNI** Gunnar Gunnarsson, sjóntækjafræðingur og hönnuður hjá Reykjavík Eyes, hlaut evrópsku Red Dot Design-verðlaunin í Essen í Þýskalandi á mánudag. Verðlaunin hlaut hann fyrir hönnun og þróun gleraugnaumgjarða.

„Það er alltaf gaman að fá verðlaun því þau eru viðurkenning á því að maður sé að gera eitthvað af viti,“ segir Gunnar.

„Þetta eru afar eftirsótt verðlaun og ég get ekki verið annað en ánægður með að hreppa þau í ár,“ segir Gunnar. Í vor hlaut Gunnar Universal Design-verðlaunin fyrir þá tækni sem liggur að baki umgjörðunum. **- vsp**

### EVRÓPA

**Ljótir ávextir ekki bannaðir**

Reglum Evrópusambandsins, sem kveða á um að afmyndaðir ávextir og grænmeti sé ekki selt í verslunum, hefur nú verið breytt. Nú verða 26 tegundir seldar án útlitsstakmarkana, en vinsælustu tegundirnar mun nú þurfa að merkja sérstaklega séu þær afmyndaðar.

### SJÁVARÚTVEGSMÁL

**Gefa ráð um ráðgjöf**

Með vísan til stefnuyfirlýsingar ríkisstjórnarinnar hefur Jón Bjarnason, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, skipað fjögurra manna ráðgefandi hóp varðandi veiðiráðgjöf og nýtingu sjávarauðlinda og ástand í lífríki sjávar.


AUKAKRÓNUR

410 4000 | landsbankinn.is



AUKAKRÓNUR

5 barnagallar á ári fyrir Aukakrónur

Þú getur keypt nýjan ungbarnagalla fyrir hverja árstíð og einn til viðbótar í **66°Norður** fyrir Aukakrónurnar sem safnast þegar þú notar A-kortið þitt – eða eitthvað annað sem þig langar í hjá samstarfsaðilum Aukakróna.*

Sæktu um A-kort á **www.aukakronur.is**

* M.v. 150 þúsund kr. innlenda verslun á mánuði, þ.a. 1/3 hjá samstarfsaðilum. Sjá nánar á www.aukakronur.is.

**A-kortin**
Kreditkort sem safna Aukakrónum fyrir þig

Landsbankinn

NBI hf. (Landsbankinn), kt. 471008-2080
ENNEMM / SÍA / NM38413

# Endurgreiðslan getur komið þér út í búð að versla...




## ...og Vildarpunktarnir til útlanda



Með e-Vildarkortinu færðu bæði endurgreiðslu og Vildarpunkta af innlendum færslum. Einnig veita yfir **200 samstarfsfyrirtæki e-kortanna** viðbótarendurgreiðslu. Endurgreiðslan er í **beinhörðum peningum og hana geturðu notað í hvað sem þú vilt.** Svo er upplagt að skella sér til útlanda fyrir Vildarpunktana!

**Ertu ekki örugglega með rétta kortið?**

Nánar á www.ekortin.is




e-Vildarkortið kemur vel út – heima og heiman!

KAUPÞING

VILDARKORT
ekortin.is



**SIGRI FAGNAÐ** Hafnaboltinn er nú í fullum gangi í Bandaríkjunum. Kevin Youkilis hjá Boston Red Sox fagnar hér sigri gegn Baltimore Orioles á miðvikudag. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

**DÓMSTÓLAR**

### Skilorð fyrir að svíkja út staðsetningartæki

Karlmaður og kona á þrítugsaldri voru dæmd í eins og tveggja mánaða skilorðsbundið fangelsi. Meðal þeirra brota sem fólkið hafði framið var að svíkja út GPS-staðsetningartæki á kostnað Björgunarsveitarinnar Kyndils á Kirkjubæjarklaustri.

# Sókn gegn afganskri uppreisn

**Bandaríski herinn hefur hafið mikla sókn gegn uppreisnarmönnum í Helmand-héraði í Afganistan. Ætlunin er að hrekja þá burt fyrir forsetakosningarnar í ágúst. Bandarískum hermanni var rænt á þriðjudag.**

**AFGANISTAN, AP** Bandaríkjaher hóf mikla árás á Helmand-hérað í Afganistan aðfaranótt fimmtudags. Héraðið er eitt höfuðvíga talibana í landinu. Markmiðið er að hrekja alla uppreisnarmenn úr héraðinu fyrir forsetakosningar sem fara eiga fram í landinu hinn 20. ágúst næstkomandi.

Um fjögur þúsund bandarískir hermenn taka þátt í aðgerðinni ásamt 650 afgönskum hermönnum. Aðgerðin er stærsta landgönguaðgerð Bandaríkjahers síðan ráðist var inn í Fallujah í Írak fyrir fimm árum. Breskar herdeildir réðust í svipaðar, en minni, aðgerðir í Helmand-héraði og nágrannahéraðinu Kandahar í síðustu viku. Breskar herdeildir hafa verið í héraðinu frá árinu 2006, en hafa lent í miklum átökum við talibana. Gríðarstór hluti ópíums í heiminum verður til í héraðinu og hafa talibanar miklar tekjur af eiturlyfjaframleiðslunni.

Pakistönsk stjórnvöld tilkynntu einnig í gær að fleiri herdeildir hefðu verið fluttar að landamærunum sem liggja að Helmand til þess að koma í veg fyrir að uppreisnarmönnum takist að flýja. Óttast hefur verið að hertar aðgerðir í Suður-Afganistan myndu verða til þess að fjöldi uppreisnarmanna færði sig yfir til Pakistan.



**BRESKIR HERMENN Í HELMAND-HÉRAÐI** Auk breskra hermanna sem hafa verið í héraðinu í fimm ár hafa nú 4.000 bandarískir hermenn og 650 afganskir bæst í hópinn. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Tveir breskir hermenn létu lífið og sex særðust í sprengjuárás í héraðinu í gær. Að öðru leyti var lítið um átök í héraðinu. Stöku skotbardagar voru milli uppreisnarmanna og hermannanna, en enginn hermaður hafði særst alvarlega í þeim. „Óvinurinn hefur valið að hörfa frekar en að berjast, að mestu leyti,“ sagði talsmaður hersins. Um 37 gráðu hiti er í Afganistan og reyndist hitinn hermönnum erfiður, þrátt fyrir að þeir hafi verið í þjálfun í eyðimörk undanfarið.

Í gær var tilkynnt um að bandarískum hermanni hefði verið rænt annars staðar í landinu á þriðjudag. Hann er talinn vera í haldi uppreisnarmanna í austurhluta landsins.

Bandarískum hermönnum verður fjölgað um rúmlega 20 þúsund fram að kosningunum, og í lok árs er gert ráð fyrir að þeir verði 68 þúsund. Þá er ætlun Bandaríkjastjórnar að fjölga verulega í afganska hernum á næstu árum, úr 80 þúsundum í 134 þúsund árið 2011. thorunn@frettabladid.is


# GLITNIR BANKI HF.

## Auglýsing um innköllun til skuldheimtumanna

Með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum þann 19. febrúar 2009 var Glitni banka hf., kt. 550500-3530, sem er með lögheimili á Kirkjusandi 2, 105 Reykjavík en aðsetur að Sóltúni 26, 105 Reykjavík veitt heimild til greiðslustöðvunar til 13. nóvember 2009. Samkvæmt ákvæði til bráðabirgða II í lögum nr. 44/2009 um breytingu á lögum nr. 161/2002 hefur Héraðsdómur Reykjavíkur skipað bankanum slitastjórn sem hefur meðal annars meðhöndum meðferð krafna á hendur bankanum meðan á greiðslustöðvun stendur og eftir að slitameðferð hefst að lokinni greiðslustöðvun.

Bankinn hefur rekið með ótakmarkaðri ábyrgð eftirtalin útibú og firmu:
Útibú í Bretlandi: Glitnir Bank London Branch, 41 Lothbury, London EC2R 7HF, England.
Útibú í Kanada: Glitnir Bank Canadian Branch, 1718 Argyle Street, Suite 810, Halifax, Nova Scotia, B3J 3N6, Kanada.
Skrifstofu í Kína: Rm 802A, Citigroup Tower, 33 Hua Yuan Shi Qiao Road, Shanghai 200120, Kína.

Frestdagur er 15. nóvember 2008. Upphafsdagur kröfumeðferðar miðast við gildistöku laga nr. 44/2009 og er 22. apríl 2009, sbr. nánar 1. mgr. og 2. málsliður 3. mgr. 102. gr. laga nr. 161/2002, sbr. 6. gr. laga nr. 44/2009.

Með innköllun er birtist í fyrra sinni í Lögbirtingablaði sem út kom 26. maí 2009 var skorað á alla þá er telja til hvers kyns skulda eða annarra réttinda á hendur Glitni banka hf. eða eigna í umráðum bankans, að lýsa kröfum sínum skriflega fyrir slitastjórn bankans innan sex mánaða frá þeirri auglýsingu. Kröfulýsingafrestur rennur samkvæmt því út 26. nóvember 2009. Kröfulýsingar skulu sendar bréflega til slitastjórnar bankans að Sóltúni 26, 105 Reykjavík og skal efni þeirra vera í samræmi við fyrirmæli 2. og 3. mgr. 117. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl. nr. 21/1991. Vegna áðurnefndra ákvæða 1. mgr. og 2. málsliðar 3. mgr. 102. gr. laga nr. 161/2002, sbr. 6. gr. laga nr. 44/2009, er því beint til kröfuhafa að í kröfulýsingu komi fram sundurliðuð fjárhæð kröfu þann 22. apríl 2009.

Kröfum í erlendri mynt skal lýst í viðkomandi mynt. Kröfuhöfum frá aðildarlöndum Evrópska efnahagssvæðisins eða Fríverslunarsamtaka Evrópu er heimilt að lýsa kröfum á tungumáli heimalands síns. Slíkum kröfulýsingum skal fylgja íslensk þýðing en þó er heimilt að lýsa kröfu á ensku án þess að þýðing fylgi. Aðrir kröfuhafar geta lýst kröfum sínum á íslensku eða ensku.

Sé kröfu ekki lýst innan framangreinds frests gilda um það sömu réttaráhrif og um vanlýsingu kröfu skv. 118. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl. nr. 21/1991 og telst hún því fallin niður gagnvart Glitni banka hf. nema undantekningar í 1.–6. tölulið lagagreinarinnar eigi við.

Sérstaklega er áréttað að með því að lýsa kröfu sinni telst kröfuhafi hafa fallist á brottfall þagnarskyldu (bankaleyndar) að því er varðar viðkomandi kröfu.

Í áðurnefndri auglýsingu í Lögbirtingablaðinu er boðað til kröfuhafafundar og verður hann haldinn fimmtudaginn 17. desember 2009 kl. 10.00, að Hilton Reykjavík Nordica, Suðurlandsbraut 2, 108 Reykjavík. Rétt til setu á fundinum eiga þeir sem lýst hafa kröfu á hendur bankanum. Á fundinum verður fjallað um skrá um lýstar kröfur og afstöðu slitastjórnar að því leyti sem hún liggur þá fyrir. Skrá um lýstar kröfur verður aðgengileg þeim sem lýst hafa kröfum á hendur bankanum að minnsta kosti viku fyrir framangreindan fund.

**Nánari upplýsingar um kröfulýsingar og meðferð krafna munu gerðar aðgengilegar á heimasíðu bankans, www.glitnirbank.com. Beinir slitastjórn þeim tilmælum til kröfuhafa að upplýsa um tölvupóstfang sitt eða umboðsmanns síns í kröfulýsingu til að auðvelda miðlun upplýsinga.**

Reykjavík 29. júní 2009

Slitastjórn Glitnis banka hf.
Steinunn Guðbjartsdóttir hrl.
Einar Gautur Steingrímsson hrl.
Páll Eiríksson hdl.




**TRJÁRÆKT** Tré verða ræktuð í Heiðmörk og Esjuhlíðum.

Borgin styrkir skógrækt:

## Unglingar fegra umhverfið

**UMHVERFISMÁL Borgarráð hefur samþykkt tillögu Hönnu Birnu Kristjánsdóttur borgarstjóra um að úthluta fimmtán milljónum króna úr Forvarna- og framfarasjóði Reykjavíkurborgar til skógræktarverkefna á vegum Skógræktarfélags Íslands. Styrkveitingin miðar að því að veita ungu atvinnulausu fólki vinnu við umhverfisvænt verkefni sem stuðlar að fegrun útivistarsvæða borgarinnar.**

**Ráðgjafahópur um úthlutun úr Forvarna- og framfarasjóði lagði til að fénu væri ráðstafað til skógræktarverkefnanna, en þau samræmast tveimur af helstu markmiðum sjóðsins; að stuðla að forvörnum í þágu ungs fólks og fegrun umhverfisins.** - shá

Orri Hauksson vinnur mál:

## Fær meiðyrðabætur frá 365

**DÓMSMÁL** 365 miðlar hafa verið dæmdir til að greiða Orra Haukssyni, fyrrverandi stjórnarformanni Skjáseins, 300 þúsund krónur í miskabætur vegna ummæla sem féllu um hann í DV, sem þá var í eigu 365, í september 2006.



**ORRI HAUKSSON**

Í frétt DV var fjallað um skilnað Orra og sagt að allt væri í tómu tjóni í einkalífi hans. Lögmaður stefnda mótmælti ekki kröfunni um ógildingu ummælanna.

Orri fór fram á 600 þúsund krónur í bætur, en fékk sem áður segir 300 þúsund krónur. Þá fékk hann einnig 120 þúsund krónur til að standa straum af birtingu dómsins í fjölmiðlum. - sh

Coleman

www.ellingsen.is

# COLEMAN HÁGÆÐAVÖRUR Í ÚTILEGUNA



**COLEMAN CELSIUS DUO 3**
**3JA MANNA TJALD**
3 mm Polyester-efni
PU-húðað og límdir saumar
9,1 kg að þyngd

Verð **29.900**

Vörunúmer 61556



**COLEMAN CELSIUS 2**
**2JA MANNA TJALD**
3 mm Polyester-efni
PU-húðað og límdir saumar
3,7 kg að þyngd

Verð **15.900**

Vörunúmer 54899



**COLEMAN CELSIUS**
**3JA MANNA TJALD**
3 mm Polyester efni
Sílikonhúðað og límdir saumar
4.4 kg að þyngd

Verð **17.900**

Vörunúmer 45551



**COLEMAN AVIOR**
**2JA MANNA TJALD**
4 mm Polyester-efni
PU-húðað og límdir saumar
2,45 kg að þyngd

Verð **17.900**

Vörunr 45549



**COLEMAN TASMAN**
**SVEFNPOKI**
-14°C kuldaþol
Stærð: 215 x 83 cm
2,22 kg að þyngd

Verð **9.900**

Vörunúmer 44535



**COLEMAN EXPONENT**
**STÓLL**
Léttur og meðfærilegur
Burðarpoki fylgir
0,49 kg að þyngd

Verð **4.900**

Vörunúmer 61564



**COLEMAN SLING**
**FÆST Í RAUÐU OG KAKI**
Hátt bak og höfuðstuðningur
Leggst vel saman
3 kg að þyngd

Verð **9.900**

Vörunúmer 61566 rauður
Vörunúmer 61567 kaki



**COLEMAN STÓLL M/ÖRMUM**
**FÆST Í RAUÐU OG KAKI**
Bólstrað bak og sæti
Hliðarborð með glasahöldu
2,6 kg að þyngd

Verð **9.900**

Vörunúmer 61565 rauður
Vörunúmer 22331 kaki



**COLEMAN STÓLL M/ÖRMUM**
**FÆST Í RAUÐU OG KAKI**
Bólstrað bak og sæti
Leggst vel saman
2,6 kg að þyngd

Verð **8.900**

Vörunúmer 22330 kaki
Vörunúmer 22332 rauður

**REYKJAVÍK**
**Fiskislóð 1 • Sími 580 8500**
**Opið mánud.–föstud. 10–18, laugard. 10–16**

**AKUREYRI**
**Tryggvabraut 1–3 • Sími 460 3630**
**Opið mánud.–föstud. 8–18, laugard. 10–16**

**Ellingsen**
*– fullt hús ævintýra*

TBWA\REYKJAVÍK \ SÍA

## „ORÐRÉTT“

### Ljót sjón

**„Við vorum að labba og sáum þá gráan úfinn kött sem var frekar druslulegur.“**

JÓNGEIR ÞÓRISSON MÆTTI ILLSKEYTTUM KÖTTUM SEM RÉÐUST Á HANN.

**Fréttablaðið 1. júlí**

### Innblástur

**„Ég var við ströndina við Reykjanesvita og fann þar leifar af kríubeinagrind.“**

JÓHANNA METÚSALEMSDÓTTIR FÉKK HUGMYND AÐ SNIÐUGRI SKARTGRIPALÍNU.

**Fréttablaðið 1. júlí**

# tilveran

*nær og fjær*

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** VALGERÐUR MATTHÍASDÓTTIR FJÖLMIÐLAKONA OG ARKITEKT

## Vinnur fyrir stærstu sjónvarpsstöðina

„Það er allt ljómandi gott að frétta af mér,“ svarar Valgerður Matthíasdóttir, betur þekkt sem Vala Matt, fjölmiðlakona og arkitekt, spurð hvað sé að frétta af henni.

„Ég er að vinna fyrir stærstu sjónvarpsstöð í heimi, internetið, og er nú að leggja lokahönd á vef sem ég er að fara að opna hjá Höfuðborgarstofu (visitreykjavik.is),“ segir Vala, sem búin er að semja 25 innslög fyrir vefinn. Þau verða um menningu, íslenska hönnun, söfn, veitingastaði og „allt sem er fallegt og skemmtilegt“. Allt efnið verður aðgengilegt á samskiptasíðunum Youtube og Facebook og fleiri erlendum vefjum.

„Að vinna á internetinu er nýr vettvangur fyrir mig og þessi miðill er stór hluti af framtíðinni. Þetta er samt í raun sama vinna nema annar miðill og mér finnst svo ofsalega gaman að vinna við myndmiðlana. Svo hef ég líka unnið í útvarpi og á dagblöðum og því mætti segja að ég sé eiginlega fjölmiðlari,“ segir Vala.



Ekki saknar hún þó að vera á skjáum allra landsmanna en hún segist stundum sakna þess að vera arkitekt.

„Ég er búin að vera að teikna framtíðarhús fyrir sjálfa mig í laumi en hef ekki gefið mér tíma til að vinna mikið í því. Það koma alltaf einhver tækifæri til að vinna arkitektavinnu en ég er alltaf komin með spennandi fjölmiðlaverkefni sem ég tek fram yfir,“ segir Vala.

Utanlandsferð er í kortunum hjá Völu í sumar en hún segist ekki vera búin að ákveða hvert, bara að farið verði. Eftir sumarið gerir hún síðan ráð fyrir að halda áfram hjá Höfuðborgarstofu á meðan henni finnst það skemmtilegt og gefandi.

## TUNGUTÆKNI

### GÍRAFFAR GETA MARGT

■ Gíraffar hafa lengstu tungu allra núlifandi landdýra. Tunga fullorðinna gíraffa er á bilinu 45 til 55 sentimetrar á lengd og hentar afar vel til að slíta laufblöð af trjám. Lengd tungunnar gerir gíröffum einnig hægt um vik að þrífa sín eigin eyru að innan með tungunni. Það er nokkuð sem jafnvel tunguliprustu menn, eins og Gene Simmons, bassaleikari þungarokkshljómsveitarinnar Kiss, eru ekki færir um.



## SJÓNARHÓLL

### ÍMYND ÍSLANDS OG ICESAVE



MAGNÚS LOGI KRISTINSSON

## Fleiri tapa á Icesave en Íslendingar

„Ég er að gera upp íbúðir hér í Helsinki og þurfti að hætta í miðju verkefni, því að Icesave-inneign eigandans, sem er Breti, var fryst. Þetta var svolítið furðulegt,“ segir Magnús Logi Kristinsson, myndlistar- og handverksmaður í Finnlandi. Ljóst sé að Icesave-málið komi illa við fleiri en Íslendinga.

Magnús hefur ekki gert upp við sig hvort hann telji að Íslendingar eigi að borga Icesave-tryggingarnar eða ekki. „ Auðvitað er asnalegt að almenningur eigi að fara að borga fyrir stóru karlana. En svo er heldur ekkert gaman að fá stóru löndin á móti sér,“ segir hann.

Hann segir einnig að umræða um Ísland og Íslendinga hafi breyst mikið í Helsinki.

„Það er ekki lengur talað um fallega Ísland og hvað allt sé gott þar, heldur um landið sem fór á hausinn, og hvað það sé mikið af vitleysingum á Íslandi.“ Hann finni líka fyrir mikilli vorkunnsemi í fólki. „Og nú halda allir að ég sé í Finnlandi út af bankahruninu.“



**Í ÚTILEGU** Búast má við að fjöldi ungra og aldinna Íslendinga ferðist um landið sitt um helgina. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Veðurfarið skiptir miklu

**Margir leggjast í ferðalög í dag, eins og lengi hefur tíðkast á þessum árstíma. Fréttablaðið kannaði áfengissölu-, hita- og aðsóknartölur fyrir helgina.**

„Án þess að hafa kafað neitt rækilega ofan í sölutölur gæti ég trúað að það sé orðin hálfgerð mýta að fyrsta helgin í júlí sé miklu meiri ferðahelgi en til dæmis önnur helgin í júlí eða síðasta helgin í júní,“ segir Einar S. Einarsson, framkvæmdastjóri ÁTVR, spurður um áfengissölu í aðdraganda fyrstu helgarinnar í júlí í gegnum tíðina. „En þetta er nú bara tilfinning hjá mér og er sagt algjörlega án ábyrgðar,“ bætir Einar við og hlær.

Að sögn Einars seldi ÁTVR átján prósentum meira af áfengi fyrir fyrstu helgina í júlí en síðustu helgina í júní á síðasta ári. Fyrir tveimur árum var þessu þó þveröfugt farið, en þá seldist tíu prósentum minna fyrstu helgina í júlí en helgina á undan. „Það er mjög margt sem taka þarf í reikninginn í þessum málum; veðurfar og fleira. Frá miðjum júní fram að verslunarmannahelginni er mjög erfitt að segja til um hvaða helgi er stærst. Þetta eru allt miklar ferðahelgar.

Einar segir að 77 til 80 prósent af áfengi sem seljist í ÁTVR séu bjór, og það breytist lítið sem ekkert á sumrin. Við tökum þó eftir aukinni sölu í kassavíni, það virðist vera vinsælt í útilegurnar.“

Sigurður Þórður Ragnarsson veðurfræðingur, eða Siggi stormur, segir útlit fyrir að Norðausturland sé vænlegasti kosturinn fyrir þá sem sæki í þurrt veður um helgina. „Þetta er svona la laspá, ég hef séð þær betri. Í sjálfu sér erum við að horfa fram á góðviðrishelgi með miklum hlýindum. Það er hins vegar annað mál með rigninguna.

Ef ég ætti að ráðleggja fólki hvar það fengi mestu birtuna og líklega mestu sólina þá mæli ég með Norðausturlandi, þótt ég lofi engum brakandi þurrki nema síður sé. En vel að merkja þá styttir upp í flestöllum landshlutum á laugardagskvöldinu,“ segir Siggi stormur.

Ýmsir viðburðir eru skipulagðir um allt land eins og ævinlega um þessa helgi. Sem dæmi má nefna að Þjóðlagahátíð á Siglufirði verður haldin í tíunda skipti og Humarhátíðin á Höfn heldur sínu striki.

Gunnar Þórðarson, frægasti sonur Hólmavíkur, heldur tónleika á Hamingjudögum æskuslóðanna, og væntanlega ríkir ekki minni gleði á Írskum dögum á Akranesi, auk þess sem tekið verður vel á móti ferðaþyrstum Íslendingum á tjaldstæðum landsins.

**kjartan@frettabladid.is**


AUKAKRÓNUR




410 4000 | landsbankinn.is

AUKAKRÓNUR

# 36 bíóferðir á ári fyrir Aukakrónur

Þú getur farið í **Laugarásbíó, Háskólabíó, Regnbogann, Smárabíó eða Borgarbíó á Akureyri** á 10 daga fresti fyrir Aukakrónurnar sem safnast þegar þú notar A-kortið þitt – eða fengið þér eitthvað annað sem þig langar í hjá samstarfsaðilum Aukakróna.*

Sæktu um A-kort á **www.aukakronur.is**

* M.v. 150 þúsund kr. innlenda verslun á mánuði, þ.a. 1/3 hjá samstarfsaðilum. Sjá nánar á www.aukakronur.is.



**A-kortin**
Kreditkort sem safna Aukakrónum fyrir þig

Landsbankinn

NBI hf. (Landsbankinn), kt. 471008-2080

ENNEMM / SÍA / NM38416



Gleðilegt sumar
úr kjötborði
Lambafille m/fitu
2.998,kr./kg
verð áður 3.498,-/kg
SS Caj P's
Lambalærisneiðar
2.158,kr./kg
verð áður 2.698,-/kg
SS Mexikólegnar
Grísakótilettur
1.430,kr./kg
verð áður 1.788,-/kg
FK Grill
Svínakótilettur
1.198,kr./kg
verð áður 2.098,-/kg
FK Vínarpylsur
558,kr./kg
verð áður 698,-/kg
Ali Frankfurter
Grillpylsur
799,kr./kg
Hamborgarar
2x115g m/brauði
298,kr./pk.
verð áður 398,-/pk.
Grillaður kjúklingur
748,kr./stk.
verð áður 890,-/stk.
Móa Tex Mex
Læri/leggir
399,kr./kg
Scala Olífur 185g
170,kr.
Myllu Möndlukaka
398,kr.
Vilko vöfflur
499,kr.
Mömmu sultur
200g Verð frá:
398,kr./stk.
Oreo súkkulaðihjúpað
359,kr./pk
Blandaðar hnetur
400g
667,kr.
Nemendanart
450g
369,kr.
Pepsí, Pepsí Max
eða appelsín
79,kr./0,5l
Doritos snakk 200g
298,kr./pk.
Nú er sumar
í Fjarðarkaupum
Fylltu út þátttökuseðil þegar þú verslar og þú gætir unnið veglega vinninga. Dregið verður úr þátttökuseðlum vikulega á Rás 2. Vinningar frá Ellingsen, Hjólasprett, ÓB, Fjörukránni og Fjarðarkaupum.
Hjóla sprettur
Ellingsen
ÓB
ódýrt bensín
Tilboð gilda til laugardagsins 4. júlí
FK
FJARÐARKAUP
Opið mánudaga - miðvikudaga frá 09:00 - 18:00, fimtudaga 09:00 - 18:30, föstudaga 09:00 - 19:00 og laugardaga 10:00 - 16:00, lokað sunnudag


ÓDÝRT Í HAGKAUP
ÓDÝRT Í HAGKAUP
Holta-kjúklingur
ÓDÝRT Í HAGKAUP
KJÚKLINGALUNDIR FERSKAR
1.884 kr/kg.
Merkt verð 2.899.-
1.574 kr/kg.
Merkt verð 2.098.-
Grand Orange helgarsteik
ÓDÝRT Í HAGKAUP
Ferskir KJÚKLINGAR
Án aukaefna
Ekki viðbætt vatn
Engin sykur
1.799 kr/kg.
Merkt verð 2.998.-
Kjúklingabringur
ferskar
SPARERIBS
1.799 kr/pk.
Verð áður 2.399.-
Jensen´s BBQ svínarif
tilbúin beint á grillið
2.999 kr/kg.
Verð áður 3.399.-
Stór sérvalinn humar
Spennandi á grillið!
NÝTT
NÝTT
Bökunarkartöflur
Beikonfylltar kartöflur
Maísstönglar
Balsamikmarinerað grænmeti
Berjabomba m/kókosbollum
Sveppir með ostafyllingu
Kellogg's VARIETY
KELOGG´S VARIETY
598 kr/pk.
CAIPIRINHA DRINK MIX
MOJITO DRINK MIX
MARGARITA DRINK MIX
KOKTEIL BLÖNDUR
319 kr/stk.
Bíó-POPP
ÓDÝRT Í HAGKAUP
HVÍTLAUKS BRAUÐ
299 kr/stk.
FREYJU RÍS KUBBAR
499 kr/pk.
EURO SHOPPER
EUROSHOPPER HLAUP
308 kr/pk.
NÝTT
TÓMAT SÓSA
Gildir til 5. júlí á meðan birgðir endast.
24 Hagkaup
OPIÐ
ALLAN sólarhringinn
Skeifan & Garðabær

# Alltaf meira úrval á grillið!

OPIÐ til 20 alla daga



NAUTAFILE
2.209 kr/kg.
Merkt verð 3.398.-




1.398 kr/kg.

**Svínalundir**
ferskar




998 kr/pk.

**Ungnauta rumpsteikur**
ferskar 3 x 200g steikur




1.874 kr/kg.
Merkt verð 2.498.-

**Grillsteik úr læri**
kryddlegin




1.499 kr/kg.
Merkt verð 1.998.-

**Kindainnralæri**
kryddlegið




*Landins mesta úrvalið...*







COKE 2LTR.
4 Í PAKKA
699 kr/pk.




EPLALENGJA
NÝBÖKUÐ
299 kr/stk.




KOLAGRILL
EINNOTA
299 kr/stk.




EUROSHOPPER
SYKURPÚÐAR
299 kr/pk.




GRILLKOL
4,08 KG
689 kr/pk.




A&W
RÓTARBJÓR
189 kr/stk.

**HAGKAUP**
*Ein ferð betra verð*

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**Fjöldi viðskipta:** 11 **Velta:** 23,2 milljónir

| **OMX ÍSLAND 15** | | **OMX ÍSLAND 6** | |
|---|---|---|---|
| 234 | **+0,00%** | 743 | **+X,XX%** |

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **MAREL** | **+0,37%** | **ÖSSUR** | **-1,30%** |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Alfesca 4,20 +0,00% ... Atlantic Airways 159,00 0,00% ... Atlantic Petroleum 475,00 +0,00% ... Bakkavör 1,17 +0,00% ... Eik Banki 89,00 +0,00 ... Eimskipafélagið 0,50 +0,00% ... Føroya Banki 122,00 +0,00% ... Icelandair Group 4,75 +0,00% ... Marel Food Systems 54,60 +0,37% ... Össur 114,00 -1,30%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

# Höft munu aldrei virka

„Ég átti von á því að Seðlabankinn myndi sýna meiri kjark og lækka vextina," segir Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins, um þá ákvörðun Seðlabankans að halda stýrivöxtum óbreyttum.

Vilhjálmur segir að svo virðist sem Seðlabankinn horfi fyrst og fremst á hvernig gengi krónunnar þróist. „Meginorsökin fyrir henni er einmitt gjaldeyrishöftin. Það er haldið afar illa á því máli af hálfu bankans, og þessi ákvörðun bankans er í raun bara falleinkunn yfir honum sjálfum," segir Vilhjálmur, sem kveður mannkynssöguna sýna að verðlagshöft af þessu tagi virki ekki. „Núna 2009 reynir Seðlabanki Íslands að afsanna þetta með gjaldeyrishöftunum en það tekst ekki að breyta þessu lögmáli."



**ÓLAFUR DARRI ANDRASON**

Ólafur Darri Andrason, hagfræðingur ASÍ, segir ákvörðun Seðlabankans vera ákveðin vonbrigði en þó ekki koma á óvart miðað við fyrri yfirlýsingar bankans og veiks gengis krónunnar að undanförnu.

Að sögn Ólafs Darra hefur að undanförnu verið reynt að efla tiltrú í hagkerfinu og leggja þannig grunn að lækkun stýrivaxta. „Ákvarðanir sem beðið hefur verið eftir í ríkisfjármálum hafa verið teknar og það er breið samstaða um að taka á þeim miklu vandamálum sem við stöndum frammi fyrir með gerð stöðugleikasáttmálans. Þar settu aðilar vinnumarkaðarins það markmið að stýrivextir verði komnir undir tíu prósent 1. nóvember og ég trúi því að það gerist enda lykillinn að því að koma hjólum efnahagslífsins í gang aftur." - gar

# Óbreyttir stýrivextir nú en hækkun hugsanleg

**Stýrivextir óbreyttir í 12 prósentustigum. Veiking krónunnar og verðbólga yfir væntingum helstu ástæður. Stýrivextir gætu hækkað ef krónan styrkist ekki eða verðbólga eykst frekar. Ákvörðunin í samræmi við væntingar greinenda.**

Peningastefnunefnd Seðlabanka Íslands ákvað í gær að halda stýrivöxtum óbreyttum í tólf prósentustigum og vöxtum á viðskiptareikningum fjármálafyrirtækja í 9,5 prósentustigum. Í tilkynningu nefndarinnar kemur fram að bakgrunnur ákvörðunarinnar sé að gengi krónunnar hafi verið umtalsvert lægra á tímabilinu en nefndin taldi viðunandi í mars. Ákvörðunin var í samræmi við væntingar greinenda sem gerðu ráð fyrir óbreyttum stýrivöxtum.

Í greinargerð peningastefnunefndar segir að frá síðustu stýrivaxtaákvörðun hafi töluvert miðað áleiðis í stjórn efnahagsmála. Bent er á að langtímaáætlun um aðhaldsaðgerðir í ríkisfjármálum og endurskipulagningu fjármálakerfisins hafi miðað áleiðis auk þess sem fjármögnun stærstu bankanna verði lokið um miðjan júlí. Í greinargerð nefndarinnar er þó lýst áhyggjum af þróun gengis krónunnar og verðbólgu undanfarið. Krónan hefur veikst um þrjú prósent og vísitala neysluverðs hækkaði meira en væntingar stóðu til bæði í maí og júní. „Það gæti falið í sér hækkun vaxta kalli aðstæður á slíkt," segir í greinargerðinni.



**BLAÐAMANNAFUNDUR VEGNA STÝRIVAXTAÁKVÖRÐUNAR** Þórarinn G. Pétursson aðalhagfræðingur, Arnór Sighvatsson aðstoðarseðlabankastjóri og Svein Harald Øygard seðlabankastjóri ræða við blaðamenn eftir að hafa tilkynnt að stýrivextir bankans verði óbreyttir að sinni. Næsta stýrivaxtaákvörðun er 13. ágúst næstkomandi. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Umræður um gjaldeyrishöft og hugsanleg viðskipti fyrirtækja erlendis með krónur hafa verið talsvert í umræðunni síðustu vikur. Seðlabankinn kallaði stærstu útflutningsfyrirtækin á sinn fund nýlega til að fara yfir gjaldeyrisviðskipti þeirra. Svein Harald Øygard seðlabankastjóri sagði að megintilgangur haftanna væri að tryggja að vöruskipti hefðu mest áhrif á gengi krónunnar í stað fjármagnshreyfinga milli landa. Hann taldi mikilvægt að munur á gengi krónunnar hjá Seðlabanka Íslands og á erlendu mörkuðum væri að minnka svo það væri hvati fyrir fyrirtæki að skipta sínum gjaldeyri á Íslandi. Munur á opinberu gengi krónunnar og á erlendum markaði er umtalsverður og hefur ekki minnkað frá síðustu vaxtaákvörðun.

Árstíðarleiðrétt verðbólga undanfarna þrjá mánuði mældist 9,5 prósent, eða 6,3 prósent án áhrifa af skattahækkunum. Þórarinn G. Pétursson, aðalhagfræðingur Seðlabankans, sagði á blaðamannafundi í gær að bankinn brygðist ekki beint við skattabreytingum hins opinbera. Bankinn horfði þó á hvort slíkar breytingar hefðu áhrif á aðra þætti sem gætu stuðlað að verðhækkunum.

bta@frettabladid.is



## Afgangur af vöruskiptum

Vöruskiptin í júní voru jákvæð um 8,7 milljarða króna, sem er mesti afgangur í einum mánuði á þessu ári. Þetta kom fram í tilkynningu Hagstofunnar. Útflutningur nam 40,8 milljörðum en innflutningur 32 milljörðum.

Samkvæmt Hagstofunni eru vísbendingar um meiri verðmæti útfluttra sjávarafurða og minni innflutning á eldsneyti miðað við fyrri mánuð. IFS Ráðgjöf segir í greiningu sinni á tölunum að þær séu jákvæðar fyrir þjóðarbúið.

„Ef afgangurinn verður áfram svona jákvæður ætti það að hafa jákvæð áhrif á krónuna,“ segir í greiningu IFS. -bþa

## Metvelta með skuldabréf

**Heildarviðskipti með skuldabréf á NASDAQ OMX Iceland námu tæpum 275 milljörðum króna í júnímánuði, sem samsvarar 13,7 milljarða veltu á dag.**

**Þetta er veltumesti mánuðurinn með skuldabréf á þessu ári. Til samanburðar nam veltan 10,4 milljörðum króna á dag í maímánuði. Þetta kemur fram í viðskiptayfirliti NASDAQ OMX Iceland fyrir júnímánuð.**

**Viðskipti með hlutabréf voru hins vegar mun minni en í maímánuði.**

**Heildarviðskipti með hlutabréf í júní námu tæpum 1.598 milljónum króna en til samanburðar var veltan með hlutabréf í maí tæpar 6.418 milljónir. - bþa**


# Jafnréttisnefnd Kópavogsbæjar óskar eftir tilnefningum vegna árlegrar jafnréttisviðurkenningar.

Samkvæmt jafnréttisstefnu Kópavogsbæjar er ár hvert veitt viðurkenning fyrirtæki, félagi, einstaklingi, ríkisstofnun eða stofnun, nefnd/ráði bæjarins sem hefur að mati jafnréttisnefndar staðið sig best undangengið ár við að vinna að framgangi jafnréttismála.

Til greina koma aðilar sem sinnt hafa jafnréttismálum með verkefnum, fræðslu, rannsóknum, gerð jafnréttisáætlunar eða á annan hátt unnið með jafnrétti kynja í Kópavogi.

Tilnefningu skal senda til starfsmanns jafnréttisnefndar Kópavogsbæjar, í tölvupósti á netfangið: gudridurdh@kopavogur.is, á faxi 570-1501, eða pósti; Jafnréttisráðgjafi, Fannborg 2, 200 Kópavogur.
Nánari upplýsingar veitir Guðríður D. Hálfdanardóttir hjá Kópavogsbæ

**Frestur er til og með 31. júlí 2009.**

Jafnréttisnefnd Kópavogsbæjar

512 50 50
Auglýsingasími
– Mest lesið




# skoðun

greinar@frettabladid.is

Mikið veltur á skilanefnd Landsbankans.

# Tugmilljarða pressa

JÓN KALDAL SKRIFAR

Samninganefnd Íslands í Icesave-deilunni hefur verið töluvert í sviðsljósinu undanfarið. Mótspyrna hennar í viðræðunum hefur verið sögð máttlítil, jafnvel haft á orði að samningamenn Breta og Hollendinga hafi tekið íslenska kollega sína í nefið, líkt og Grótta hafi verið að spila við Manchester United, svo notuð sé líking Jóns Daníelssonar hagfræðings.

Byggir sú lýsing Jóns á því að Bretar og Hollendingar hafi teflt fram þrautreyndum sérfræðingum gegn íslenskum áhugamönnum.

Silja Bára Ómarsdóttir alþjóðastjórnmálafræðingur skaut fjölmiðlum ref fyrir rass á bloggi sínu í gær þegar hún skoðaði staðreyndirnar að baki þessari bröttu yfirlýsingu Jóns. Þar upplýsti hún að útlendu samninganefndirnar hefðu fyrst og fremst verið skipaðar embættismönnum úr fjármálaráðuneytum viðkomandi landa. Benti Silja Bára á að íslenska nefndin hefði verið samsett af mönnum með töluvert fjölbreyttari bakgrunn og öll minnimáttarkennd væri því óþörf.

Nú geta pælingar fram og til baka um samninganefnd, sem hefur lokið störfum, vissulega verið athyglisverðar. Það er almennt létt verk og löðurmannlegt að halda því fram að eitthvað hafi verið hægt að gera betur, sérstaklega ef litlar líkur eru á að maður þurfi sjálfur að koma að verki.

Þeir sem verða fyrir gagnrýni eiga hins vegar alltaf að skoða hvort mögulegt sé að draga af henni lærdóm sem nýtist í framtíðinni. Og það er örugglega tilfellið með aðra ríkisskipaða nefnd sem tengist Icesave.

Samkvæmt frumvarpi um ríkisábyrgðina á Icesave-reikningnum verður það hlutverk skilanefndar Landsbankans að „hámarka virði eigna bankans“ með því að ráðstafa þeim á sem „hagkvæmastan hátt þegar það er talið tímabært,“ eins og þar stendur.

Þetta þýðir að skilanefndin á að selja eignir Landsbankans fyrir hæsta mögulega verð á næstu sjö árum. Ekki þarf að fara mörgum orðum um hversu mikilvægt verkefni það er. Hver afraksturinn verður mun ráða úrslitum um þær upphæðir sem lenda á þjóðarbúinu vegna Icesave þegar upp er staðið.

Mikilvægt er að stjórnvöld átti sig sem fyrst á því að þetta er verkefni fyrir fólk sem er þaulvant alþjóðlegum viðskiptum.

Því fólki þarf að greiða góð laun og helst hafa samhliða einhvers konar hvatakerfi sem miðar að því að sem hæst verð fáist fyrir eignirnar. Til dæmis væri hægt að ákveða að ef hærra verð fengist fyrir þær en tiltekið metnaðarfullt markmið gætu þau sem störfuðu við umsýslu og sölu eignanna uppskorið ríkulega.

Mjög auðvelt er að gera sér í hugarlund að þessi lýsing á mögulegri útfærslu nefndar um sölu eigna Landsbankans hljómi skelfilega í eyrum ríkisstjórnarinnar og þorra almennings.

Fólk með reynslu af alþjóðlegum viðskiptum tengist óumflýjanlega útrásinni, sem þykir hreint ekki jákvætt, og lítil stemning er fyrir mögulegum árangurstengdum ofurlaunum.

Hitt er þó alveg á hreinu að þjóðin hefur ekki efni á öðru en að öllum ráðum verði beitt til að tryggja hæsta mögulega verð fyrir eignir Landsbankans. Tugum milljarða getur munað á því hvernig til tekst.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Jón Kaldal *jk@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871

**Alicante**
**í júlí**
**frá kr. 19.990**

Kr. 19.990
Netverð á mann. Flugsæti aðra leið með sköttum til Alicante. Sértilboð 1., 8., 15. og 22. júlí. Aðeins örfá sæti.

*Allra síðustu sætin*
Nú getur þú tryggt þér síðustu sætin í sólina við Alicante í júlí á hreint ótrúlegu verði. Gríptu tækifærið og tryggðu þér flugsæti á frábærum kjörum.

Heimsferðir
Skógarhlíð 18 • sími 595 1000
Akureyri • sími 461 1099 • www.heimsferdir.is
Ferðaskrifstofa Leyfishafi Ferðamálastofu
Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Fyrirboði?

Icesave-umræðan hefur tekið marga furðulega snúninga, en fáa þó skemmtilegri en umræðu sem finna má á síðu Stefáns Pálssonar sagnfræðings. Þar ræða menn nefnilega ekki um Icesave heldur rökræða Versalasamninga og hvort þeir hafi verið góðir eða ekki.

Andrés Magnússon blaðamaður á þar mjög skemmtilegan og athyglisverðan punkt, en til að skilja hann verður að muna að Versalasamningarnir voru gerðir 1919. Hann minnir nefnilega á að í eigu nokkurra útrásarvíkinga breytti gamla Eimskipafélagshúsið um útlit, þegar Þórshamarsmerki á gaflinum var tekið niður og annað afhjúpað með byggingarári hússins; sem einmitt var 1919.



Andrés segir það hafa verið gert „[a]f hinum sömu og færðu okkur Icesave, sem aftur gáfu okkur Versalasamningana ina nýju“.

### Nýfrjálshyggjan

Margir hafa haldið því fram að hér á landi hafi ekki ríkt nýfrjálshyggja síðustu árin og sumir einmitt talið það hafa orðið til þess að þjóðfélagið fór á hliðina. Varaformaður Sjálfstæðisflokksins, Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, er hins vegar ekki einn þeirra. Hún upplýsti í það minnsta á þingi í gær að hér hefði ríkt nýfrjálshyggja síðustu árin með misjöfnum árangri.

### Tískufyrirbærin

Þingmenn fóru víða um völl í umræðum um Icesave. Ögmundur Jónasson hélt tilfinningaþrungna ræðu og uppskar lof annarra þingmanna fyrir. Hann vakti athygli á því að stundum tækju menn pólitískar ákvarðanir eftir tíðaranda tískunnar.



Ögmundi fannst það varhugavert og minnti á mörg tískuslys fortíðarinnar. Hann rifjaði upp þegar allir karlmenn þurftu að ganga í þykkbotna skóm og jafnvel tveggja metra menn, sem ekkert þráðu annað en að virka aðeins minni, þurftu að vera á margra sentímetra þykkum botnum. Persónuleg ræða, enda Ögmundur hávaxinn maður.

kolbeinn@frettabladid.is

# Brostið traust er ekki traustabrestur



SIGHVATUR BJÖRGVINSSON

**Í DAG** | Ábyrgð Íslendinga

Samkvæmt upplýsingum viðskiptaráðherra og íslenskra bílalánafyrirtækja festu 40 þúsund Íslendingar kaup á 70 þúsund bifreiðum með því að nýta sér milligöngu íslenskra banka til þess að slá jafnvirði 115 þúsund milljóna króna lán fyrir kaupunum frá breskum, hollenskum, þýskum, japönskum og svissneskum almenningi. Erlendir viðmælendur spyrja í forundran: „Er þetta svo? Gátu 40 þúsund Íslendingar labbað sig inn í íslenska banka og fengið lán í erlendum gjaldeyri til þess að kaupa bíla? Gerðu menn þetta virkilega?“ Já, menn gerðu það virkilega. 40 þúsund einstaklingar meðal 320 þúsund manna þjóðar séu allir þegnarnir með taldir, reifabörn jafnt sem gamalmenni.

Þessir 40 þúsund Íslendingar munu vera hartnær helmingur landsmanna á „lántökualdri“. Nú virðast þessir 40 þúsund Íslendingar ætla að eiga erfitt með að standa við greiðslur vaxta og afborgana af lánunum sem þeir tóku til þess að eignast einn glæsilegasta bílaflota, sem um getur í Evrópu. Í umræðunni er, að hinir Íslendingarnir, sem ekki tóku lánin, eigi að hjálpa þeim að greiða reikninginn. Jafnvel er í umræðunni að þeir útlendingar eigi að taka á sig skell, sem fengu íslenskum aðilum í hendur sparifé sitt eftir að hafa hlýtt á fullyrðingar helstu ráðamanna þjóðarinnar: forsetans, forsætisráðherrans, fjármálaráðherrans, utanríkisráðherrans – og Tryggva Þórs Herbertssonar – um að allt væri í stakasta lagi. Íslendingum væri treystandi. Þeir myndu standa við skuldbindingar sínar. Líka þessi 40 þúsund. Slíkt væri inngróið í eðli Íslendinga, enda væru þeir á fljúgandi siglingu að því marki að gera landið að einni af helstu fjármálamiðstöðvum heimsins.

Þjóðin hefur glatað trausti nágranna sinna. Ofstopinn í umræðunni er ekki til marks um traustabrest heldur brostið traust. Stærilætið og þjóðrembingurinn hefur breyst í andhverfu sína. Ég þekki enga þjóð sem er jafn háð því að eiga samskipti við umheiminn og Íslendinga. Fötin, sem við klæðumst, skórnir á fótum okkar. Tækin sem við notum. Nánast öll aðföng íslensks atvinnulífs – landbúnaðar, iðnaðar, sjávarútvegs, ferðaþjónustu – allt er þetta fengið frá útlöndum. Keypt fyrir andvirði varnings, sem við verðum að finna markað fyrir í útlöndum. Sem við verðum að fá útlendinga til þess að kaupa af okkur til þess að geta aftur keypt af þeim. Forsenda slíkra viðskipta er að traust ríki milli aðila – og að það traust sé gagnkvæmt. Hvernig ætlar þjóð, sem svo mikið er háð umheiminum, að eiga sér framtíð ef hún glatar trausti umheimsins til frambúðar? Þykir mönnum líklegt að það siðrof, sem er að verða í íslensku samfélagi, þar sem Íslendingar neita að axla ábyrgð jafnt á eigin gerðum sem og skýlausum yfirlýsingum eigin stjórnvalda sem talað hafa í nafni þjóðarinnar samkvæmt umboði sem hún hefur þeim fengið í lýðræðislegum kosningum og samþykktum Alþingis, sé líklegt til þess að endurheimta glatað traust? Í nágrannaríkjum okkar er ekki einungis rætt um útrásarvíkingana. Þar eru ekki bara nefndir sérstaklega til sögunnar Jón Ásgeir, Björgólfsfeðgar eða Hannes Smárason. Þar ræðir fólk ekki síst um íslensku þjóðina, hvernig fyrir henni er komið og hvaða ábyrgð hún ber.

Þetta er ekki spurning um auðmagn, vonda kapítalista né hvernig blása megi í glæður gamalla kommúnista, sem drógu sig svo lítið bæri á inn í skelina við hrun Berlínarmúrsins og fóru að skrifa litteratúr þar til allt í einu nú að þeir spretta fram eins og gorkúlur á haugi með gamalkunnu frasana um auðvald og kúgun kapítalismans. Þetta er spurning um hvernig íslenskur almenningur ætlar að koma fram við stéttarbræður sína annars vegar á Íslandi og hins vegar í öðrum löndum. Hvernig ósköp venjulegt fólk eins og ég og þú ætlar að koma fram við ósköp venjulegt fólk eins og þig og mig. Sú er spurningin, sem íslenska þjóðin stendur nú frammi fyrir og verður að svara.

Uppgjör almennings á Íslandi við þá, sem meginábyrgðina bera á hruni efnahagslífsins, traustsins og þjóðarstoltsins, er svo önnur saga. Saga sem verður samin af okkur sjálfum að mestu einum og óstuddum. Er líka hætta á siðrofi þar? Hvaða bresti merkja menn þar? Eru það traustabrestir eða brestandi traust?

*Höfundur er fyrrverandi alþingismaður og ráðherra.*

# Er þetta nokkuð svo slæmt?

**UMRÆÐAN**
Kjartan Broddi Bragason skrifar um Icesave



KJARTAN BRODDI BRAGASON

Skuldbinding Tryggingarsjóðs innistæðueigenda vegna ICESAVE er um 720 milljarðar króna að núvirði eða um 4 milljarðar evra (þetta eru grófar tölur).

Gefum okkur að við getum selt eignasafn Landsbankans í Bretlandi/Hollandi í dag fyrir 2,4 milljarða evra eða fyrir um 60% af þeirri ríkisábyrgð sem þjóðin er að taka á sig sem er umtalsvert lægri upphæð en þau möt um heimtur sem liggja fyrir. Notum þann gjaldeyri til að losa okkur við stóran hluta þeirra erlendu skammtímafjárfesta sem hér eru – m.v. gengi á evru 200-220 kr. Þá eignumst við íslenskar krónur sem bera munu – segjum 5,5% - nafnvexti næstu sjö ár.

Gefum okkur einnig að gengisvísitala krónunnar styrkist um ríflega 20% á næstu sjö árum og gengi evru á móti íslenskri krónu verði um 140 að þeim tíma liðnum (langt í frá óraunhæft – sérstaklega ef viðræður um Evrópusambandsaðild verða komnar eitthvað áleiðis). Þá mun lítið sem ekkert falla á innlenda skattborgara vegna þessara skuldbindinga. Gjaldeyrishöftum væri þá einnig hægt að aflétta strax þar sem óþolinmóðir fjármunir væru að megninu til farnir úr landi og stýrivexti mætti lækka umtalsvert.

Eina vandamálið sem þessu fylgir er hvernig við eigum að ná okkur í vel á sjötta milljarð evra að sjö árum liðnum – krónurnar komum við til með að eiga – en verði aðild að Evrópusambandinu þá innan seilingar verður hugsanlega búið að festa gengi krónu á móti evru og innlendar krónur orðnar að ígildi evra. Svona raunhæfa mynd er líka alveg hægt að draga upp – en framkvæmdin krefst að hægt sé að selja eignasafnið strax á „tombóluverði“. Er eitthvað sem kemur í veg fyrir það?

*Höfundur er hagfræðingur.*

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is* **MENNING:** Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* **VIÐSKIPTARITSTJÓRI:** Óli Kr. Ármannsson *olikr@markadurinn.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*



**GEORGE HOLLANDERS** opnar í dag sýninguna Tíðarandinn í Listmunahorninu á Árbæjarsafni. Þar verða til sýnis leikföng frá leikfangasmiðjunni Stubbi ásamt heimasmíð eftir börn George og fleiri.



**Sölufulltrúar Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Hugi Garðarsson** hugi@365.is 512 5447





# 4ra rétta tilboð

*og nýr A la Carte*

· **Reykt önd** með fíkjum, valhnetum og rauðvínsgljáa ·
· **Humarsúpa** rjómalöguð með grilluðum humarhölum ·
· **Lambahryggur** með lambaskanka og rósmarínsósu ·
* EÐA *
· **Fiskur dagsins** útfærður af matreiðslumönnum Perlunnar ·
· **Skyr "Tonka crème brûlée"** með karamelluís ·

**6.890 kr.**

*Hægt er að panta 4ra rétta seðilinn með sérvöldu víni með hverjum rétti: 10.990 kr.*

## Glas af eðalvíni

**Barolo „Ornato" 2004** | Ítalía.
**Chablis Grand Cru „Les Clos" 2005** | Frakkland

Nú hefur veitingahúsið Perlan bætt við möguleikanum að velja sér glas af **16 eðalvínum** með mat. Verð frá 1.050-3.700 kr.
*Sjá nánar á perlan.is.*

Hringbrot

PERLAN

Veitingahúsið Perlan - *Sími* 562 0200 - *Fax* 562 0207
*Netfang* perlan@perlan.is - *Heimasíða* www.perlan.is




Ása Guðrún Kristjánsdóttir finnur oft hugmyndir í matreiðslubókum að réttum sem hún breytir svo og einfaldar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Sumarlegt í eldhúsinu

**Ásu Guðrúnu Kristjánsdóttur finnst gaman að dunda sér í eldhúsinu og skoða matreiðslubækur til að fá hugmyndir að réttum. Hún gefur Fréttablaðinu sumarlega uppskrift að laxi og kartöflusalati.**

„Mér finnst laxinn sumarlegur og þetta er alveg tíminn fyrir hann núna," segir Ása Guðrún Kristjánsdóttir næringarfræðingur, sem varði doktorsritgerð sína fyrir viku. „Ég saltaði laxinn ekki en held að fólki finnist hann bragðlaus án þess. Það fylgir næringarfræðinni að ég passa mig á að salta ekki mikið. Það er gott að hafa saltið á borðinu með fiskinum."

Ása bjó einnig til kartöflusalat en hún segir það þægilegt því auðvelt sé að útbúa það nokkru áður en eigi að bera það fram. „Sérstaklega ef edikinu er ekki hellt yfir strax. Þetta er ekta salat til að hafa þegar á að grilla eða í lautarferð úti í garði. Ég fékk uppskriftina hjá vinkonu minni en þá var þetta fínni réttur sem ég hef einfaldað."

Ása útbjó ananas í eftirrétt sem hún segir að sé, eins og kartöflusalatið, auðvelt að gera fyrir fram. „Ananas getur verið góður eins og hann er. Þessa hugmynd fékk ég úr Jamie Oliver-uppskriftabók. Ég útbjó ananasinn ekki nákvæmlega eins því ég einfaldaði þetta eins og kartöflusalatið," útskýrir Ása brosandi.

„Mér finnst gaman að elda, sérstaklega þegar ég hef nógan tíma og er ekki að gera það í of miklum flýti," segir Ása og bætir við að henni finnist gaman að fá hugmyndir frá matreiðslubókum. „Ég býst við að ég hafi farið í næringarfræðina af matarást."

*martaf@frettabladid.is*

## SUMARLEGUR LAX

**FYRIR 2-3**



2 sneiðar lax
safi úr límónu

Kreistið safann úr límónunni yfir laxinn. Bakið í ofni við 200 gráður í um það bil tíu mínútur eða þar til laxinn er eldaður í gegn.

**Kartöflusalat**
5-10 kartöflur (fer eftir stærð)
eitt vel grænt og súrt epli
1 dl sólblómafræ
bútur af púrrulauk
nokkrar msk. ólífuolía
nokkrar msk. balsamedik

*Sjóðið kartöflurnar, skrælið ef þarf, og skerið í bita. Ristið sólblómafræin á pönnu. Skerið eplið í bita og púrrulauk í þunnar sneiðar. Blandið öllu saman auk olíu og balsamediks.*

**Eftirréttur**
ferskur ananas
mynta
hrásykur

*Skerið ananasinn í bita og steytið saman við hrásykur. Blandið öllu saman.*


Við drögum á föstudögum í allt sumar í morgunþætti Ívars Guðmundssonar á Bylgjunni

15.000 kr. matarkarfa frá Bónus, 3 mánaða kort í World Class, 10.000 kr. bensín úttekt frá Olís, gos frá Ölgerðinni, Tempur heilsukodda frá Betra bak, frítt í Laugarásbíó í allt sumar og frítt frelsi frá Tal í allt sumar.

TAL · olís · Betra BAK · World Class · Laugarásbíó · Kristall · BÓNUS · BYLGJAN 989

Sumarleikur NINGS

Sumartilboð

Djúpsteiktar rækjur með súrsætri sósu
Heimalagaðar vorrúllur með grænmeti
Kjúklingur og grænmeti með pandasósu
Stökkt svínakjöt „Thai Sesam"
ásamt hrísgrjónum og soya.

krónur 2790 fyrir tvo
krónur 1395 á mann

ATH! SUMARTILBOÐ ER EINGÖNGU AFGREITT FYRIR 2 EÐA FLEIRI




Íris Arna Geirsdóttir
Íslandsmeistari í Model fitness elskar heilsurétti Nings

SUÐURLANDSBRAUT 6, HLÍÐASMÁRA 12 OG STÓRHÖFÐA 17 • SÍMI: 588 9899



**NÁTTÚRULEG FEGURÐ** er yfirskrift sýningar eftir ljósmyndarann Stefán Stein sem stendur yfir í Skotinu í Ljósmyndasafni Reykjavíkur. Í þessari myndaröð er ætlunin að sýna náttúruna í sinni einföldustu mynd. Aðgangur er ókeypis.



Eirberg
**Rafknúnir** hægindastólar
- Auðvelda þér að standa upp
- Einfaldar stillingar og fjölbreytt úrval

www.eirberg.is • 569 3100 • Stórhöfða 25



Tal
Getraunaleikur Tals og Vísis
Drögum vikulega út veglega vinninga
Taktu þátt á Vísir.is
Pepsi deildin
vísir.is



ÞESSI ER MEÐ TUDOR

Mesta úrval landsins af rafgeymum í allar gerðir farartækja
mælum • skiptum um • traust og fagleg þjónusta • 30 ára reynsla

SKORRI
SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM
Bíldshöfða 12 · 110 RVK · 577 1515 · skorri.is
opið virka daga frá 8:15 - 17:30
TUDOR
fæst í Sólningu Kópavogi, Njarðvík og Selfossi og Barðanum Skútuvogi




Guðmundur Finnbogason segir heimsmeistara í rathlaupi koma á föstudaginn til að taka þátt. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Rathlaup í Öskjuhlíð

**Um fimmtíu manns koma til landsins til þess að hlaupa rathlaup í Öskjuhlíðinni í dag. Rathlaup er þekkt íþrótt víða um heim en hefur ekki náð fótfestu hér á landi þótt einhverjir hafi prófað íþróttina.**

„Ferðin er skipulögð af norsku fyrirtæki og er hópurinn að koma frá Grænlandi þar sem hann hefur hlaupið rathlaup undanfarna daga," segir Guðmundur Finnbogason, áhugamaður um rathlaup. „Áður en hópurinn kemur hafa kortagerðarmenn farið og teiknað rathlaupskortin."

Guðmundur segir að rathlaup virki þannig að hlaupið sé eftir leið á kortinu og klippum safnað á blað, en klippurnar eru allar með mismunandi munstri, og eru við rathlaupsflöggin. „Markmiðið með hlaupinu er að hlaupa rétta leið á sem stystum tíma. Það eina sem fólk hefur til að rata er kortið og í sumum tilfellum áttaviti en það fer eftir því hversu erfitt hlaupið er. Þetta hljómar einfalt en er samt merkilega erfitt."

Rathlaup hefur verið stundað í tugi ára og er upprunnið í Noregi en hefur aldrei náð fótfestu hér á landi. „Þetta er stundað meira og minna um allan heim og haldin eru stór heimsmót. Skandinövum sem við höfum verið í sambandi við finnst ofboðslega spennandi að koma þessu í gang hér á landi því það hefur verið reynt í mörg ár. Til dæmis langar þá að koma hingað til að prófa að hlaupa í hrauni."

Inntur eftir ástæðu þess að rathlaup hafi ekki náð vinsældum hér á landi segir Guðmundur að Íslendingar hafi talið að til rathlaupa þyrfti skóg til að villast í. „Það er auðvelt að villast í hrauni. Hraun er spennandi landsvæði því þar er erfitt að hlaupa og rata. Akkillesarhællinn hér er kortagerðin, sem tekur tíma, en á móti kemur að þegar búið er að gera kort þarf ekki mikið að laga það."

Og hver er framtíðin í rathlaupi á Íslandi? „Með þessum viðburði er möguleiki að leyfa fólki að prófa en settar verða upp tvær brautir, keppnisbrautin og önnur styttri. Fólk getur komið klukkan sex í dag að Hótel Loftleiðum og fengið að spreyta sig. Markmiðið er að rathlaup eignist sitt eigið líf á Íslandi. Ef fólk hefur áhuga er hægt að gera eitthvað úr þessu."

*martaf@frettabladid.is*



*teg. 81103*
Mjög flottur og gott snið í BC skálum á kr. 3.950,-
buxur í stíl á kr. 1.950,-

MISTY
Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf
Laugavegi 178, 105 R
sími 551-3366 - www.misty.is
opið mán-fös 10-18, lau 10-14



Takk!
907 2002
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is




Dans stiginn fyrir utan Gamla bæinn í Laufási.

# Í þá gömlu góðu

**Í Gamla bænum Laufási verður á sunnudaginn hægt að fylgjast með fólki við ýmsa iðju sem tíðkaðist í gamla daga.**

Sumarstarfsdagur verður haldinn í Laufási við Eyjafjörð sunnudaginn 5. júlí. Þar getur fólk fengið svör við spurningum á borð við: Hvernig verður smjör til? Hvernig fór fólk að því í gamla daga að gera skyr? Hvernig fór fólk að við heyskap fyrir tíð heyvinnuvéla?

Í Gamla bænum Laufási verður hægt milli 13.30 og 17.00 að fylgjast með fólki við ýmsa iðju sem tíðkaðist í gamla daga.

Dagskráin hefst í kirkjunni kl. 13.30 þar sem séra Bolli Pétur Bollason stýrir fjölskyldusamveru. Að henni lokinni verður fólk að störfum í Gamla bænum. Unnið verður úr undirstöðu mataræðis Íslendinga fyrr á öldum, mjólkinni.

Kynnt verður undir hlóðum og bakaðar gómsætar lummur. Gestum og gangandi verður boðið að smakka á ýmsu góðgæti sem unnið verður í gamla bænum, svo sem nýgerðri smjörklípu á heimabökuðu rúgbrauði og nýgerðu skyri. Á hlaðinu verður heyskapur í fullum gangi og danshópurinn Vefarinn stígur dans eftir að honum lýkur.

Þátttakendur í starfsdeginum í Laufási eru félagar úr Laufáshópnum auk fjölda annarra sjálfboðaliða.

Veitingasala er í Gamla prestshúsinu, en þar er hráefni úr héraði í hávegum haft. Opið er í Laufási frá 9 til 18 alla daga.

# föstudagur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS 3. júlí 2009



# ÞROSKUÐ KARLMANNAVINÁTTA

Jón Gnarr og Sigurjón Kjartansson héldu lengi úti einum vinsælasta útvarpsþætti fyrr og síðar. Þeir telja þjóðina þurfa á gríni að halda.

## INNSETNING OG NÝR ILMUR

Andrea Maack myndlistarkona opnar sýningu í Galleríi Ágúst.

## SELUR „THIRD HAND“-FLÍKUR

Lilja Dröfn hönnuður rekur vinnustofuna Miss Patty's á Hverfisgötu.

MYNDAVÉLAR Í ÚRVALI

Panasonic CASIO OLYMPUS Nikon




Alltaf gæði og góð kaup!
1971 - 2009

Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

SanDisk MINNISKORT ALLAR GERÐIR

UMBOÐSMENN UM LAND ALLT ▶ REYKJAVÍKURSVÆÐIÐ: Hagkaup, Smáralind. VESTURLAND: Hljómsýn, Akranesi. Hagkaup, Borgarnesi. Samkaup, Borgarnesi. Blómsturvellir, Hellissandi. Skipavík, Stykkishólmi. VESTFIRÐIR: Kaupfélag Steingrímsfjarðar, Drangsnesi. Samkaup, Ísafirði. NORÐURLAND: KF Steingrímsfjarðar, Hólmavík. KF V-Húnvetninga, Hvammstanga. Krákur, Blönduósi. Skagfirðingabúð, Sauðárkróki. Hagkaup, Akureyri. Heimilistæki, Akureyri. Öryggi, Húsavík. AUSTURLAND: Samkaup, Egilsstöðum. Kauptún, Vopnafirði. Samkaup, Seyðisfirði. Sparkaup, Fáskrúðsfirði. Martölvan, Höfn Hornafirði. SUÐURLAND: Mosfell, Hellu. Fossraf, Selfossi. Geisli, Vestmannaeyjum. REYKJANES: Tæknirað, Grindavík. Hagkaup, Njarðvík.

# núna
✻ horfum inn á við

## ÆVAR ÞÓR BENEDIKTSSON LEIKARI

helgin MÍN



Ég hef lofað sjálfum mér að reyna að sofa eins mikið og ég get þennan föstudag enda er Grease þannig sýning að það er ekki mikil orka eftir í manni þegar tjaldið fellur. Þegar ég svo loksins kem mér á fætur mun ég hella mér yfir rússneskar heimsbókmenntir, enda föstudagur. Á laugardagskvöldinu er stefnan tekin á Austurbæ á afmælistónleika Eiríks Haukssonar. Á sunnudaginn mun ég svo gera heiðarlega tilraun til að finna upp hjólið.



### Slappað af á Grikklandi

Georg Hólm, bassaleikari hljómsveitarinnar Sigur Rósar, naut lífsins á Grikklandi ásamt eiginkonu sinni, Svanhvíti Tryggvadóttur, fyrir stuttu. Hjónin nutu lífsins í sólinni og fóru meðal annars á asnabak. Svo leigðu þau bát til að sigla á milli grísku eyjanna og heimsóttu meðal annars Ródos.

### Hinseginball



þetta HELST

Sérstakt styrktarball fyrir Hinsegin daga verður haldið á Nasa annað kvöld. Má telja víst að þar verði mikið líf og fjör og margt um manninn. Páll Óskar skemmtir gestum, að sjálfsögðu.

### Svo lærir sem lifir



Söngkonan knáa Jarþrúður Karlsdóttir hefur tilkynnt á Fésbókarsíðu sinni að hún hafi nýlega uppgötvað nýjan hæfileika. Þessi nýi hæfileiki söngkonunnar á lítið skylt við tónlistina en hún mun hafa tekið upp á því að hekla gardínur.

Andrea Maack kynnir nýjan ilm og innsetningu

# ILMUR ÚT FRÁ ÞRÍVÍDDARTEIKNINGU

Andrea Maack myndlistarkona opnar nýja sýningu í Gallerí Ágúst, við Baldursgötu, á morgun klukkan fjögur. Þar verður nýr ilmur, Sharp, kynntur, auk nýrrar innsetningar. Sharp er þriðji ilmur Andreu, en hann var fyrst kynntur á tískutvíæringnum í Arnhem fyrir tæpum mánuði. Þar sýndi Andrea við hlið helstu tískuhönnuða heims, auk annarra myndlistarmanna sem vinna á mörkum myndlistar og tísku. Auk ilmsins hefur Andrea unnið með hönnuðum að flíkum.

„Ég er í samstarfi við franskt ilmvatnsfyrirtæki, apf arômes & parfums. Okkar samstarf byggist á því að þeir vinna lykt eftir teikningu.“ Andrea sendir þá inn þrívíddarteikningu sem þeir skapa ilminn út frá. Hún segir Sharp ilmvatnslegustu lyktina til þessa. „Ég hef verið að vinna ekkert ólíkt og fatahönnuðir, þar sem það er vorlína og haustlína. Þetta er sem sagt vorlínan 2009.“ Einkennismerki Andreu er munstrið sem má finna á teikningunum. „Mörg af þessum tískuhúsum, líkt og Missoni, eru alltaf með sama munstrið. Þetta er í annað skiptið sem ég nota teikningu og geri flík í samstarfi við fatahönnuð.“

Tískutvíæringurinn, sem er einn stærsti tískuviðburður heims, hefur vakið athygli á verkum Andreu og hafa tískublogg og vefsvæði hönnuða sýnt henni áhuga ekki síður en gallerí. „Í kjölfarið hef ég verið að velta fyrir mér að fara aðrar leiðir. Ég hef verið að hugsa um að gera kannski litla línu af vörutengdum listaverkum. Það er næsta skref að þróa þetta aðeins lengra. Svo verður auðvitað gerð ný lykt þegar að því kemur.“

Gestir hafa yfirleitt fengið að taka ilminn með sér í einhverju formi heim. „Flestar minningar koma frá lykt. Fólk tengir strax við hana. Með því að hafa lyktirnar á sýningum verða til minningar um þær.“ - kbs



**Nafn í tískuheiminum** Andrea Maack vekur athygli fyrir ilm og munstur. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR



**Þrívíð hönnun** Eitt af fyrri verkum þar sem munstrið skapar kjólinn.


# TÍU VIKUR Á TOPPNUM

Glæsileg bók og skemmtilegur geisladiskur sem þjóðin tekur fagnandi.




MÁL OG MENNING
www.forlagid.is

Bókin geymir yfir 120 nýja og sígilda söngtexta og diskurinn 47 lög í frábærum flutningi Skólakórs Kársness sem upplagt er að taka undir, heima eða í bílnum.


Lilja Dröfn Dagbjartsdóttir skóhönnuður

# Hjá ungfrú Patty

Lilja Dröfn Dagbjartsdóttir útskrifaðist sem skóhönnuður árið 2006 úr hinum virta hönnunarskóla London College of Fashion. Hún rekur nú vinnustofuna Miss Patty's á Hverfisgötu 103 ásamt systur sinni Lenu Dögg, sem er textílkennari, og Guðrúnu Guðjónsdóttur fatahönnuði. Stúlkurnar hafa í rúmt ár hannað töskur, leggings og ýmislegt annað undir nafninu Miss Patty's og selt vörur sínar á netinu. Nú reka þær þó litla verslun á vinnustofunni.

„Þetta kom þannig til að ég var að leita mér að íbúð og þá fann ég þetta vinnupláss. Hingað getur fólk komið og skoðað það sem við erum að gera. Við erum að selja allt mögulegt, leðurtöskur, „vintage“-föt og eitthvað sem við kjósum að kalla „third hand“-flíkur sem eru gamlar flíkur sem við höfum breytt og endurbætt,“ segir Lilja Dröfn. Verslunin er opin frá klukkan 13 til 18 á miðvikudögum og klukkan 16 til 20 á fimmtudögum en einnig er hægt að koma utan þess tíma. „Við erum með opið þegar við erum í stuði til þess. Þegar maður er að framleiða allt sjálfur er erfitt að standa líka í verslun og afgreiða þannig ég veit ekki hvort við förum út í búðarrekstur. Þetta er í raun bara vinnustofa sem hægt er að heimsækja og gera góð kaup. í“ - sm



**Systurnar Lilja Dröfn og Lena Dögg ásamt Guðrúnu** Þær reka saman vinnustofuna Miss Patty's á Hverfisgötu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

✻ augnablikið



**LOKKANDI** Franska leikkonan og þokkagyðjan Marion Cotillard á frumsýningu kvikmyndarinnar Public Enemies á Leicester-torginu í London á mánudagskvöld.

föstudagur

**Útgáfufélag** 365 miðlar ehf. **Forsíðumynd** Anton Brink
**Útlitshönnun** Kristín Agnarsdóttir **Auglýsingar** Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir
*sigridurdagny@365.is sími 512 5462* **Föstudagur** Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000



FIJI SETT
áður 99.900,-
nú 49.950,-
50%
Fiji sett
30%
allar sumarvörur
3 fyrir 2
vasar
3 fyrir 2
Yes To snyrtivörur
3 fyrir 2
glös
3 fyrir 2
púðar
40%
mjúkdýr
70%
allar rúmgrindur
útsala
Útsalan hefst 3. júlí kl. 11
15% afsláttur gefinn við kassa af öllum vörum sem ekki eru á útsölu
the PIER
kemur stöðugt á óvart ...
Smáratorgi 3 / 201 Kópavogi / sími: 522 7860 / / Korputorgi / 112 Reykjavík / sími: 522 7870

# VANDRÆÐALEG SÍMTÖL JÓNS

**Jón Gnarr og Sigurjón Kjartansson héldu úti einum vinsælasta útvarpsþætti landsins fyrr og síðar – Tvíhöfða. Þeir eru ekki sammála um hvort og hvernig endurkoman eigi að vera en eru þó sammála um að þjóðfélagið þurfi nauðsynlega á gríni að halda. Gubbað af gleði, nýútkomin plata, með gömlu og nýju efni, er þeirra framlag.**

*Viðtal:* **Júlía Margrét Alexandersd.**
*Myndir:* **Anton Brink**



**Góðir vinir** Sigurjón og Jón Gnarr eru góðir vinir þótt vissulega geti stundum liðið mánuðir án þess að þeir hittist. Vináttan sé enda tímalaus.

Hversu vel þekkist þið – vitið þið til dæmis nokkurn veginn hvernig dagurinn í dag verður hjá hinum? Hvernig heldur þú að þessi dagur hjá Jóni sé, Sigurjón, og hver eru dagsverk Sigurjóns, Jón?

Sigurjón: Jón vaknaði í morgun og fór út með hundinn sinn, hann Tobba. Svo held ég að hann hafi eldað sér einhvern morgunverð. Hann á það til að fara í egg og beikon. Nema þegar hann er grænmetisæta. Ég veit ekki alveg hvar hann er staddur núna, stundum borðar hann til að mynda ekki svínakjöt. Hann er öfgamaður í öllu sem hann tekur sér fyrir hendur.

Jón: Já, ég er á djúsaföstu þannig að ég borða ekki neitt. Segi svona.

Sigurjón: Þar sem hann er í fríi en ekki í tökum er hann væntanlega að fara að vesenast eitthvað með litla strákinn. Hann er á þeim aldri að það tekur mest af orku manns. Kannski fer hann í Húsdýragarðinn. Í kvöld gæti svo vel verið að það yrði horft á einhverja mynd. Ég kynntist svona rólegu fjölskyldulífi fyrst, eins og að taka mynd á hverju kvöldi þar sem allir horfa saman, hjá Jóni.

Jón: Þetta var þegar Sigurjón bjó einn. Þá var hann svona Fúsi frændi sem kom alltaf og hékk yfir okkur.

Sigurjón: Stundum áttu þau það til að taka myndir sem ég mælti rosalega með. Og fékk þá alla fjölskylduna upp á móti mér.

Jón: Dagurinn hans Sigurjóns er frekar einfaldur, hann vaknaði í morgun og fór út með hundinn sinn, Mola. Tobbi og Moli eru samt ekki af sama kyni.

Sigurjón: Já, já, minn er stærri.

Jón: Svo hefur hann kannski fengið sér AB-mjólk. Eftir þetta viðtal býst ég við að hann þurfi að mæta á einhverja fundi. Fer kannski að hitta einhverjar leikkonur um tvöleytið til að skrifa eitthvað. Svo er hann kominn heim milli fimm og sex og þá eldar hann spaghetti bolognese. Eftir það er það líklega kvöld í faðmi fjölskyldunnar og hann fer snemma að sofa, milli tíu og ellefu.

## SÉRSTÖK SÍMATÆKNI

Eruð þið miklir vinir utan vinnu?

Sigurjón: Við erum miklir vinir en erum ekkert að hanga, þetta er svona þroskuð karlmannavinátta. Jón hefur reyndar mjög sérstaka símatækni sem er mjög feminísk. Hann hringir oft án þess að hafa nokkuð um að tala. Vill bara tjatta og ég hef aldrei náð því. Ég er miklu vanari því að menn hringi með einhver erindi. En jú, jú, við tölum mikið saman í síma. Vinátta karlmanna er öðruvísi en vinátta kvenna. Við getum verið vinir án þess að heyrast eða hittast í mörg ár.

Jón: Vináttan er alveg tímalaus. Við höfum reyndar aldrei látið líða ár á milli þess sem við hittumst en við gætum það alveg. Og svo þegar við hittumst væri bara eins og við hefðum síðast sést í gær.

## RÚV ÆTTI AÐ VERA FRUMKVÖÐULL

Hvert finnst ykkur framlag Tvíhöfða hafa verið til þjóðfélagsins?

Jón: Tvíhöfði hefur sett ákveðinn standard í íslensku gríni. Við náðum því margoft að fólk hafði hlegið svo mikið þegar það var til að mynda að keyra og hlusta að það missti stjórn á bílnum sínum og þurfti að leggja honum til að geta klárað að hlusta. En framlag Tvíhöfða er miklu meira en bara grín. Þetta er líka einhver yfirlýsing um lífsgildi. Mér finnst það eiga við, eins og ástandið er í þjóðfélaginu núna, að Tvíhöfði snúi aftur í útvarpið til að létta lund fólks. Stjórnvöld skulda fólki það.

Sigurjón: Þarna ætti Ríkisútvarpið auðvitað að koma sterkt inn, ef það sinnti hlutverki sínu, og hefði Tvíhöfða á dagskrá. Málið er bara að það er vesen að komast þar inn og vera þar. Markaðsspekúlantar héldu því statt og stöðugt fram að auglýsendur vildu síður auglýsa hjá okkur, þrátt fyrir ótrúlega góða hlustun. Það er slæmt hversu staðnaðir hlutirnir eru á margan hátt á þessari stofnun. Rás eitt er þannig orðin eins og hálfgert útvarp háskólans. Þetta er ekkert annað en einhverjar ritgerðir og langir upplestrar, fúlir og dauðir. Það eru frábærir þættir inni á milli, en það er ekkert sem nær þessu beintengda andrúmslofti eins og við náðum, við þjóðfélagið. Af hverju er það ekki á Rás eitt? Ríkisútvarpið verður að tala mál sem þjóðin skilur og vera í sambandi við hana en ekki vera með yfirlætislegar útsendingar.

## ÞRÍDRANGUR VILHJÁLMSSON

Jón: Ég man að Víðsjá fjallaði einu sinni um Næturvaktina og þar var talað um Næturvakt Ragnars Bragasonar og Næturvakt Ragnars


www.lyfja.is

LYFJA
- Lífið heil

Gildir 26. júní – 3. júlí
á meðan birgðir endast.




20% afsláttur

CLINIQUE. Vertu brún án þess að brenna, notaðu sólarvörn frá Clinique. Ofnæmisprófuð, ilmefnalaus og hönnuð af húðlæknum.


## * bak við tjöldin

**Sigurjón**

**Happatala:**
Engin

**Eftirlætisstaður á Íslandi:**
Lazyboyinn minn

**Skyndibiti:**
Epli

**Eftirlætissundlaugin:**
Sundhöll Ísafjarðar

**Hráefni til að nota í matarslag:**
Egg



**Jón Gnarr**

**Happatala:**
Engin

**Eftirlætisstaður:**
Engin, hvorki hér né í útlöndum

**Skyndibiti:**
Tower Zinger hjá KFC

**Eftirlætissundlaugin:**
Atlantshafið

**Hráefni til að nota í matarslag:**
Vel heitt soðið slátur







Bragasonar en ekki minnst einu orði á framlag allra hinna – auðvitað af því að fínast allra var að vera „leikstjórinn“. Það var það sem skipti öllu máli. Fólk er oft svo fast í ákveðnum hugsunarhætti.

Sigurjón: Ef Katrín Jakobsdóttir, og þessi endurskoðunarnefnd, breytir því þannig að RÚV verði leiðandi og aðrir elta, þá er það gott.

Jón: Já, mér líst vel á Katrínu, hef fulla trú á henni. Hallgrímur Helgason skrifaði einhvern tímann að það að reyna að koma nýrri hugmynd á framfæri við RÚV væri eins og að gefa sig á tal við ókunnuga úti á götu. Viðmótið væri vandræðalegt, farið væri undan í flæmingi og óvissa hvernig taka ætti í hugmyndirnar. Árið 1995, fyrir fjórtán árum, þegar við vorum með innslög í Dagsljósinu, stóðum við í þeirri trú að við tæki nýtt grín á RÚV. Við værum nýju fyndnu gæjarnir og við fengjum að taka við af Spaugstofunni síðar meir. En nei, nei. Fjórtán árum síðar – Spaugstofan er enn.

Sigurjón: Það verður samt að segja Þórhalli dagskrárstjóra til hróss að maður er allavega farinn að tala við RÚV, og það er nýtt. Áður en hann kom var þetta bara hryllingur. Sjónvarpið má samt ekki detta í það að verða Skjár einn – þremur árum síðar.

Jón: Það er eitt sem fer í taugarnar á mér, alveg skelfilega í taugarnar á mér.

Sigurjón: Ég hef heyrt þetta áður…

Jón: Nei, ekki þetta – en það er þegar skapandi hugsun er brotin niður af einhverri stofnun. Sjáið bara pabba Villa Vill og Ellýjar. Hann var staðráðinn í því að skíra börnin sín eftir eyjum, og Ellý var skírð Eldey. En svo þegar Vilhjálmur fæddist og það átti að skíra hann Þrídrang þá mætti mannanafnanefnd á svæðið og bannaði það. Hugsið ykkur hvað það væri svalt og sérstakt ef Villi Vill væri kynntur í útvarpinu sem Þrídrangur í dag. Mér finnst RÚV eiginlega vera voðalega mikið í hlutverki mannanafnanefndarinnar. Það er samt rétt að taka fram að við erum samt ekki að gagnrýna Spaugstofumennina persónulega heldur RÚV. Þeir eru allir frábærir og þetta snýst ekki um þá persónulega.

Sigurjón: Þótt þeir haldi það alltaf. Við viljum bara sjá þá meira í Þjóðleikhúsinu.



ÁHRIFAvaldurinn



## GUÐNÝ GUÐMUNDSDÓTTIR

### Sigrún Eðvaldsdóttir fiðluleikari

Sigrún Eðvaldsdóttir á nokkra áhrifavalda í sínu lífi. Einn þeirra er Guðný Guðmundsdóttir fiðluleikari. „Guðný, samstarfskona mín, var kennarinn minn hér áður fyrr. Hún aðstoðaði mig og leiðbeindi eftir fremstu getu, hvatti mig áfram og var mér mikill stuðningur. Hún Guðný er bara svo hvetjandi og jákvæð í alla staði og áttaði sig á því hvernig ætti að draga fram það besta í mér. Algjör vítamínsprauta.“

Þá segir Sigrún föður sinn, Eðvald Eðvaldsson, mikinn áhrifavald. „Hann pabbi minn var rosalegur klettur í mínu lífi. Hann leiddi mann alltaf áfram, þegar á þurfti að halda. Ég verð alltaf mjög þakklát fyrir það,“ útskýrir hún og segir ekki sjálfgefið að eiga svona góða að. „Alls ekki. Ég fann það sérstaklega eftir að pabbi féll frá. Þá fyrst áttaði ég mig á því hvað ég hafði verið heppin að eiga svona góðan föður og vin.“

Ekki segist Sigrún hafa reynt að feta sérstaklega í fótspor þessara áhrifavalda en kveður þá hins vegar hafa gefið sér ómetanlegt veganesti út í lífið.






# tíðin
✻ Njótið lífsins

**ROKKAÐ** Tónleikaferð hljómsveitarinnar Naglar heldur áfram um helgina þegar hún kemur fram ásamt fleirum á Sauðárkróki og Egilsstöðum í kvöld og á morgun. Hefjast tónleikarnir klukkan átta.

**MARCO BAILEY Á NASA** Belgíski plötusnúðurinn Marco Bailey heldur tónleika á Nasa 18. júlí. Teknótónlist er sérsvið Baileys og má því búast við miklu stuði á Nasa. Forsala er hafin á tónleikana í Mohawks í Kringlunni.

## DÍANA MIST



***Laugardagur 27. júní*** Síðasta helgi var með líflegra móti og bærinn pakkaður af fólki. Bar þar fyrir augu fullt af frægu og föngulegu fólki í bland við steggi, gæsir og rasandi unglinga og smástelpur í sýnishornum. Ó já, litlum joggingkjólum sem rétt ná fyrir neðan klof. Hvað er það? Smá smekklegheit takk! Óþarfi að vera eins og nýstokkin úr jazzballetttíma. Á Boston var stemningin rafmögnuð og tónlistin to die for! Ég veit ekki hvort það var vegna þess að á staðnum var goðið okkar hún **Björk** sem dillaði sér á dansgólfinu, ungleg að vanda, eða vegna allra blóðheitu Frakkanna sem hristu skankana uppi á borðum og reyndu að smella frönskum kossum á íslenskar ungmeyjar. Ekki hvað síst föngulega gæs sem hristi bossann með bleika kórónu og hjartablöðru sem á voru einföld skilaboð: Kiss me! Fylgdarlið Bjarkar var ekki af verri endanum. Með í för voru **Jónas Sen**, **Ásgerður Júníusdóttir** og **Ásta** í Eskimo. Dönsuðu þau við sígilda slagara sem allir kunnu textana við. Poppgoðið Michael Jackson setti svip sinn á kvöldið en annað hvert lag var frá honum komið. R.I.P. Jacko darling. Eldri kynslóðin hélt sig í meiri rólegheitum á efri hæðinni en þar var erkitöffarinn **Egill Ólafsson** í góðu yfirlæti. Því næst lá leið okkar á B5 þar sem er alltaf röð. Við fórum að sjálfsögðu ekki í hana enda djammdrottningin hér á ferð! Á leiðinni mættum við enn fleiri steggjum og gæsum og greinilegt að brúðkaups-sísonið er í algleymingi í sumarsælunni. Þar var stappað og mætti halda að hnakkaárshátíðin hafi verið haldin á laugardaginn. Mikið gel, mikið pleður og mega leiðinleg tónlist. Fíla ekki allt þetta R&B drasl. Ekki frekar en þetta furðulega VIP-herbergi á B5. Hins vegar var þar margt um merkan manninn og voru þeir félagarnir **Eiður Smári** og **Auddi** mættir í golfgöllunum flottu. Alveg að fíla sig í tætlur í gæjaleik. Ofur-Huga brá fyrir en hann fór samt frekar hljótt, átti kannski við ofurefli að etja. Dyraverðirnir á B5 fá prik fyrir almennilegheit. Eftir stöppuna á B5 var ákveðið að skreppa í rólegheitin á Ölstofunni þar sem rætt var um menn og málefni. Ofurskutlan og pistladrottningin **Klara Arndal**, ritstjóri Birtu, var í stuði á barnum og **Silja Bára Ómarsdóttir** alþjóðastjórnmálafræðingur var í góðum gír. Meiri gáfumennabragur sveif þar yfir vötnum en annars staðar, enda meðalaldurinn líklega hærri. En hve gáfulegar samræðurnar í raun voru má deila um.





***Sunnudagur 28. júní*** Eftir langan laugardag var sunnudeginum eytt líkt og skaparinn hefði kosið, í hvíld. Hins vegar er spurning hvort hann gerði ráð fyrir timburmönnunum sem sóttu á mig eftir gleði helgarinnar. Hefnd fyrir nótt í Sódómu?

***Mánudagur 29. júní*** Ó já elskurnar, mánudagur! Á dauða mínum átti ég von en ekki svona þrusustuði á mánudagskvöldi. Skrapp með vinkonu minni á Boston. Ætluðum bara aðeins að kjafta um viðburði helgarinnar, en viti menn! Þar var gleðin við völd. **Ási** fatahönnuður skoppaði um á gullskóm og barst mikið á í hópi föngulegra vinkvenna. **Ingvar E. Sigurðsson** leikari, sem er eiginlega orðinn hvíthærður en alltaf jafnheitur, var líka á staðnum auk leikskáldsins **Jóns Atla Jónassonar**. Listakonan **Gabríela Friðriksdóttir** var vel í glasi og réðst á klósetthurð áður en hún athugaði hvort hún væri læst eða ekki. Alltaf allt á fullu á Boston. Svo er spurning hvort maður hætti sér út úr bænum um næstu helgi? Er ekki skylda að fara í að minnsta kosti eina útilegu á ári?


LYFJA
- Lífið heil
www.lyfja.is



+ Gildir 26. júní til 3. júlí á meðan birgðir endast. Fæst í Lyfju Lágmúla, Smáratorgi og Selfossi.

Kaupauki+
ESTÉE LAUDER. Kauptu sólarvörn eða sjálfbrúnkukrem og fáðu tösku, sólarpúður eða sjálfbrúnkukrem með í kaupbæti.


TOPP 10



## GUÐJÓN ÞORSTEINN PÁLMARSSON, DENNI MINN
**leikari**



**RAFMAGNSGÍTARINN** Kemur fram við mig eins og ég kem fram við hann.

**MÓTORHJÓLIÐ** 340 kíló af hreinni og tærri fegurð.

**STÍGVÉLIN** sparka í rass.

**RAY BAN-SÓLGLERAUGUN** Ef þú átt ekki Ray-Ban ertu ekki svalur.

**PASSINN** Með þessu kvikindi kemst ég hvert sem er.

**NAGLAKLIPPUR** Skil ekki hvernig ég gat komist af án þeirra.

**VARALITURINN** Það er saga á bak við þennan. Hann gefur mér vogarafl.

**GPS-TÆKIÐ** Ég elska þetta fyrirbæri.

**SKEGGSNYRTIRINN** Ég mun taka hann með mér í gröfina. Hárið heldur víst áfram að vaxa.

**SÚPERMAN-HRINGURINN** Maður sem ég hitti á förnum vegi tók eftir þessum hring.




# Verndaðu augun



Mikilvægt er fyrir konur í kringum þrítugt að hugsa vel um húðina í andliti vilji þær koma í veg fyrir fyrstu merki öldrunar. Húðin kringum augun er oftast það fyrsta sem lætur á sjá en hægt er að koma í veg fyrir fíngerðar hrukkur, til dæmis með fersku möndlu- og eplaaugngeli frá L'Occitane. Gelið er samansett af möndluprótíni og kísil sem eykur teygjanleika húðarinnar og gerir hana stinnari og sléttir úr fíngerðum línum. Þá hjálpar gelið einnig við að minnka bauga og draga úr þreytu í kringum augun. Flaskan er lítil og því tilvalið að taka hana með og geyma í veskinu.

# Kossar frá Naomi




Ástin svífur yfir vötnum með nýja sumarlega og frískandi ilmvatninu hennar Naomi Campbell, With Kisses, sem bættist við Cat Deluxe-línuna hennar nú í sumar. Ilmurinn þykir að hluta til mjúkur og blíður með rósalykt en einnig fjörlegur með blöndu af kryddtegundum og sítrusávöxtum sem gerir hann svolítið prakkaralegan. Flaskan er einnig falleg með rauðri dúskklemmu og því flottur fylgihlutur fyrir stelpur í sumar. *- hds*





Candino úr í miklu úrvali hjá,
meba | rhodium
KRINGLUNNI & SMÁRALIND
CANDINO
SWISS WATCH
Festina-Candino Watch Ltd | candino.com






KONUR OG MENN | SMÁRALIND Mán. - Fös. 11-19. Lau. 11-18. Sun. 13-18. | LAUGAVEGUR Mán. - Fös. 11-18. Lau. 11-16. Sun. 13-17.

GK REYKJAVÍK



# FRÁBÆR FÖSTUDAGUR

**Urður Hákonardóttir söngkona**



1 Verja öllum deginum med Kríu dóttur minni.

2 Fara á Kaffismiðjuna. Byrja daginn á góðum kaffibolla og samræðum við gott fólk.



3 Keyra í sveitina til ömmu og afa. Koma við í Hveragerði og fara í sund.



4 Hitta vini og elda saman eða grilla.

5 Eiga kósíkvöld heima og horfa á góða kvikmynd. Til dæmis Annie Hall eftir Woody Allen.






512 50 50 Auglýsingasími




– Mest lesið

### !!! TILBOÐ - TILBOÐ!!!
Yamaha YZ 85cc árg. '08. Lítur mjög vel út. Lítið notað. Tilboðsverð aðeins 290þús. stgr. Uppl. í s. 695 9696.

### Tilboð Tilboð!
Yamaha IZ 250F 2008. Listaverð 790þ. Stgr. tilboð 590þ. Gott hjól. Uppl. í s. 659-9696

Motor sport


Dirt bike Xmotos 250cc 2 litir, stillanlegir demparar, framan og aftan upp side down verð 278,000.- Tilboð 249.000.-


Vespa Future 125cc 12" dekk 2 litir. Einstaklega falleg vespa. Verð aðeins 298,000.- með skráningu.


Aðeins nokkrar eftir !! Ótrúleg vespa Admiral 125 cc á 16" dekkjum sem gefur möguleika að keyra í möl. Ótrúlegur Kraftur. Til í 2 litum. Kassi fylgir með. Verð aðeins 358,000.- með skráningu.


Ítalskt hannaðar vespur 125cc Svartar og Hvítar verð 298,000.- áður: 335,000,.- með skráningu.


Vespur nýkomnar City Runner Ítalskt hannaðar 50cc svartar, rauðar, báar, svartar+ silfraðar breiðum 12" dekkjum þjófavörn ál plötur á gólfi. Kassi fylgir með. Verð aðeins 245,000.- með skráningu.


Pit Bike 125cc Xmotos 2 litir Verð 180,000.- Tilboð 149.000.-

**Mótorsport ehf**
**Síðumúla 34, 108 Reykjavík**
**Sími: 567 1040**
**Öll viðgerðarþjónusta á staðnum**
**www.motorogsport.is**

## Hjólhýsi


T.E.C hjólhýsi til sölu, árg. 2007. Nánast ónotað, mikið af aukahlutum. Uppl. í s: 699 4407 og 856 6766


TEC TRAVEL KING 690 TKM árg. 2006 í toppstandi Gaskerfi, euromover, sjónvarp ofl. ofl. verð 3.8 mill. Uppl. í s. 772 0022.


Adria Classica 613PK árg. 2006 Aukab. Sat diskur/ Loftnet DVD/CD/iPod/ útvarpspilari. Sólarraf. með auka rafg. Alde hitakerfi. Verð 2.850þ. S. 858 4567.

Tökum í umboðssölu. Fellihýsi, Hjólhýsi og Húsbíla. Mikil sala. vikurverk.is S. 557 7720

Til sölu koju-hjólhýsi. Hobby 560 ukf. Prestige. Árg '05. Markisa, sólarsella ofl. Uppl. í s. 660 8860.

LMC Munsterland 400S 06" til sölu. Lítið notað og vel með farið. Sjónvarp & Loftnet. s. 899-0675.

## Fellihýsi


Til sölu vel með farið Starcraft fellihýsi árg. 00. Sólarafhlaða, fortjald, ísskápur, eldavél og grjótgrind. Tilbúið í ferðalagið. Verð 600þús. Uppl. í s. 691 5835.


Fleetwood Niagara 14 ft árg. '06 í topp standi til sölu. Eitt með öllum þeim þægindum sem hægt er að fá í fellihýsi. Ásett v. 1750þ. Áhv. 1125þ. Afb. 26þ. á mán. Engin skipti S. 661 2734 Jói.


Til sölu Palamino Yearling 10 feta árgerð 2006. Hýsið er í mjög góða standi og er MEÐ ÖLLU svo sem fortjaldi, markísu, sólarsellu, farangurskistu á beisli o.s.frv. Frekari upplýsingar í síma 862 4101 og 891 9567.

Til sölu Colman redwood 9ft. Árg. '01. Upphækkaður, sólarsella, ísskápur, markísa, WC, x2 rafgeymar, x2 gaskútar. Ný skoðað og í topp standi. Verð 850þús. Uppl. s. 863 6081.

Til sölu Viking fellihýsi. Verðtilboð. Uppl. í s. 692 8091.

Níu ft Coleman Redwood árg '99. Vel meðfarið og fylgir með sólarsella, fortjald, ísskápur og wc. V. 650 þús. Uppl. s.897 7103, 892 9644.

## Skemmtanir




## Tjaldvagnar

Ægistjaldvagn árg. 2005 til sölu. Fortjald, gólfmotta, geymslukassi á beysli, yfirbreiðslur á vagn og kassa og eldhúseining (borð) fylgir með. Vel með farið og vagninn nýskoðaður. Verð 600 þkr. s 8998103

Holiday Camp Sport árg.'03, fortjald, stærri dekk, loftpúðafjöðrun. Verð 450Þ s. 824 8004 e.kl.18.

Óska eftir að kaupa hliðartjald (kálf) á Compi Camp tjaldvagn árgerð 2001-2009. S. 822 0570.

Ægis tjaldvagn upphækkaður árg. '02. Vel með farinn og lítið notaður. Nýtt fortjald fylgir, ásett verð 430þ. Uppl. í s. 431 2948 & 867 2220.

## Bátar


Til sölu hraðfiskibátur með Volvo130hö vél. Tilboð óskast. Uppl. í s. 840 0613.



Plastmódel í miklu úrvali. Tómstundahúsið, Nethyl 2, sími 587-0600, www.tomstundahusid.is.


Fletcher 19 GTS 19ft. árg 2000. 210 hp innb. kerra, blæjur. Uppl. í síma 770 6900.

Handfærasökkur úr stálsteypu 2 kg - 300 kr. stk 2,5 kg - 350 kr. stk 462 6512 / 897 9999.

## Varahlutir




### Bílhlutir, Kaplahrauni 14, S. 555 4940.
Sérhæfum okkur í Volkswagen, Skoda og Daihatsu. Eigum einnig varahluti í fleiri tegundir bíla. Kaupum bíla til niðurrifs.

### Bílapartar Grænumýri 3, Mosfellsbæ.
Komdu með bílinn til okkar og fáðu skilavottorð, við erum Þjónustuaðilar Úrvinnslusjóðs. Opið 9-18 virka daga

### 555 6666
VW Bora, Golf, Passat, Cati, Audi A4. Hyundai Getz H1, Starex, Santa Fe, I30. Honda Jazz, CRV. Toyota Avensis, Yaris. M.Benz margar gerðir. Fiat Punto. Suzuki Swift. Chevrolet Lacette. MMC Galant, Pajero. Citroen Berlingo. Daihatsu Terios. Peugot 206. Man 26530 árg.'05. og margt fleira. Kaupum bíla til niðurrifs. S. 555 6666 & 615 0888.

Varahlutir í VW Golf, Polo og Yaris, og Kangoo. Viðgerðir. Gírkassar. Bremsuviðgerðir. Kaupi bíla. Uppl. í s. 554 1610 & 892 7852.

### Bílapartar ehf S. 587 7659.
Eigum mikið úrval af varahlutum í flestar gerðir Toyota bifreiða. Kaupum Toyota bíla. Opið virka daga frá kl. 9.00 - 18.00. Grænumýri 3 Mosfellsbæ www.bilapartar.is

## Bílaleiga

### www.bilaleigan.is
Allar gerðir af bílum. S. 848 4490 eða bilaleigan.is

## Veitingastaðir

Vinsamlegast pantið borð. Sérstakur staður á sérstökum stað. Hafið bláa útsýnis og veitingastaður við Ósa Ölfusár. www.hafidblaa@hafidblaa.is & 483 1000.

## Hreingerningar






Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn

## Garðyrkja

**Gröfuþjónusta Auberts.**
**Allar stærðir af gröfum með fleyg og jarðvegsbor, hlöðum grjótkanta og útvegum holtagrjót og allt fyllingarefni, jöfnum lóðir, gröfum grunna. Einnig endurnnýjun á drenn og klóaklögnum.**
**Sími 892 1663.**












Tökum að okkur stærri og smærri verk. Traust og alhliða þjónusta. VALDÍS S. 846 0864 (SLÁTTUR + BEÐAHREINSANIR), HÖRÐUR MÁR S. 897 0951 (ÖLL ÖNNUR VERK). Sláttumenn






Tökum að okkur allt sem viðkemur garðinum, auk allrar almennrar smíðavinnu - lögg. húsasmíðameistari. Vanir menn, snör handtök. Sælugarðar s. 824 1238.




### Trjáklippingar
Runnaklippingar, trjáfellingar, snyrting á trjágróðri. Alhliða umhirða garða. Eiríkur Sæland garðyrkjufræðingur. S. 848 1723.

### Er öspin til ama?
Sérhæfum okkur í fellingum og í að fjarlægja allar stærðir og gerðir trjáa. Eyðum líka rótarkerfum. Uppl. í s. 695 1918.

Tökum að okkur alla almenna umhirðu garða. Sláttu-og garðaþjónustan. S. 577 4444 & 892 9999.

Smágröfuþjónusta, hellulagnir, drenlagnir og öll almenn lóðavinna. Vönduð og góð vinnubrögð. Erum með vörubíl með krana. SS Hellulagnir. 691 8907. Sjá nánar á www.sshellulagnir.is

Klippi runna, limgerði og felli tré. Önnur garðverk. Garðaþjónusta Hafþórs. S. 897 7279.

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

### Account Bókhald og rekstrarráðgjöf slf.
Framtöl ofl. S. 860 0266 & 840 0609 www.account.is

## Málarar

**Frír háþrýstiþvottur í Júlí!!**
**Tökum að okkur múr- og málningarvinnu, stór og smá verk. Örugg þjónusta, vanir menn vönduð vinna. Gerum verðtilboð þér að kostnaðarlausu. Upplýsingar gefur Sverrir s. 661 7000.**




### Sandspörtlun og málun
Mála stigahús, íbúðir eða nýsmíði. Uppl. í s. 893 5537 Arnar málarameistari.

Málari getur bætt við sig verkefnum, stórum sem smáum, sanngjarnt verð! Uppl. í s. 695 1918

Málarameistari getur bætt við sig verkefnum. Uppl. í s. 896 6148.

Getum bætt við okkur inni- og útiverkefnum. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf. S. 896 5758.

## Búslóðaflutningar

### Búslóðaflutningar
Tökum að okkur alla búslóðaflutninga og aðra flutninga. Góð þjónusta. Einnig aukamenn ef óskað er. Erum með besta verðið. Uppl. í síma 899 2536 & 659 4403.

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is

## Húsaviðhald

**Fagþjónusta - Allt á einum stað**
**Getum bætt við okkur í flísalögn, múrverki, pípulögn, málningu, parketlögn, glerísetningum og fleira. Sérhæfum okkur í lekavandamálum. Einnig tökum við að okkur niðurrif úr húsum og múrbrot. Fljót og góð vinnubrögð. Tímavinna eða tilboð.**
**Upplýsingar í síma 899 2420**
**Steingæði ehf.**







**Caelum verktakar Reykjavík og nágrenni**
**Hellulagnir, þökulagnir, klóaklagnir, drenlagnir, múrviðgerðir, flísalagnir og allt því tengt, berum á sólpalla, garðúðun, grassláttur og margt margt fl. Fagleg og góð þjónusta. Tökum að okkur stór og smá verk. Tilboð að kostnaðarlausu.**
**Uppl. í síma 820 8888.**

### Húsaviðhald!
Þak- og utanhússklæðningar og allt húsaviðhald. Ragnar V. Sigurðsson ehf. S. 892 8647.

### vandvirkur.is
Vantar þig smið? Vandvirkir fagmenn. vandvirkur.is. Uppl. s. 663 0518 & 898 0771.

### Lekur þakið ?
Tek að mér að leggja P.V.C dúk á þök og bílskúra, erum líka í þakviðgerðum. Uppl. í s. 659 3598.

### Pípulagnir
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Upplýsingar í síma 663 5315.

### Múrun, málun, smíði, flísalögn...
Iðnaðarmannateymi óskar eftir fleiri verkefnum... (baðherbergi, eldhús, málun íbúða, utanhúsviðgerðir). S. 770 5599 skoðið á verkadvinna.is.

## Stífluþjónusta




## Tölvur

Alhliða tölvu- og netviðgerðir, gagnabjörgun og ráðgjöf. Kem á staðinn. Þar sem aðrir klikka kem ég við sögu. Gott verð!! Baldvin, S. 699 6735.

## Nudd

### Faglegt heilnudd
Heilsusamlegt, slakandi og heitsteina nudd. Karolína, nuddari/sjúkraþjálfari. Uppl. í s. 694 6518.



*Elskulegur bróðir okkar, mágur og frændi,*

**Dagbjartur Kristinn Gunnarsson**
frá Marteinstungu,

andaðist á Elli og hjúkrunarheimilinu Grund, sunnudaginn 28. júní. Jarðarförin fer fram frá Marteinstungukirkju laugardaginn 4. júlí kl. 14.00.
Fyrir hönd fjölskyldunnar frá Marteinstungu,

**Guðný K. Guttormsdóttir.**



*Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Pétur Þorbjörnsson**
fyrrv. kaupmaður, Hjallabraut 33, Hafnarfirði,

lést á Sólvangi þriðjudaginn 30. júní.
Jarðarförin verður auglýst síðar.

**Valgerður Sigurðardóttir**
**Svanhildur Pétursdóttir** **Gissur Guðmundsson**
**Birgir Pétursson** **Hrefna Geirsdóttir**
**Sverrir Pétursson** **Sandra M. Pétursson**
**Hrönn Pétursdóttir** **Jafet E. Ingvason**
**Björk Pétursdóttir** **Sveinn Sigurbergsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Þorvarður Guðmundsson**

sem lést á Landspítalanum í Fossvogi sunnudaginn 28. júní sl. verður jarðsunginn frá Fossvogskirkju mánudaginn 6. júlí kl. 13.00.

**Anna Sigurbjörg Þorvarðardóttir** **Valur Þórarinsson**
**Guðmundur Jens Þorvarðarson** **Svava Haraldsdóttir**
**Stefán Ragnar Þorvarðarson**
**Aðalbjörg Þorvarðardóttir** **Tryggvi Aðalsteinsson**
**Sigurbjörg Þorvarðardóttir** **Sólmundur Maríusson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Okkar innilegustu þakkir til þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærs fósturföður míns, tengdaföður, afa og langafa,*

**Geirs Sigurðssonar**
pípulagningamanns
Strandaseli 1, Reykjavík,

sem lést 15. júní síðastliðinn.

**Ása Birna Áskelsdóttir** **Stefán Ómar Oddsson**
**Þórný Pétursdóttir** **Baldur Már Bragason**
**Ómar Rafn Stefánsson**
**Ragnhildur Birna Stefánsdóttir**
**og barnabörn.**



*Okkar frábæra móðir, tengdamóðir, amma, langamma, langalangamma og langalangalangamma,*

**Inga Valborg Einarsdóttir**
Gullsmára 5, Kópavogi,

lést á líknardeild Landspítalans miðvikudaginn 1. júlí.
Útförin fer fram frá Langholtskirkju föstudaginn 10. júlí kl. 13.00.

**Soffía Sveinsdóttir**
**Sveinn M. Sveinsson** **Auður E. Guðmundsdóttir**
**Guðmundur G. Sveinsson**
**Einar Sveinsson** **Arnhild Mölnvik**
**Sigurður V. Sveinsson** **Sigríður Héðinsdóttir**
**Þórlaug Sveinsdóttir** **Guðmundur Friðjónsson**
**Barnabörn, barnabarnabörn, barnabarnabarnabörn og makar þeirra.**

**FRANZ KAFKA (1883-1924) LÉST Á ÞESSUM DEGI.**

*„Maður kemst hvergi á friðartímum, en í stríði blæðir manni út."*

***Franz Kafka er eitt af höfuðskáldum 20. aldarinnar. Meðal helstu verka hans eru Hamskiptin og Réttarhöldin.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 3. JÚLÍ ÁRIÐ 1973

## *Goslok í Eyjum*



MYND/ÚR EINKASAFNI

Vísindamenn tilkynntu formlega um goslok í Vestmannaeyjum á þessum degi árið 1973.

Gosið hófst þegar stór sprunga opnaðist frá norðri til suðurs á austasta hluta Heimaeyjar aðfaranótt 23. janúar 1973. Fljótlega minnkaði sprungan þó og megineldvarpið varð þar sem nú stendur Eldfell.

Um leið og tilkynning barst um að eldgos væri hafið hófst brottflutningur fólks af eynni. Um 4.000 íbúar af 5.500 voru fluttir um nóttina. Einn maður lést í gosinu af völdum koldíoxíðeitrunar. Næstu vikur var tekið að flytja búslóðir fólks burt af eyjunni, þar sem hús tóku að hverfa undir hraun. Um helmingur þeirra lenti undir hrauni eða eyðilagðist með öðrum hætti í gosinu. Uppbyggingin eftir gosið var mjög hröð.



*Faðir okkar, tengdafaðir, afi, langafi og bróðir,*

**Kjartan Jónsson**
skrifstofumaður, Kríuhólum 4, Reykjavík,

lést á líknardeild Landspítalans á Landakoti, þriðjudaginn 30. júní. Útförin fer fram frá Garðakirkju á Álftanesi miðvikudaginn 8. júlí klukkan 13.

**Einar Kjartansson** **Marcia Maren Vilhjálmsdóttir**
**Árni Kjartansson** **Margrét Örnólfsdóttir**
**Ólafur Kjartansson** **Kristín Dúadóttir**
**Elín Kjartansdóttir** **Agnar Kristjánsson**
**Arnfríður Kjartansdóttir**
**Jóhann Ragnar Kjartansson** **Jónína Guðjónsdóttir**
**Óttar Kjartansson** **Hanna Kristín Sigurðardóttir**
**Bryndís Arngrímsdóttir**
**barnabörn, langafabörn og systkini hins látna.**



*Elskuleg eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og systir,*

**Linda Wendel**

lést á hjúkrunarheimilinu Skógarbæ að kvöldi 28. júní.
Útför fer fram frá Bústaðakirkju föstudaginn 3. júlí kl. 13.00.

**Agnar Ingólfsson**
**Torfi Agnarsson** **Elva Sif Kristinsdóttir**
**Ingi Agnarsson** **Laura May-Collado**
**Gunnar Páll Torfason**
**Axel Örn Torfason**
**Anna Cara Torfadóttir**
**Amelie Melkorka Ingadóttir May**
**Maríanna Wendel**



*Okkar ástkæri og elskaði eiginmaður, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Aðalmundur Jón Magnússon**
flugvélstjóri, Starhaga 9,

lést á Líknardeild Landspítalans í Kópavogi miðvikudaginn 1. júlí. Hann verður jarðsunginn frá Dómkirkjunni í Reykjavík miðvikudaginn 8. júlí kl. 15.00.
Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir, en þeim sem vilja minnast hans er bent á Neistann, styrktarfélag hjartveikra barna. Sérstakar þakkir til starfsfólks Líknardeildarinnar í Kópavogi og til allra á deild 11-E á Landspítalanum.

**Hilke Jakob Magnússon**
**Auður Aðalmundardóttir** **Sævar Þór Guðmundsson**
**Konrad Garðar Aðalmundsson** **Unnur Ýr Jónsdóttir**
**Henning Þór Aðalmundsson** **Berglind Rut Magnúsdóttir**
**Magnús Ingi Aðalmundsson** **Sunna Björk Guðmundsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**
Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **512 5000.**



**BJARTSÝN** Guðrún Hafsteinsdóttir, markaðsstjóri Kjörís, er ánægð með stöðu fyrirtækisins þrátt fyrir það erfiða rekstrarumhverfi sem íslensk fyrirtæki búa við í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

**KJÖRÍS:** FAGNAR FJÖRUTÍU ÁRA AFMÆLI

# GÖMUL GILDI

„Fyrirtækið stendur vel. Það er byggt á gömlum gildum og sjálfsagt eitt fárra stærri framleiðslufyrirtækja sem ekki skiptu um hendur í uppganginum síðustu ár," segir Guðrún Hafsteinsdóttir, markaðsstjóri Kjörís, sem er fjörutíu ára á árinu. Haldið verður upp á tímamótin með ýmsum hætti. Meðal annars hafa vinsælar eldri ístegundir verið endurvaktar í tilefni afmælisins. Svo verður efnt til mikilla hátíðarhalda á ísdaginn 29. ágúst og gefst þá gestum og gangandi færi á að bragða á alls kyns furðulegum ístegundum hjá fyrirtækinu.

Kjörís er að sögn Guðrúnar rótgróið fyrirtæki sem hefur frá byrjun verið rekið í Hveragerði og ætíð í eigu sömu fjölskyldunnar. Hafsteinn Kristinsson stofnaði það árið 1969 og Valdimar, sonur hans, tók við framkvæmdastjórn fyrirtækisins eftir hans dag árið 1993. Tvö barna hans af fjórum koma beint að rekstrinum, Valdimar og Guðrún, en Kjörís er í eigu þeirra allra ásamt móður þeirra, Laufeyju Valdimarsdóttur, og föðurbróður, Guðmundi Kristinssyni.

Guðrún segist muna tímana tvenna. „Við höfum upplifað hæðir og lægðir í íslensku efnahagslífi. Eiginlega má segja að Kjörís sé stofnað í kreppu, á þeim tíma þegar hundruð fjölskyldna fluttu frá Íslandi. Stóran hluta af þessari fjörutíu ára sögu höfum við verið í harðri samkeppni við ríkið, eða Mjólkursamsöluna. Við erum elsta og vorum jafnframt lengi vel eina fyrirtækið sem hafði lifað af þá samkeppni."

Hún vonar því að Kjörís sigli stórslysalaust í gegnum kreppuna og telur að í ljósi mikillar eftirspurnar eftir afurðunum muni það takast. „Það sem af er ári hefur umtalsverð aukning verið í íssölu hjá Kjörís," segir hún. „Neytendur virðast halla sér í auknum mæli að íslenskum vörumerkjum. Við höfum fundið fyrir miklum velvilja hjá þjóðinni, sem okkur þykir vænt um. En þetta rekstrarumhverfi sem við búum við í dag er hins vegar öllum fyrirtækjum erfitt."

Aukin eftirspurn hefur meðal annars gert Kjörís kleift að ráða fleiri sumarstarfsmenn en áður. „Salan var orðin þannig að við réðum 22 sumarstarfsmenn, sem er ekki lítið í ljósi þess að við höfum verið með fimmtíu starfsmenn í vetur," útskýrir Guðrún og segir Valdimar hafa ákveðið í bankahruninu að leggja ofurkapp á að vernda störfin. „Kjörís fór því í gegnum mikla endurskipulagningu og við höfum hvorki þurft að segja upp né skerða vinnuhlutfall."

Almennt segist Guðrún vera nokkuð bjartsýn á framhaldið. „Við erum það. Svo erum við líka bjartsýn fyrir Íslands hönd, enda höfum við mikla trú á fólkinu í þessu landi."

**roald@frettabladid.is**



*Innilegt þakklæti til allra sem sýndu okkur ómetanlega vináttu og hlýhug við andlát og útför okkar elskulegu móður, tengdamóður, ömmu og langömmu,*

**Fanneyjar Magnúsdóttur**

Sérstakar þakkir til starfsfólks 4. hæðar Sólvangs í Hafnarfirði.

**Anna Magnea Ólafsdóttir** **Þórarinn Sigvaldi Magnússon**
**Tryggvi Ólafsson** **Theódóra Gunnlaugsdóttir**
**Lára Ólafsdóttir** **Sveinn Andri Sigurðsson**



VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR: 2 2+ 2 BÍÓ 2 BÍÓ+ 2 EXTRA 2 EXTRA+ AUK STIGVAXANDI AFSLÁTTAR

512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
1359
K.S LÆRI Í SNEIÐUM 1359 kr./kg.
1359
K.S HRYGGUR Í SNEIÐUM 1359 kr./kg.
1078
K.S FROSIÐ LAMBALÆRI
AÐEINS 1078 kr./kg.
Holta
Bringur
40%
AFSLÁTTUR
HOLTA FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR
MERKT VERÐ 2798 KR./KG. 40% AFSLÁTTUR 1679 kr./kg.
Holta
Skornir vængir
40%
AFSLÁTTUR
HOLTA FERSKIR KJÚKLINGAVÆNGIR
MERKT VERÐ 398 KR./KG. 40% AFSLÁTTUR 239 kr./kg.
Ali
KJÚKLINGUR
40%
AFSLÁTTUR
ALI FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR
MERKT VERÐ 2998 KR./KG. 40% AFSLÁTTUR 1798 kr./kg.
toppur
98
98 kr. 2 ltr.
TOPPUR
HREINN OG SÍTRÓNU 2 LTR.
98 kr.
Coca-Cola
Coca-Cola light
598
598 kr. 8 ltr.
COKE OG COKE LIGHT 4 FL. 2 LTR. 598 kr.
Súkkulaði ís 2
BÓNUS
Vanillu ís 2
BÓNUS
259
BÓNUS ÍS 2 LTR.
259 kr.
LAKE BALLS
12 pieces
998
TOP-FLIGHT GOLFKÚLUR
12 STK AÐEINS 998 kr.
JO NESBØ
RAUÐBRYSTINGUR
SARA BLÆDEL
kallaðu mig prinsessu
CAMILLA LÄCKBERG
ÓHEILLAKRÁKAN
ÆVAR ÖRN JÓSEPSSON
LAND TÆKIFÆRANNA
LIZA MARKLUND
þar sem sólin skín
1798
KILJUR : SKEMMTILEGT LESEFNI Í SUMARFRÍINU 1798 kr/stk.
luxus Diletto kaffi
298
LUXUS DILETTO KAFFI
400g 298 kr.
BÓNUS BÝÐUR BETUR
VISA
AFGREIÐSLUTÍMI: FÖSTUDAGUR 10:00 TIL 19:30.



BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
20 ára BÓNUS 1989 - 2009
1598
ÍN KRYDDLEGINN NAUTAVÖÐVI
MERKT VERÐ 1998 KR./KG. 20% AFSLÁTTUR 1598 kr./kg.
Kjöthitamælir fylgir
2398
ÍSLANDSNAUT KRYDDLEGIÐ INNRALÆRI
MERKT VERÐ 2998 KR./KG. 20% AFSLÁTTUR 2398 kr./kg.
10 stk 100 gramma alvöru
1298
ÍN FROSNIR 100G UNGNAUTAHAMBORGARAR
10 STK. 1298 kr.
2398
ÍN KRYDDLEGINN NAUTAVÖÐVI
Í SNEIÐUM MERKT VERÐ 2998 KR./KG. 20% AFSLÁTTUR
2398 kr./kg.
100% NAUTAKJÖT
599
ÍSLANDSNAUT UNGNAUTAHAMBORGARAR
4 STK M.BRAUÐI MERKT VERÐ 798 KR 25% AFSLÁTTUR 599 kr.
ENGANGS-GRILL
259
EINNOTA GRILL 259 kr.
1198
FROSNAR GRÍSALUNDIR 1198 kr./kg.
798
KJARNAFÆÐI
K.F GRILL GRÍSALÆRISSNEIÐAR
798 kr./kg.
Hraun BITAR
Prins BITAR
ÆÐI BITAR
2398
KJARNAFÆÐI
K.F GRILL LAMBALÆRISSNEIÐAR 1.FL
MERKT VERÐ 2998 KR./KG. 20% AFSLÁTTUR
2398 kr./kg. (MIÐLÆRISSNEIÐAR)
40% AFSLÁTTUR
ALI FERSKUR HEILL KJÚLINGUR
MERKT VERÐ 998 KR./KG. 40% AFSLÁTTUR 598 kr./kg.
498
GÓU ÞRENNA
HRAUN-PRINS-ÆÐI 498 kr
Garlic Bread
259
HVÍTLAUKSBRAUÐ 150G
POKI 259 kr.
198
BÓNUS NÝBAKAÐ LANGLOKUR
4 STK 198 kr
298
BÓNUS FIMMLAGA TERTA
(Vínarterta) 600g 298 kr.
RÚLLUTERTA 320G 298 kr.
BÓNUS 50% KJARNABRAUÐ
159
BÓNUS KJARNABRAUÐ 500G
159 kr
BÓNUS BÝÐUR BETUR
VISA
AFGREIÐSLUTÍMI: FÖSTUDAGUR 10:00 TIL 19:30.

RESTAURANT
Jómfrúin

**Óskað eftir starfsfólki**
til framreiðslu (þjónn).
Hlutastarf, dagvinna, helgarvinna.
40 ára og eldri velkomnir.
**Upplýsingar gefur Jakob**
**í síma 898 4909 eða 551 0100**

Skipulags stofnun

**EFNISTAKA ÚR HÓLABRÚ Í HVALFJARÐARSVEIT**

**Mat á umhverfisáhrifum - álit Skipulagsstofnunar**

**Skipulagsstofnun hefur gefið álit sitt um mat á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum nr. 106/2000 m.s.b. fyrir efnistöku úr Hólabrú í Hvalfjarðarsveit.**

Helstu niðurstöður. Skipulagsstofnun telur að helstu umhverfisáhrif efnistöku úr Hólabrú í Hvalfjarðarsveit felist í neikvæðum sjónrænum áhrifum á landslag, sérstaklega á meðan efnistöku stendur. Skipulagsstofnun telur hinsvegar jákvæð þau áform framkvæmdaraðila að ganga frá svæðinu í áföngum eftir því sem efnistökunni vindur fram og stefna að því að svæðið geti nýst sem landbúnaðarland til beitar þegar allri efnistöku hefur verið hætt á svæðinu. Skipulagsstofnun telur að til að auka umferðaröryggi sé mjög mikilvægt að bæta merkingar á Hringvegi við efnistökusvæðið. Skipulagsstofnun telur að hvernig til tekst um áhrif framkvæmdarinnar og starfsemi sem henni fylgir á umhverfið sé háð verktilhögun sem kynnt hafa verið við meðferð málsins.

Álitið í heild liggur frammi hjá Skipulagsstofnun, Laugavegi 166, 150 Reykjavík. Álit Skipulagsstofnunar og matsskýrsla framkvæmdaraðila er einnig að finna á heimasíðu stofnunarinnar: **www.skipulag.is.**

**Reykjavíkurborg**
Skipulags- og byggingarsvið

**Auglýsing um breytingu á deiliskipulagi Reykjavík**

**Í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, er hér með auglýst tillaga að breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík.**

**Vallarstræti - Ingólfstorg**
Tillaga að breytingu á deiliskipulagi Kvosarinnar vegna suðurhluta Ingólfstorgs og lóðunum að Thorvaldsenstræti 2, Vallarstræti 4 og Aðalstræti 7. Í breytingunni felst m.a. að þrjú hús eru varðveitt á staðnum. Thorvaldsenstræti 2 mun standa áfram þar sem það stendur nú, Vallarstræti 4 er flutt þrettán metra til norðurs og Aðalstræti 7 fjórtán komma níu metra til norðurs. Gatan Vallarstræti verður sunnan húsanna að lokinni breytingu. Reist verður fimm hæða hús með kjallara sunnan Vallarstrætis og verður NASA salurinn rifinn og endurbyggður í kjallara. Auglýsing á eldri tillögu fellur niður með birtingu þessari. Samhliða auglýsingu þessari munu verða kynntar breytingar á fyrirkomulagi Ingólfstorgs.
Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillagan liggur frammi í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að **Borgartúni 12-14**, 1. hæð, virka daga kl. 8:20 – 16:15, **frá 3. júlí 2009 til og með 14. ágúst 2009.** Einnig má sjá tillöguna á heimasíðu sviðsins, ***www.skipbygg.is***. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillöguna. **Ábendingum og athugasemdum við tillöguna skal skila skriflega eða á netfangið *skipulag@rvk.is*, til skipulags- og byggingarsviðs eigi síðar en 14. ágúst 2009. Vinsamlegast notið uppgefið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti.** Þeir sem eigi gera athugasemdir innan tilskilins frests, teljast samþykkja tillöguna.

Reykjavík, 3. júlí 2009
Skipulagsstjóri Reykjavíkur

BORGARTÚNI 12-14 - 105 REYKJAVÍK - SÍMI 411 1111 - MYNDSENDIR 411 3071

# Farið hefur gel betra



NOKKUR ORÐ
Kjartan Guðmundsson

Einhvers staðar las ég að upphæðirnar sem um er rætt í Icesave-samningnum gætu dugað til að kaupa knattspyrnumanninn Cristiano Ronaldo þrjátíu sinnum frá Manchester United, en eins og flestir vita festi Real Madrid kaup á leikmanninum fyrir bjánalega háa fjárhæð í vikunni. Þessi hugsun sat í mér og í kjölfarið á pælingunum fékk ég hrollvekjandi martröð, þar sem þrjátíu olíubornir Portúgalar hlupu hrokafullir um iðjagrænan fótboltavöll, hentu sér í jörðina við hvert tækifæri og vældu í dómaranum eins og smákrakkar í frekjukasti. Í martröðinni voru áhorfendastæðin galtóm því stækur fnykurinn af mygluðu hárgeli og rándýrum rakspíra, í bland við hreint ótrúlega vanvirðingu leikmannanna fyrir hundtryggum stuðningsmönnum sínum, hafði hrakið þá alla á brott. Ég hrökk upp í svitabaði. Eitt stykki Ronaldo er miklu, miklu meira en nóg fyrir heiminn að þola.




Eins mikið og ég samgleðst aðdáendum Manchester United með að vera loksins lausir við þetta fúlegg í líki knattspyrnukappa, þá kenni ég í brjósti um þá mörgu sem fylgja Real Madrid að málum. Einungis örfáum dögum eftir að hafa fjárfest í Brasilíumanninum Kaká, leikmanni sem nýtur hvarvetna virðingar fyrir framkomu sína innan vallar sem utan, þurftu veruleikafirrtir stjórnendur félagsins að eyðileggja allt með því að leggja lag sitt við óheiðarlegasta eintakið í sögu íþróttanna. Þar fór góður vilji fyrir lítið.

Ef svo fer að bæði enska deildin og HM í Suður-Afríku næsta sumar verði laus við Portúgalann pirrandi, eins og allt stefnir í, er hætt við að margir splæsi í kampavín og rakettur. Ég verð einn af þeim.

## myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Øverli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




### Kjölturakkar
Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán
Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# Hvert er förinni heitið?




NÝ ÚTGÁFA 2009

**Bókin sem þú verður að hafa í hanskahólfinu**

- 60 KORT OG YFIR 9.000 ÖRNEFNI
- GORMABUNDIN Í HENTUGU HANDBÓKARBROTI
- KORT YFIR TJALDSTÆÐI, SUNDLAUGAR, SÖFN OG GOLFVELLI

MÁL OG MENNING
www.forlagid.is

FERÐUMST UM LANDIÐ OKKAR

## > JOLIE TEKJUHÆST

**Angelina Jolie** hefur þénað mest allra leikkvenna í Hollywood undanfarið ár, eða um 3,4 milljarða króna. Samkvæmt Forbes.com græddi hún mest á myndinni Wanted. Jennifer Aniston er í öðru sæti á listanum með um 3,1 milljarð, mest vegna hinnar vinsælu Marley and Me. Skammt undan í þriðja sæti er Meryl Streep sem lék í söngvamyndinni Mamma Mia!



# Fólk

folk@frettabladid.is

# Sótthreinsað spítaladrama

Nýtt tónlistarmyndband með hljómsveitinni Gusgus verður frumsýnt í næstu viku og bíða eflaust margir spenntir eftir að berja það augum. Það eru þeir Heimir Sverrisson og Jón Atli Helgason, betur þekktur sem Hárdoktorinn, sem unnu myndbandið í sameiningu. „Þegar nýja platan með Gusgus var að koma út vorum við Jón Atli fengnir til þess að vinna að sérstöku þema fyrir plötuna. Við ákváðum að breyta útliti og ímynd hljómsveitarinnar og unnum áfram með þetta þema í myndbandinu,“ segir Heimir. Hann segir hugmyndaferlið hafa verið langt og strangt og lítið standi nú eftir af hinni upphaflegu hugmynd. Heimir og Jón Atli unnu að handritinu í sameiningu ásamt Rafaellu Sigurðardóttur og líkt og myndirnar bera með sér þá er hér á ferðinni sótthreinsað spítaladrama með erótísku ívafi. Það er fyrirsætan Tinna Bergs sem fengin var til að leika aðhlutverkið en auk hennar fara Helgi Björnsson söngvari og Walter Grímsson með hlutverk í myndbandinu.

Heimir segir að tökur á myndbandinu hafi gengið sérstaklega vel fyrir sig, enda hafi hann unnið með einvala liði. „Fólkið sem kom að þessu með mér var frábært og myndbandið væri örugglega ekki svona flott hefði þeirra ekki notið við.“ Verið er að leggja lokahönd á myndbandið núna og býst Heimir við að það verði tilbúið til frumsýningar í næstu viku. **- sm**



**HEIMIR SVERRISSON OG JÓN ATLI HELGASON** Unnu í sameiningu að nýju myndbandi fyrir hljómsveitina Gusgus. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON






**BEN** Michael Emerson leikur Benjamin Linus í þáttunum Lost.

# Sorglegur lokaþáttur

Michael Emerson, sem leikur illmennið Benjamin Linus í Lost, spáir því að lokaþátturinn verði sorglegur. „Ég held að endirinn verði ekki á léttu nótunum,“ sagði Emerson. „Ég held að við eigum eftir að sjá miklu fleiri deyja eftir því sem nær dregur endinum. Ég giska á að einhverjar þekktar persónur deyi. Ég er handviss um að endalokin verði fyrst og fremst gerð fyrir fullorðna áhorfendur.“ Sjötta og síðasta þáttaröð Lost verður frumsýnd í Bandaríkjunum á næsta ári og bíða áhorfendur spenntir eftir því að sjá dulúðina sem umlykur þættina leysta upp.



**DIMMA** Rokkararnir í Dimmu spila á Grand Rokk í kvöld.

# Fimm spila á metalkvöldi

**Fimm hljómsveitir koma fram á þungarokkstónleikum á Grand Rokk í kvöld þar sem fjölbreytnin mun ráða ríkjum. Fyrst stígur á svið hljómsveitin Wistaria sem spilar metalcore, næst á dagskrá verða rokkhundarnir í Dimmu og á eftir þeim kemur blackmetal-sveitin Svartidauði. Fjórða sveitin sem stígur á svið nefnist Bastard en hún spilar dauðarokk og önnur dauðarokksveit, Beneath, lýkur síðan kvöldinu. Húsið verður opnað klukkan 22 og aldurstakmark er 20 ár. Aðgangseyrir er enginn.**



**GÓÐIR SAMAN** Michael Jackson og Bubbles eru eitt eftirminnilegasta tvíeykið í sögu skemmtanabransans. NORDIC PHOTOS/AFP

# Apinn Bubbles fannst í dýragarði

**Einn nánasti vinur poppstjörnunnar Michaels Jackson er fundinn. Hann er við hestaheilsu þrátt fyrir háan aldur en mun að öllum líkindum ekki mæta í jarðarförina.**

Þetta er simpansinn Bubbles sem Michael Jackson hafði með sér hvert sem hann fór á tíunda áratug síðustu aldar. Bubbles hvarf síðan af sjónarsviðinu fyrir nokkrum árum og margir aðdáendur Jacksons hafa velt vöngum yfir því hvað hafi eiginlega orðið um þennan fræga apa. Breska blaðið Daily Mail upplýsti lesendur sína um að Bubbles dveldi í góðu yfirlæti í Centre for Great Apes í Wauchula í Flórída. Hann myndi þó ekki mæta í jarðarför fyrrverandi eiganda síns. Starfsfólk dýragarðsins hefur leyft sjónvarpsvélunum að mynda Bubbles sem sönnun fyrir því að hann sé á lífi. „Það besta sem við getum gert til að heiðra minningu Michaels Jackson er að hugsa enn betur um Bubbles því við vitum að Michael þótt einstaklega vænt um hann," sagði forstjórinn Patti Ragan.

Jackson bjargaði Bubbles frá krabbameinsrannsóknum undir lok níunda áratugarins og þeir félagar ferðuðust um allan heiminn saman. Vinátta þeirra var svo djúp að þeir deildu hótelsvítum saman og Bubbles hafði sitt eigið rúm í svefnherbergi Michaels. Bubbles átti einnig sitt sæti í upptökuverinu þar sem Bad var tekin upp. Þá var hann líka sá eini sem fékk að nota salerni Michaels. Þegar Bubbles varð eldri átti hann það til að verða árásargjarn og var því sendur í dýragarð enda óttaðist Michael að hann gæti hugsanlega skaðað Prince Michael II. Michael gætti þess þó vandlega að vel væri hugsað um Bubbles og hann skipulagði meðal annars afmælisveislu fyrir apann þar sem öðrum frægum dýrum var boðið, þeirra á meðal hundunum Benji og Lassie og simpansanum Cheeta sem sló í gegn í Tarzan.

En nú hefur Bubbles sem sagt verið í dýragarðinum í Flórída síðastliðin fjögur ár og kann víst vel við sig í kringum hin dýrin, sem tengjast reyndar öll skemmtanabransanum með einum eða öðrum hætti. „Hann er mjög góður api, hann leyfir hinum yngri að drekka á undan sér og er bara mjög ljúfur og góður," segir Patti.

## Framdi ekki sjálfsvíg



**DAVID CARRADINE** Leikarinn framdi ekki sjálfsvíg heldur lést af völdum súrefnisskorts.

Leikarinn David Carradine framdi ekki sjálfsvíg heldur lést af völdum súrefnisskorts. Þetta kom fram eftir krufningu sem fjölskylda leikarans lét framkvæma fyrir sig. Carradine fannst nakinn inni í fataskápi með snúru um hálsinn og kynfærin á hótelherbergi í Bangkok hinn 4. júní. Talið er að hann hafi dáið í miðri kynlífsathöfn. „Hann lést ekki af náttúrulegum orsökum og ekki vegna sjálfsmorðs. Hann virðist því hafa dáið af slysförum," sagði læknirinn sem framkvæmdi krufninguna. Niðurstöðu úr krufningu sem lögreglan í Taílandi lét framkvæma á Carradine er væntanleg á næstu dögum og þar gætu nýjar upplýsingar komið í ljós.







# Allavega tuttugu ár í viðbót

„Þegar Andrea Jóns hættir að fara veit ég að ég á tuttugu ár eftir,“ segir Ólafur Páll Gunnarsson, útvarpsmaður á Rás 2, spurður hvort hann sé ekkert að verða of gamall fyrir Hróarskelduhátíðina í Danmörku.

Óli Palli hefur sótt hátíðina á hverju ári síðan 1996, sem þýðir að hátíðin í ár er sú fjórtánda í röðinni. Hann var nýkominn á hátíðarsvæðið í gær ásamt Andreu í blíðskaparveðri þegar Fréttablaðið hafði samband við hann. Hlakkaði hann mikið til að sjá Hjaltalín sem átti að stíga á svið síðar um kvöldið. Einnig var hann spenntur fyrir deginum í dag þegar sveitir á borð við Oasis og Nick Cave and the Bad Seeds stíga á svið. Útvarpað verður beint frá hátíðinni í Rokklandi Óla Palla á Rás 2 á sunnudaginn og á hann vafalítið eftir að reyna að ná tali af einhverjum frægum hljómsveitum. „Það er ekkert planað, þannig lagað. Þetta er svolítið eins og að fara á grásleppu. Stundum fær maður eitthvað og stundum ekki en ég ætla að reyna að hitta Fleet Foxes og Glasvegas.“

Um tvö hundruð Íslendingar sækja Hróarskelduhátíðina í ár, sem er mikil fækkun frá því sem verið hefur. „Ég held að það sé kringum einn tíunda af því sem það var fyrir tveimur árum,“ segir Óli. **- fb**



**ÓLAFUR PÁLL GUNNARSSON** Útvarpsmaðurinn vinsæli er staddur á sinni fjórtándu Hróarskelduhátíð.

# Sigur Rós í maraþonmynd

Lögin Starálfur og Viðrar vel til loftárása með Sigur Rós hljóma í myndinni The Athlete sem er væntanleg í bíó síðar á þessu ári. Um leikna heimildarmynd er að ræða sem fjallar um eþíópíska maraþonhlauparann Abebe Bikila sem vakti heimsathygli þegar hann vann ólympíugull í Róm berfættur árið 1960, fyrstur Afríkubúa. Níu árum síðar lamaðist hann í alvarlegu bílslysi og barðist hetjulega við að ná heilsu á nýjan leik.

„Af hverju ekki?,“ segir Kjartan Sveinsson, hljómborðsleikari Sigur Rósar, spurður hvers vegna lögin voru seld í myndina. „Við gerum svona oft ef við fílum senurnar sem við sjáum. Þetta kom líka bara vel út.“

Sigur Rós átti síðast lag í heimildarmynd Leonardo DiCaprio, 11th Hour, sem fjallaði um umhverfismál. Áður hafa lög sveitarinnar hljómað í Vanilla Sky með Tom Cruise í aðalhlutverki, The Life Aquatic with Steve Zissou með Bill Murray og í stiklum fyrir myndirnar The Invasion og Children of Men. Einnig hefur Sigur Rós verið spiluð í sakamálaþáttunum CSI.

Kjartan segir að upptökur á næstu plötu Sigur Rósar gangi ágætlega en hann hefur ekki hugmynd um hvenær hún kemur út. **- fb**



**ABEBE BIKILA** Berfættur á Ólympíuleikunum í Róm árið 1960. NORDICPHOTOS/GETTY



**SIGUR RÓS** Hljómsveitin Sigur Rós á lög í kvikmyndinni The Athlete. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA


SparBíó kr. 550 á myndir merktar appelsínugulu kr. 850 á digital 3d merkt með grænu










SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| TRANSFORMERS 2 | kl. 2 - 5:30 - 8D - 11D POWER | 10 |
| TRANSFORMERS 2 | kl. 8 - 11 | VIP |
| ÍSÖLD 3 m/ísl.tali | kl. 1:30(3D) - 3:40(3D) - 5:50(3D) | L |
| ÍSÖLD 3 m/ísl.tali | kl. 1:30 - 3:40 - 5:50 - 8 | L |
| HANGOVER | kl. 1:30 - 3:40 - 5:50 8 - 8:10 - 8:30 - 10:20 - 10:30 - 11 | 12 |
| THE HANGOVER | kl. 3:40 - 5:50 | VIP |
| STAR TREK XI | kl. 10:20 | 10 |
| STÍGVÉLAÐI KÖTTURINN m/ísl.tali | kl. 1:30 - 3:40 | L |
| HANNAH MONTANA | kl. 5:50 | L |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| TRANSFORMERS 2 | kl. 4D - 7D - 10D POWER | 10 |
| THE HANGOVER | kl. 4 - 6D - 7 - 8D - 9:10 - 10:20D | 12 |
| CORALINE 3D m/ísl.tali | kl. 4(3D) | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| TRANSFORMERS 2 | kl. 5 - 8 - 11 POWER | 12 |
| HANGOVER | kl. 6 - 8 - 10 | 12 |

KYNNTU ÞÉR SÝNINGARTÍMA Á SELFOSSI OG Í KEFLAVÍK Á WWW.SAMBIO.IS

NÝTT Í BÍÓ!

HEIMSFRUMSÝNING!










SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| ÍSÖLD 3 3D ÍSLENSKT TAL | kl. 3.30 - 5.45 D | L |
| ÍSÖLD 3 ÍSLENSKT TAL | kl. 3.30 - 5.45 | L |
| ICE AGE 3 3D ENSKT TAL ÁN TEXTA | kl. 8 - 10.10 D | L |
| ICE AGE 3 ENSKT TAL M/ÍSL. TEXTA | kl. 3.30 - 5.45 - 8 - 10.10 | L |
| ICE AGE 3 LÚXUS ENS. TAL /ÍSL. TEX | kl. 3.30 - 5.45 - 8 | L |
| TRANSFORMERS 2 | kl. 5 - 8 - 10.10 - 11 | 10 |
| TRANSFORMERS 2 LÚXUS | kl. 10.10 | 10 |
| YEAR ONE | kl. 8 | 7 |
| GULLBRÁ | kl. 3.30 750 KR. FULLORÐNIR 600 KR. BÖRN | L |

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| ÍSÖLD 3 ÍSLENSKT TAL | kl. 5.50 - 8 - 10.10 | L |
| TYSON | kl. 6 - 8 - 10 | 12 |
| YEAR ONE | kl. 9 | 7 |
| GHOSTS OF A GIRLFRIEND PAST | kl. 8 - 10.15 | 7 |
| GULLBRÁ 750 KR. FULLORÐNIR 600 KR. BÖRN | kl. 6 | L |
| ANGELS & DEMONS | kl. 6 | 14 |

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| ÍSÖLD 3 ÍSLENSKT TAL | kl. 6 - 8 | L |
| ICE AGE 3 ENSKT TAL M/ÍSL. TEXTA | kl. 6 - 8 | L |
| YEAR ONE | kl. 10 | 7 |
| ICE AGE 2 | kl. 10 | L |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000 750 kr. ÓDÝRT Í BÍÓ!

| | | |
|---|---|---|
| ICE AGE 3 ENSKT TAL M/ÍSL. TEXTA | kl. 5.50 - 8 - 10.10 | L |
| GHOSTS OF A GIRLFRIEND PAST | kl. 5.45 - 8 - 10.15 | 7 |
| LESBIAN VAMPIRE KILLERS | kl. 8 - 10 | 16 |
| YEAR ONE | kl. 5.45 | 7 |
| TERMINATOR | kl. 8 - 10.30 | 12 |
| NIGHT AT THE MUSEUM 2 | kl. 5.30 | L |

NÝTT Í BÍÓ LAUGARÁSBÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus







TILBOÐ í bíó. Gildir á allar sýningar merktar með rauðu!

LAUGARÁSBÍÓ SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| ÍSÖLD 3 - 3D - Íslenskt tal | kl. 2(850 kr), 4 og 6 | L |
| ÍSÖLD 3 - Íslenskt tal | kl. 2(550 kr), 4 og 6 | L |
| ICE AGE 3 - 3D - Enskt tal | kl. 8 - ÓTEXTUÐ | L |
| TRANSFORMERS 2 - POWER | kl. 4, 8 og 10 | 10 |
| YEAR ONE | kl. 8 og 11 | 7 |
| TERMINATOR SALVATION | kl. 10 | 14 |
| GULLBRÁ | kl. 2(550 kr) | L |




Kafað í þjóðarsálina

Drykkjusiðir og matarvenjur, frægt fólk (og heimilisföng þess), sögulegar staðreyndir, óvenjulegir staðir og falleg hús, góð ráð um ódýran mat og drykk ... allt fær þetta sitt pláss í líflegum og fyndnum texta Páls Ásgeirs Ásgeirssonar.




BÓKIN ER Á ENSKU

MÁL OG MENNING
www.forlagid.is

# Fleet Foxes vinnur með Al Jardine

Hljómsveitin Fleet Foxes frá Seattle í Bandaríkjunum ætlar hugsanlega að spila á nýjustu plötu Als Jardine, fyrrverandi liðsmanns The Beach Boys. Hinn 66 ára Jardine bauð hljómsveitinni í upptökuver sitt í Los Angeles til að ræða samstarfið. „Þeir eru frábærir. Þeir hafa líka þennan Beach Boys-hljóm og virkilega fallegar raddanir,“ sagði Jardine, en platan hans nefnist A Postcard from California. Robin Pecknold, söngvari Fleet Foxes, hafði gaman af fundinum með Jardine. „Hann var algjör öðlingur, virkilega góður gæi.“ Á meðal annarra gesta á plötunni verða hinn gamli félagi Jardine úr The Beach Boys, Brian Wilson, og leikarinn John Stamos. Löngu týnt lag með Beach Boys, A California Saga, sem þeir tóku upp með Neil Young, David Crosby og Stephen Stills, verður einnig á plötunni.



**ROBIN PECKNOLD** Söngvari Fleet Foxes hitti Al Jardine, fyrrverandi liðsmann The Beach Boys, á dögunum.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Föstudagur 3. júlí 2009**

**➜ Leiklist**

19.00 Pétur Jóhann Sigfússon flytur **Sannleikann** í Borgarleikhúsinu.

20.00 Gamanleikurinn **Við borgum ekki** sýndur í Borgarleikhúsinu.

**➜ Tónlist**

12.00 Anna Guðný Guðmundsdóttir flytur Tuttugu tillit til Jesúbarnsins, eftir **Olivier Messiaen,** í Ketilhúsinu Akureyri.

12.30 Hljómsveitin **Reginfirra** heldur tónleika í Borgarbókasafninu við Tryggvagötu. Frítt inn.



21.00 Mighty Marith and the Mean men á **Kafé Culture,** Hverfisgötu.

21.30 **Ljótu hálfvitarnir** spila fyrir gesti á Græna hattinum, Akureyri.

21.30 Twistkvöld á **Hemma og Valda.** Vagg og velta, rockabilly, doo wop, surf, soul, garage og ye-ye.

21.30 Tónleikar með <3 Svanhvíti! og DJ Flugvél og geimskip á **Karamba,** Laugavegi 22.

22.00 Í tilefni þess að platan **Drullukalt** hefur verið valin plata vikunnar á Rás tvö eru Langi Seli og Skuggarnir með fagnaðartónleika á **Café Rósenberg.**



22.00 Sing for Me Sandra, **Ultra Mega Techno Bandið Stefán** og Agent Fresco á Sódóma Reykjavík. Aðgangseyrir 500 krónur.

22.20 Opnunarhátíð Írskra daga á Akranesi lýkur með kvöldhátíð. Tískusýningar frá **Nínu og Ozone**. Páll Óskar leikur fyrir dansi.

23.00 Mono spilar á **800 Bar**, Selfossi.

**➜ Myndlist**

12.00 **Edwin Kaaber** gítarleikari sýnir málverk í Saltfisksetrinu í Grindavík.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is**






## > Keflavík tapaði 0-3 á Möltu

Keflavík steinlá 0-3 í fyrri leik sínum á móti Valletta á Möltu í gærkvöldi en leikurinn var í fyrstu umferð Evrópudeildar UEFA. Leikurinn fór fram í miklum hita og þurfti dómari leiksins tvisvar að grípa til þess að gefa leikmönnum liðanna vatnspásur. Mörk Valletta komu á 25., 50. og 72. mínútu leiksins og tvö þau síðari eftir stungusendingar inn fyrir Keflavíkurvörnina. Keflavík þarf nú að skora fjögur mörk til þess að komast áfram í næstu umferð Evrópudeildarinnar en seinni leikurinn fer fram á Sparisjóðsvellinum í Keflavík eftir viku.



sport
sport@frettabladid.is

## ÞORVALDUR ÖRLYGSSON, ÞJÁLFARI FRAM: VAR ÁNÆGÐUR MEÐ SIGURINN EN HEFÐI VILJAÐ HAFA HANN STÆRRI

# Ekki ósanngjarnt að vinna með fjórum mörkum

„Miðað við hvernig leikurinn þróaðist tel ég að það hafi ekki verið ósanngjarnt að komast úr honum með þrjú til fjögur mörk í plús,“ sagði Þorvaldur Örlygsson, þjálfari Fram, eftir að hans menn lögðu TNS frá Wales 2-1 í Evrópuleik á Laugardalsvellinum í gær.

„Það mikilvægasta er þó að við náðum sigri og fyrir fram hefði maður verið mjög sáttur við þessi úrslit. Það er alltaf sárt að fá á sig mark en það góða við þetta mark var að það vakti okkur til lífsins og við fórum að spila eins og við erum vanir,“ sagði Þorvaldur en TNS komst yfir eftir 25 mínútna leik.

Þetta var fyrsti Evrópuleikur Fram í sautján ár, eða síðan 1992. Það sást vel á upphafskafla leiksins að Framarar renndu nokkuð blint í sjóinn því það tók þá ákveðinn tíma að ná áttum.

„Já, það er hárrétt. Við erum með lið sem hefur litla sem enga reynslu af Evrópukeppninni og menn vissu ekki alveg við hverju mátti búast. Þegar það fór að líða á kom



þetta allt í ljós og á endanum var þetta bara þokkalegasti leikur hjá okkur,“ sagði Þorvaldur.

„Við getum verið bjartsýnir fyrir seinni leikinn en hann verður á gervigrasi og við vitum ekki hvernig þeir eru þar. Annars hafa þeir ekki mikið verið að skora í deildinni heima fyrir á þessum velli síðustu þrjú ár og það gefur okkur von. Þetta snýst bara um hvernig við mætum til leiks. Það sást vel í þessum fyrri leik að þegar við förum að gera þetta eins og menn var bara eitt lið líklegt til að vinna leikinn,“ sagði Þorvaldur.

Samuel Tillen jafnaði fyrir Framara úr vítaspyrnu um tíu mínútum eftir að TNS komst yfir. Heiðar Geir Júlíusson skoraði svo sigurmarkið strax í upphafi seinni hálfleiksins.

Framarar höfðu öll völd á vellinum í seinni hálfleiknum og fengu nokkur góð tækifæri til að bæta við en það tókst ekki. Þeir fara því með eins marks forystu í seinni leikinn, sem verður eftir viku. - egm

## STAÐAN

### Pepsi-deild karla

| | |
|---|---|
| Breiðablik-Fjölnir | 0-0 |
| Stjarnan-KR | 1-1 |
| Valur-FH | 0-5 |

**STAÐAN**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **1. FH** | **11** | **10** | **0** | **1** | **32-6** | **30** |
| 2. KR | 11 | 6 | 3 | 2 | 20-12 | 21 |
| **3. Stjarnan** | **10** | **6** | **2** | **2** | **25-12** | **20** |
| 4. Fylkir | 10 | 6 | 2 | 2 | 19-10 | 20 |
| **5. Keflavík** | **10** | **5** | **3** | **2** | **18-15** | **18** |
| 6. Valur | 10 | 5 | 1 | 4 | 11-16 | 16 |
| **7. Breiðablik** | **10** | **3** | **3** | **4** | **15-17** | **12** |
| 8. Fram | 10 | 3 | 2 | 5 | 11-13 | 11 |
| **9. Grindavík** | **10** | **2** | **2** | **6** | **11-23** | **8** |
| 10. ÍBV | 10 | 2 | 0 | 8 | 7-19 | 6 |
| **11. Fjölnir** | **10** | **1** | **2** | **7** | **10-22** | **5** |
| 12. Þróttur | 10 | 1 | 2 | 7 | 9-23 | 5 |

### Evrópudeild UEFA

Fram-TNS 2-1
0-1 Steve Evans (24.), 1-1 Sam Tillen, víti (33.), 2-1 Heiðar Geir Júlíusson (48.).
Valletta-Keflavík 3-0

**Stjarnan 1-1 KR**

Stjörnuvöllur, áhorf.: 1459 Þóroddur Hjaltalín Jr. (x)

*0-1 Björgólfur Takefusa, víti (31.)*
*1-1 Tryggvi Sveinn Bjarnason (90.+4)*

**TÖLFRÆÐIN**

| | |
|---|---|
| Skot (á mark) | 9-8 (4-3) |
| Varin skot | Bjarni Þórður 2 – Stefán Logi 3 |
| Horn | 7-5 |
| Aukaspyrnur fengnar | 19-15 |
| Rangstöður | 1-6 |

| STJARN. 4–3–3 | | KR 4–4–2 | |
|---|---|---|---|
| Bjarni Halldórsson | 6 | Stefán Logi Magnúss. | 6 |
| Guðni Rúnar Helgas. | 6 | Skúli Jón Friðgeirsson | 6 |
| Daníel Laxdal | 7 | Grétar Sigurðarson | 7 |
| ***Tryggvi Bjarnas.** | **7** | Mark Rutgers | 7 |
| Hafsteinn Helgas. | 3 | Jordao Diogo | 6 |
| (38., Jóhann Laxdal | 5) | Óskar Örn Hauksson | 7 |
| Björn Pálsson | 5 | (84., Atli Jóhannsson | -) |
| Birgir Hrafn Birgiss. | 5 | Jónas Guðni Sævars. | 6 |
| Steinþór Freyr Þorst. | 6 | Bjarni Guðjónsson | 6 |
| (75., Magnús Björgv. | -) | Baldur Sigurðsson | 6 |
| Arnar Már Björgvins. | 3 | Prince Rajcomar | 5 |
| (88., Richard Hurlin | -) | (75., Gunnar Örn Jóns. | -) |
| Halldór Orri Björnss. | 5 | Björgólfur Takefusa | 6 |
| Ellert Hreinsson | 2 | (84., Guðm. Péturss. | -) |

*Maður leiksins

# Flengingin var föst frá FH-ingum

**Meðvitundarlausir Valsmenn voru niðurlægðir á Vodafonevellinum í gær, 0-5. FH-ingar sýndu allar sínar bestu hliðar og unnu tíunda leikinn í röð. FH er langbesta lið landsins en eitthvað mikið er að hjá Val.**

**FÓTBOLTI** FH-ingar fljúga hratt í áttina að enn einum Íslandsmeistaratitlinum. Tíundi sigurleikurinn í röð kom á Hlíðarenda í gær er liðið lagði Val, 0-5.

Fyrri hálfleikur í gær var með hreinum ólíkindum. Margir biðu spenntir eftir því að sjá hvort brotthvarf Willums myndi hleypa krafti í Valsmenn. Svarið við því var risastórt nei. Það tók FH-inga ekki nema 23 mínútur að ganga frá leiknum.

Tryggvi skoraði fyrsta markið eftir aðeins sex mínútur. Atli Viðar lagði upp fyrsta markið og hann skoraði sjálfur átta mínútum síðar. Ásgeir Gunnar gekk svo frá leiknum á 23. mínútu eftir eina af mörgum listasóknum FH-inga í hálfleiknum.

FH-ingar sundurspiluðu Valsmenn hvað eftir annað í hálfleiknum og varnarmenn Vals virtust vart vita í hvora áttina þeir áttu að snúa. Miðjumennirnir voru í stanslausum eltingarleik og sóknarmennirnir fylgdust með enda tókst Valsmönnum varla að byggja upp sókn. Þeir komust hreinlega ekki yfir miðju lengstum í hálfleiknum. Yfirburðir FH-inga voru ótrúlegir. Sóknarleikurinn frábærlega uppbyggður og hraður. Allir að taka þátt og liðið eins og vel smurð vél sem ekkert getur stöðvað.

Valsmenn breyttu um taktík í síðari hálfleik og komust fyrir vikið betur inn í leikinn. Að sama skapi slakaði FH á klónni. Valsmönnum gekk sem fyrr lítið að skapa sér færi og það voru FH-ingar sem sáu um markaskorunina, fyrst Tryggvi úr víti og svo Davíð Þór í uppbótartíma.

Valsmenn fengu nákvæmlega það sem þeir áttu skilið úr þessum leik – fasta flengingu. Liðið er með ólíkindum andlaust og það er augljóslega eitthvað verulega



**FJÖGUR MÖRK Í ÞREMUR LEIKJUM** Tryggvi Guðmundsson fagnar hér fyrra marki sínu í gær en hann hefur nýtt langþráð tækifæri frábærlega. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

mikið að í herbúðum liðsins. Það er verk að vinna fyrir þann sem tekur við þessu Valsliði.

Það verður ekkert tekið af FH-ingum, sem eru að spila stórkostlegan fótbolta. Hvergi er veikan blett að finna hjá þeim. Liðið verður bara betra undir stjórn Heimis Guðjónssonar, sem hefur kannski ekki endilega fengið það hrós sem hann á skilið. Tíu sigurleikir í röð bera merki um það.

Ekki verður séð að nokkuð lið geti stöðvað FH.

„Ég verð að viðurkenna að ég bjóst við meiri mótspyrnu frá Val miðað við það sem á undan er gengið,“ sagði markahrókurinn Tryggvi Guðmundsson, sem átti magnaðan leik.

„Við erum með mikið sjálfstraust og erum að spila frábærlega. Okkur finnst þetta gaman og engin ástæða til að hætta því,“ sagði Tryggvi, sem setti spurningamerki við uppstillingu Vals, en mikið var hrófląð við liðinu og þær breytingar skiluðu engu.

Hinn jákvæði þjálfari Vals, Þorgrímur Þráinsson, reyndi að bera sig vel. „Þetta eru þung spor. Því er ekki að neita. Þetta eru niðurlægjandi tölur. Það er einkennilegt að tapa 5-0 fyrir FH því FH var ekki að sýna neinn glansleik,“ sagði Þorgrímur en undirritaður er honum þar fullkomlega ósammála.

„Mér fannst samt margt gott að gerast í Valsliðinu í dag en við gerum slæm mistök og gefum þeim mörk,“ sagði Þorgrímur, sem átti engar útskýringar á andleysi Valsmanna. henry@frettabladid.is

**VALUR 0-5 FH**

*0-1 Tryggvi Guðmundsson (6.),*
*0-2 Atli Viðar Björnsson (14.)*
*0-3 Ásgeir Gunnar Ásgeirsson (23.)*
*0-4 Tryggvi Guðmundsson, víti (60.)*
*0-5 Davíð Þór Viðarsson (90.+2)*

Vodafonevöllurinn, áhorf.: 1224
Garðar Örn Hinriksson (7)

**TÖLFRÆÐIN**

| | |
|---|---|
| Skot (á mark) | 11–18 (5–12) |
| Varin skot | Haraldur 7 – Daði 4 |
| Horn | 6–7 |
| Aukaspyrnur fengnar | 13–16 |
| Rangstöður | 2–2 |

**Valur 4–4–2** Haraldur Björnsson 3 - Reynir Leósson 3, Atli Sveinn Þórarinsson 4, Guðmundur Viðar Mete 3 (46., Baldur Aðalsteinsson 6), Steinþór Gíslason 2 - Ólafur Páll Snorrason 4 (65., Viktor Illugason 5), Sigurbjörn Örn Hreiðarsson 2, Einar Marteinsson 2, Bjarni Ólafur Eiríksson 3 - Guðmundur Steinn Hafsteinsson 3 (84. Ian Jeffs -), Marel Jóhann Baldvinsson 3

**FH 4–3–3** Daði Lárusson 7 - Freyr Bjarnason 6, Tommy Nielsen 6 (78. Sverrir Garðarsson -), Pétur Viðarsson 7, Guðmundur Sævarsson 7 - Davíð Þór Viðarsson 7, Ásgeir Gunnar Ásgeirsson 7 (82. Hákon Hallfreðsson -), Tryggvi Guðmundsson 8 (73. Matthías Guðmundsson -) - ***Atli Guðnason 8**, Atli Viðar Björnsson 8, Matthías Vilhjálmsson 6.




**Þjálfari/Leikmaður**

Gott 1 deildarlið í Færeyjum vantar þjálfara/leikmann fyrir kvennalið sitt í handboltanum.

Áhugasamir hafið samband við Egil í síma 00298220715 eða á egill@faroe-farming.fo buiunaet@olivant.fo


Stjörnumenn tryggðu sér 1-1 jafntefli á móti KR-ingum í uppbótartíma í Pepsi-deild karla á Stjörnuvelli í gær:

# Tryggvi Sveinn bjargvættur Stjörnumanna

**FÓTBOLTI** „Það var mjög ljúft að ná að jafna alveg í lok leiksins eftir að hafa verið í eltingarleik í allt kvöld. Ég rétt potaði í boltann en það var alveg nóg,“ sagði Tryggvi Sveinn Bjarnason, varnarmaður Stjörnunnar, sem skoraði jöfnunarmark liðs síns gegn KR í blálok uppbótartíma á Stjörnuvellinum í gær.

Það tók liðin smá tíma að finna taktinn á Stjörnuvelli í gærkvöld og framan af skapaðist mesta hættan úr föstum leikatriðum.

Stjörnumönnum gekk annars illa að finna glufur á skipulögðum varnarleik KR-inga í fyrri hálfleik en gestirnir voru hins vegar hættulegir í skyndiupphlaupum með þá Óskar Örn Hauksson og Prince Rajcomar í aðalhlutverkum.

Eftir um hálftíma leik barst boltinn inn fyrir vörn Stjörnunnar. Þar



**NÆSTUM ÞVÍ SIGURMARK** Björgólfur Takefusa kemur hér KR í 1-0. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

var Óskar Örn strax mættur eins og hrægammur og hirti boltann og lék á Bjarna Þórð í Stjörnumarkinu, sem braut á honum og vítaspyrna var réttilega dæmd. Björgólfur Takefusa fór á punktinn og skoraði af öryggi og það reyndist eina markið í hálfleiknum.

Seinni hálfleikurinn var ekki mikið fyrir augað og lítið um opin marktækifæri. Liðin spiluðu mikinn kraftabolta með endalausum háloftaspyrnum og kýlingum langt fram völlinn.

KR-ingar virtust ætla að ná að verja forystu sína og í raun benti fátt til þess að Stjörnumenn myndu skora. Það trylltist því allt á fjórðu mínútu uppbótartíma þegar Tryggvi Sveinn, fyrrverandi varnarmaður KR, var réttur maður á réttum stað og náði að pota inn jöfnunarmarkinu af stuttu færi og þar við sat.

„Það var jafn grátlegt og það var sætt að vinna á síðustu mínútu gegn Blikum um daginn. Það var týpískt að þeir næðu að skora svona jöfnunarmark með tuttugu manns í teignum og stóra tá á Tryggva potaði þessu inn. Svona er fótboltinn bara stundum,“ sagði svekktur Jónas Guðni Sævarsson, fyrirliði KR. - óþ

# NÝ HÁGÆÐATÆKI

## *frá* PHILIPS




ambi light
Perfect Pixel HD ENGINE
Full HD 1080p
Perfect Natural Motion
200Hz Clear LCD 1 ms
Network LINK dlna
mp4
CI+
Net TV

**PHILIPS 42PFL9664H 9000 línan**
- Örþunnt Full HD 1080p 16:9 LCD
- Ambilight Spectra 2 Baklýsing
- Perfect Pixel HD og Perfect Natural Motion
- Dýnamísk skerpa : 80.000:1
- Svartími 1ms / 200 Hz Clear LCD
- NetTV gegnum Wi-Fi



**PHILIPS 42PFL5604H 5000 línan**
- Full HD 1080p 16:9 LCD
- Pixel Plus HD myndtækni
- Dýnamísk skerpa : 50.000:1
- Stafrænn DVBT og DVBC móttakari
- Svartími 5ms



**PHILIPS 42PFL7404H 7000 línan**
- Full HD 1080p 16:9 LCD
- Pixel precise HD og HD Natural Motion
- Dýnamísk skerpa : 80.000:1
- Stafrænn DVBT og DVBC móttakari
- Svartími 3ms / 100 Hz Clear LCD



**PHILIPS 42PFL8404H 8000 línan**
- Full HD 1080p 16:9 LCD
- Ambilight Spectra Baklýsing
- Pixel precise HD og HD Natural Motion
- Dýnamísk skerpa : 80.000:1
- Svartími 3ms / 100 Hz Clear LCD
- NetTV gegnum Wi-Fi

**REYKJAVÍK** SUÐURLANDSBRAUT 26 SÍMI 569 1500
**AKUREYRI** GLERÁRGÖTU 36 460 3380
**HÚSAVÍK** GARÐARSBRAUT 18A 464 1600
**SELFOSS** EYRARVEGI 21 480 3700

**Heimilistæki** ht.is

## > Charlie Sheen

„Vald er fylgifiskur frægðarinnar. Mín mistök voru að ég hélt að ég vissi hvernig ég ætti að takast á við frægðina. En það er enginn vegvísir, enginn kúrs sem kennir manni hvernig á að takast á við þetta.“

Charlie Sheen fer með hlutverk í Two and a Half Men á Stöð 2 kl. 19.45.



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ FREYR GÍGJA GUNNARSSON SAKNAR MICHAELS JACKSON

# *Stjarnan sem sameinaði heiminn*

Ef þjóðarleiðtogar væru poppstjörnur væri sennilega heimsfriður. Eða hvenær hefur það gerst að íbúar Beirút og New York sameinast í sorg? Það gerðist þegar Michael Jackson dó. Þá þustu aðdáendur Jacksons í Líbanon út á göturnar og héldu danskeppni, poppgoðinu til heiðurs. Jackson var sjálfur fangi eigin frægðar, hann var of stór fyrir heiminn, hálfgerður furðufugl sem enginn vissi hver var, hvað var að hugsa eða hvert stefndi. Bara skrýtni gæinn í Neverland.

Sjónvarpið lék lykilhlutverk í ferli Jacksons. Myndböndin hans voru mikið sjónarspil sem kostaði morðfjár. Ég man sérstaklega eftir Thriller-myndbandinu, hvað það var mikil upplifun, að sjá ekki einhverja menn með sítt að aftan þykjast spila á hljóðfærin heldur myndband með söguþræði. Bad-myndbandið var ekkert síðra þótt ég verði að viðurkenna að tónlist Jacksons hafi aldrei heillað mig neitt sérstaklega. Það var eitthvað við skræku röddina sem fældi mig frá því að dilla rassinum við Beat It og Billie Jean. Og svo fannst mér Jackson aldrei neitt sérstaklega heillandi einstaklingur.

Jacksons verður hins vegar sárt saknað. Hann stakk í stúf, var eitthvað allt annað en það sem heimurinn hafði séð og mun sennilega nokkurn tímann sjá. Og mér rennur seint úr minni viðtal Martins Bashir við poppgoðið þar sem það varð opinbert hversu veikur Jackon var, hversu bágt hann átti og hvernig skemmtanabransinn getur eyðilagt fólk um alla eilífð. Að maðurinn sem gat keypt allt átti ekki neitt.



**BLESSUÐ SÉ MINNING JACKSONS** Heimurinn verður aldrei samur eftir að Michael Jackson fór yfir móðuna miklu.

## FÖSTUDAGUR



▶ **19.45 Two and a Half Men** STÖÐ 2



▶ **20.10 Popppunktur** SJÓNVARPIÐ



▶ **21.50 Painkiller Jane** SKJÁREINN



▶ **22.00 Donnie Brasco** STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **22.50 Twenty Four** STÖÐ 2 EXTRA

## SJÓNVARPIÐ

**15.35 Leiðarljós** (e)

**16.15 Leiðarljós** (e)

**17.00 Táknmálsfréttir**

**17.10 Spæjarar**

**17.35 Snillingarnir**

**18.00 Helgarsportið** Íþróttaþáttur með nýju sniði þar sem stiklað er á stóru um atburði síðustu viku, hitað upp fyrir atburði helgarinnar og sérstakir íþróttaviðburðir teknir fyrir.

**19.00 Fréttir**

**19.30 Veðurfréttir**

**19.35 Kastljós**

▶**20.10 Popppunktur** (Ingó & Veðurguðirnir - Hvanndalsbræður) Dr. Gunni og Felix Bergsson stjórna spurningakeppni hljómsveita.

**21.10 Tígrarnir** Bandarísk fjölskyldumynd frá 1983. Hafnaboltastjarna sem farin er að reskjast fær hjálp frá ungum aðdáanda sínum þegar mest á reynir. Aðalhlutverk: Roy Scheider og Justin Henry.

**22.30 Brimaldan stríða** (The Weight of Water) (e) Bandarísk bíómynd frá 2000 um blaðaljósmyndara sem grennslast fyrir um hrottaleg morð sem voru framin árið 1873. Aðalhlutverk: Catherine McCormack, Sean Penn, Elizabeth Hurley, Ciarán Hinds, Sarah Polley, Ulrich Thomsen og Anders W. Berthelsen.

**00.20 Grínsmiðjan** (Blue Collar Comedy Tour: The Movie) (e) Bandarísk kvikmynd frá 2003. Fjórir grínistar reyta af sér brandara.

**02.05 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**08.00 Fíaskó**

**10.00 Spin**

**12.00 American Dreamz**

**14.00 Fíaskó**

**16.00 Spin**

**18.00 American Dreamz**

**20.00 Daltry Calhoun** Grínmynd með Johnny Knoxville í aðalhlutverki.

▶**22.00 Donnie Brasco** Alríkislögreglumaður kemst inn í mafíuna í New York í dulargervinu Donnie Brasco og mafíuforingi tekur hann undir sinn verdarvæng.

**00.05 Hostage**

**02.00 Natural City**

**04.00 Donnie Brasco**

**06.05 Rent**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnaefni:** Flintstone krakkarnir, Gulla og grænjaxlarnir, Litla risaeðlan, Nornafélagið

**08.15 Oprah**

**08.55 Í fínu formi**

**09.10 Bold and the Beautiful**

**09.30 Doctors** (11:26) Við fáum að fylgjast með daglegum störfum starfsfólksins á Riverside spítalanum. Læknarnir og hjúkrunarfólkið á fullt í fangi með að sinna sjúklingum á milli þess sem þeir greiða úr eigin flækjum í einkalífinu.

**09.55 Doctors** (12:26)

**10.25 Hæðin** (5:9)

**11.15 Gossip Girl** (15:18)

**11.55 Grey's Anatomy** (22:24)

**12.40 Nágrannar**

**13.05 Hollyoaks** (225:260)

**13.30 Wings of Love** (94:120)

**14.15 Wings of Love** (95:120)

**15.00 Wings of Love** (96:120) S

**15.55 Barnaefni:** Saddle Club, Camp Lazlo, Nornafélagið

**17.08 Bold and the Beautiful**

**17.33 Nágrannar**

**17.58 Friends** (6:24)

**18.23 Veður**

**18.30 Fréttir Stöðvar 2**

**18.47 Íþróttir**

**18.54 Ísland í dag**

**19.11 Veður**

**19.20 The Simpsons** (2:22)

▶**19.45 Two and a Half Men** (22:24)

**20.10 Total Wipeout** (6:9) Hér er á ferð ómenguð skemmtun sem ekki nokkur maður getur staðist. Stjórnandinn er enginn annar en Richard Hammond úr Top Gear.

**21.05 Stelpurnar**

**21.30 Confetti** Frumleg og skemmtileg bresk gamanmynd um þrjú pör sem taka þátt í keppni um frumlegasta brúðkaup ársins, en í verðlaun er hús. Einvalalið breskra gamanleikara úr The Office, Peep Show, The Green Wing og Spaced fer á kostum í mynd sem kemur á óvart.

**23.10 Mr. Mom**

**00.40 Miami Vice**

**02.50 Last Holiday**

**04.40 Total Wipeout** (6:9)

**05.35 The Simpsons** (2:22)

**06.00 Fréttir og Ísland í dag**

## STÖÐ 2 SPORT *besta sætið*

**07.00 Valur - FH** Útsending frá stórleik Vals og FH í Pepsí-deild karla í knattspyrnu.

**17.00 Inside the PGA Tour 2009** Skyggnst á bakvið tjöldin í PGA mótaröðinni og árið skoðað í bak og fyrir.

**17.25 Valur - FH** Útsending frá stórleik Vals og FH í Pepsí-deild karla í knattspyrnu.

**19.15 Pepsímörkin 2009** Magnaður þáttur þar sem Magnús Gylfason og Tómas Ingi Tómasson fara yfir alla leiki umferðinnar ásamt íþróttafréttamönnum Stöðvar 2 Sport.

**20.15 LA Lakers - Orlando** Útsending frá leik Lakers og Orlando í úrslitarimmunni í NBA.

**21.50 Ultimate Fighter - Season 9** Magnaðir bardagar í þessari frábæru seríu. Allir fremstu bardagamenn heims mæta til leiks og keppa um titilinn The Ultimate Fighting Champion.

**22.35 Poker After Dark** Margir af snjöllustu pókerspilurum heims mæta til leiks í Texas Holdem. Doyle Bronson, Chris Moneymaker, Daniel Negreanu, Gus Hansen, Chris „Jesus“ Ferguson, Johnny Chan og fleiri magnaðir spilarar sýna áhorfendum hvernig atvinnumenn spila póker.

**23.20 Poker After Dark** Margir af snjöllustu pókerspilurum heims mæta til leiks í Texas Hold'em.

## STÖÐ 2 SPORT 2 *enski boltinn*

**19.00 Enska úrvalsdeildin: Sunderland - Man. City**

**20.40 Enska úrvalsdeildin: Chelsea - Man. Utd** Útsending frá leik Chelsea og Man. Utd í ensku úrvalsdeildinni.

**22.20 Premier League World 2008/09** Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum óvæntum hliðum.

**22.50 Season Highlights 2000/2001** Allar leiktíðir Úrvalsdeildarinnar gerðar upp í hröðum og skemmtilegum þætti.

**23.45 Galatasaray v Fenerbahce** Í þessum mögnuðu þáttum er fjallað um ríg stórliða víða um heim innan vallar sem utan. Að þessu sinni er fjallað um ríg Galatasaray og Fenerbahce og einnig kíkt til Þýskalands.

## SKJÁREINN

**06.00 Óstöðvandi tónlist**

**08.00 Rachael Ray** (e)

**08.45 Óstöðvandi tónlist**

**17.40 Rachael Ray** Spjallþáttur þar sem Rachael Ray fær til sín góða gesti og eldar gómsæta rétti.

**18.25 One Tree Hill** (23:24) (e)

**19.15 Monitor** (2:8) (e)

**19.45 America's Funniest Home Videos** (43:48) Bráðskemmtilegur fjölskylduþáttur þar sem sýnd eru fyndin myndbrot sem venjulegar fjölskyldur hafa fest á filmu.

**20.10 Greatest American Dog** (4:10) Bráðskemmtileg bandarísk raunveruleikasería þar sem hundar eru í aðalhlutverki. Eftir víðtæka leit um Bandaríkin þver og endilöng hafa tólf hundar og eigendur þeirra verið valdir til að taka þátt í skemmtilegri keppni. Þau búa öll saman á meðan á keppninni stendur og þurfa að sýna hvað í þau er spunnið.

**21.00 Heroes** (26:26) Bandarísk þáttaröð um fólk sem býr yfir yfirnáttúrlegum hæfileikum. Það er komið að lokaþættinum og spennan nær hámarki. Nathan reynir að koma í veg fyrir að Sylar hitti forsetann. Hiro hefur endurheimt hæfileika sína en kemst að því að það hefur sínar afleiðingar.

▶**21.50 Painkiller Jane** (20:22) Spennandi þáttaröð um ódrepandi hörkukvendi. Jane Vasko er lögreglukona sem boðið er starf með leynilegri sérsveit.

**22.40 World Cup of Pool 2008** (5:31)

**23.30 The Dead Zone** (4:13) (e)

**00.20 The Game** (20:22) (e)

**00.45 The Game** (21:22) (e)

**01.10 The Game** (22:22) (e)

**01.35 Penn & Teller: Bullshit** (13:59) (e)

**02.05 Penn & Teller: Bullshit** (14:59) (e)

**02.35 Óstöðvandi tónlist**

## ÍNN

**20.00 Hrafnaþing** Umsjón Ingva Hrafns Jónssonar.

**21.00 Mér finnst** Í umsjón Katrínar Bessadóttur, Haddar Vilhjálmsdóttur og Vigdísar Másdóttur. Farið er vítt og breitt um samfélagið.

**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.


Nú halda stelpurnar partý á Ruby Tuesday

Fullt af girnilegum foréttum og aðalréttum fyrir vinkonuhópinn.

Aðeins 1.990 kall á hverja konu.

Ruby Tuesday – Þar sem konur verða stelpur.

PIPAR • SÍA • 91098



RubyTuesday
BRAGÐGÓÐ SKEMMTUN

Höfðabakka 9 & Skipholti 19 Sími 577-1300

Lágmark fyrir fjóra

## Í KVÖLD

**STÖÐ 2 KL. 20.00**

### Total Wipeout



Einn allra stærsti og óvæntasti smellurinn í íslensku sjónvarpi á liðnum vetri er skemmtiþátturinn Total Wipeout. Hér er á ferð ómenguð skemmtun, gamall og góður buslugangur með nýrri pælingu sem ekki nokkur maður getur staðist. Þetta er breska útgáfan og stjórnandinn er enginn annar en Richard Hammond, sá ungi og hressi í Top Gear.

**▶ VIÐ MÆLUM MEÐ**

### Brimaldan stríða

**Sjónvarpið kl. 22.30**

Bandarísk bíómynd frá 2000. Jean er blaðaljósmyndari sem grennslast fyrir um hrottaleg axarmorð sem voru framin árið 1873 en umfjöllun um þau tengist skrifum um nýframin morð. Jean kemst yfir skjöl sem virðast lýsa vitnisburði sjónarvottar að morðunum en hún glímir líka við afbrýðisemi og tortryggni í hjónabandi sínu. Með aðalhlutverk fara Catherine McCormack, Sean Penn, Elizabeth Hurley og Ciarán Hinds.



### RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.38** Morgunfrúin
**06.50** Bæn
**07.03** Morgunfrúin - heldur áfram
**07.30** Fréttayfirlit
**08.00** Morgunfréttir
**08.11** Morgunstund með KK
**08.30** Fréttayfirlit
**09.05** Óskastundin
**09.45** Morgunleikfimi
**10.13** Sagnaslóð
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Á sumarvegi
**14.03** Tónleikur
**15.03** Útvarpssagan: Sumar í Sóltúni
**15.25** Án ábyrgðar
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.10** Veðurfregnir
**16.13** Trompetmeistarar sveiflunnar
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.16** Spegillinn
**18.50** Dánarfregnir
**19.00** Á sumarvegi
**20.00** Leynifélagið
**20.30** Óvissuferð - allir velkomnir
**21.10** Flakk
**22.12** Orð kvöldsins
**22.15** Litla flugan
**23.00** Kvöldgestir
**00.07** Næturtónar

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

### 2 EXTRA

**16.45 Hollyoaks** (224:260)
**17.15 Hollyoaks** (225:260)
**17.40 The Sopranos** (19:26)
**18.30 Big Day** (5:13) Ný gamanþáttaröð sem fjallar á stórskemmtilegn hátt um hinar mörgu spaugilegur hliðar á undirbúningnum fyrir stóra brúðkaupsdaginn.
**19.00 Hollyoaks** (224:260) Hágæða bresk unglingasápa sem segir frá lífi og ástum íbúa Hollyoaks í Chester.
**19.30 Hollyoaks** (225:260)
**20.00 The Sopranos** (19:26) S
**21.00 Fréttir Stöðvar 2**
**21.20 Ísland í dag**
**21.40 Aliens in America** (10:18) Stórskemmtilegir gamanþættir um Raja, ungan skiptinema frá Pakistan sem býr hjá Tolchuck-fjölskyldunni í Wisconsin. Hann er múslimi en þau sannkristin og sambúðin gengur því ekki alltaf hnökralaust fyrir sig.
**22.05 The Mentalist** (20:23) Spánnýr og hörkuspennandi þáttur um Patrick Jane, sjálfstætt starfandi ráðgjafa rannsóknarlögreglunnar í Kaliforníu. Hann á glæsilegan feril að baki við að leysa flókin glæpamál með því að nota hárbeitta athyglisgáfu sína. Þrátt fyrir það er hann ekki í náðinni hjá lögreglunni, ekki síst fyrir það að hafa aflar sér frægðar sem sjónvarpsmiðill en einnig fyrir að gera lítið úr þeim þegar hann á það til að leysa gáturnar langt á undan þeim. Þáttunum hefur verið lýst sem góðri blöndu af Monk, House og CSI og eru með þeim allra vinsælustu í Bandaríkjunum.
▶**22.50 Twenty Four** (23:24)
**23.35 Big Day** (5:13)
**00.00 Aliens in America** (10:18)
**00.25 Fréttir Stöðvar 2**
**01.05 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

### BBC entertainment

**10.55** Jonathan Creek **11.45** Blackadder II **12.15** The Weakest Link **13.00** EastEnders **13.30** My Hero **14.00** My Hero **14.30** Blackadder II **15.00** The Inspector Lynley Mysteries **15.45** The Inspector Lynley Mysteries **16.30** Any Dream Will Do **17.30** My Hero **18.00** My Hero **18.30** Blackadder II **19.00** Coupling **19.30** Coupling **20.00** Jekyll **20.50** My Hero **21.20** Blackadder II **21.50** The Inspector Lynley Mysteries **23.20** Coupling **23.50** Coupling

### DR 1

**10.35** En Kongelig Familie **11.30** Soren Ryge præsenterer **12.00** Det lille hus på prærien **12.50** Nyheder på tegnsprog **13.00** Flight 29 savnes! **13.30** SommerSummarum **13.35** Svampebob Firkant **13.55** SommerSummarum **15.05** Trolddomsæsken **15.30** Sigurds Bjornetime **16.00** Koste hvad det vil **16.30** TV Avisen med Sport **17.00** Disney Sjov **18.00** aHA! - Linie 3 **19.00** TV Avisen **19.30** SommerVejret **19.40** Hollywood Homicide **21.30** Landsstævne 2009 **22.30**

### NRK 1

**10.00** VM sandvolleyball **12.00** Wimbledon direkte og VM sandvolleyball **15.50** Oddasat - nyheter på samisk **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Ugleskogen **16.10** Mamma Mirabelle viser film **16.20** Tofferud **16.34** Herr Hikke **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.30** Friidrett **20.00** Taggart **21.10** Kveldsnytt **21.25** VM sandvolleyball. Hoydepunkter fra dagen **21.40** Hotell Babylon **22.30** Dark Side of the Moon **23.15** Trygdekontoret **23.45** Country jukeboks m/chat

### SVT 1

**10.05** Namnam med Noman **10.35** Jan och kronhjortskalven **10.50** Vildmark fiske **11.20** 100 procent bonde **12.25** Ost och skinka på italienska **13.20** 1800-talet ut-och-in **14.00** Rapport **14.05** Gomorron Sverige **14.55** Plus sommar **15.25** Mitt i naturen **15.55** Rymden **16.00** Rapport med A-ekonomi **16.10** Regionala nyheter **16.15** Strömsö **16.55** Guld och gröna skogar **17.25** Anslagstavlan **17.30** Rapport med A-ekonomi **17.50** Regionala nyheter **18.00** Pistvakt **18.30** Sjukan **19.00** Gisslan **20.50** Fritt fall **21.20** Mad Max 2 - Road Warrior **22.55** Sändningar från SVT24




## BESTI BITINN Í BÆNUM



*„Sem einlægur sushi-aðdáandi segi ég að besti bitinn sé á Sushibarnum, en allra besta kaffið og með því er tvímælalaust á Kaffismiðju Íslands.“*

Svala Ragnarsdóttir, myndlistarkona með meiru.

# Erfitt að fara í skó Ásdísar og Kolfinnu

„Þættinum slátrað? Nei, sko, við gerðum bara tveggja mánaða tilraun með þessar þrjár ágætu stelpur og svo var ákveðið að setja þáttinn í sumarfrí. Sko þáttinn,“ segir Ingvi Hrafn Jónsson sjónvarpsstjóri á ÍNN.

Tekin hefur verið um það ákvörðun að leggja niður kvennaþáttinn Mér finnst… á ÍNN í núverandi mynd. Þátturinn hefur verið í umsjá Katrínar Bessadóttur, Haddar Vilhjálmsdóttur og Vigdísar Másdóttur. Mestu flugi náði þátturinn þegar þær Kolfinna Baldvinsdóttir og Ásdís Ólsen voru við stjórnvölinn. „Markaðsdeildin var ekki að fá þau viðbrögð sem hún taldi sig vilja fá. Þátturinn hafði verið í nokkurra mánaða hvíld og við vildum vita hvort þessi samsetning væri vænleg. Allar eru þær gríðarlega skjáflottar en hvort það er ástandið í þjóðfélaginu eða hvað vitum við ekki. Við sjáum hvað við gerum með haustinu,“ segir Ingvi Hrafn. Að þá verði hugað að nýjum umsjónarmönnum eða aðrar brautir fetaðar. Það er ekki laust við að greina megi vonbrigði í máli hins yfirlýsta femínista Ingva Hrafns – hann vill einlæglega vera með kvennaþátt á ÍNN. „En það er ekki auðvelt að fylla skóna þeirra Ásdísar og Kolfinnu.“

Katrín Bessadóttir vill ekki tjá sig um samstarfið við Ingva Hrafn en segir þetta: „Okkur var tjáð í tölvupósti að þátturinn væri kominn í sumarfrí. Okkur var boðinn fundur ef við vildum ræða eitthvert framhald. Ég hafði ekki áhuga á því og mun ekki snúa aftur til starfa hjá Ingva Hrafni.“ - jbg



**KATRÍN BESSADÓTTIR** Ætlar ekki að snúa aftur til starfa hjá Ingva Hrafni.



**INGVI HRAFN JÓNSSON** Þátturinn var ekki að ná máli að mati markaðsdeildarinnar og því er þátturinn lagður af í umsjá Katrínar, Haddar og Vigdísar.



**LÁRÉTT 2.** hróss, **6.** í röð, **8.** af, **9.** fugl, **11.** verkfæri, **12.** vansæmd, **14.** hnupl, **16.** hvað, **17.** afbrot, **18.** veitt eftirför, **20.** guð, **21.** brýna.
**LÓÐRÉTT 1.** loga, **3.** úr hófi, **4.** umbætur, **5.** andi, **7.** reikningshald, **10.** dýrafita, **13.** skjön, **15.** hrumur, **16.** slegið gras, **19.** til dæmis.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** lofs, **6.** áb, **8.** frá, **9.** lóm, **11.** al, **12.** skömm, **14.** hrifs, **16.** ha, **17.** sök, **18.** elt, **20.** ra, **21.** ydda. **LÓÐRÉTT: 1.** báls, **3.** of, **4.** framför, **5.** sál, **7.** bókhald, **10.** mör, **13.** mis, **15.** skar, **16.** hey, **19.** td.

## SVÖR

Svör við spurningum á bls. 8

1. Ólafur Stefánsson.
2. U2.
3. 22 daga.


MÚRBÚÐARVERÐ



Festingarvörur – mikið úrval.
Verðdæmi:
Byggingarvinkill 90x90x65mm
125 kr.
LÆKKUM VERÐIÐ Á BYGGINGAVÖRUM
MÚRBÚÐIN – Afslátt eða gott verð?
Sími 412 2500 - www.murbudin.is


GÍSLI ÖRN: FYRST BORGARLEIKHÚSIÐ, SVO BERLÍN, HAMBORG OG LONDON

# Vesturport og Nick Cave gera nýja leikgerð af Faust

„Þetta er búið að vera í þróun í svolítinn tíma, hefur fengið að gerjast í hausnum á manni á hliðarlínunni. En núna er vinnan hafin,“ segir Gísli Örn Garðarsson, leikari og leikstjóri. Vesturportshópurinn vinnur þessa dagana að nýrri leikgerð Faust sem verður jólasýning Borgarleikhússins í ár. Gísli Örn situr nú við að skrifa handritið ásamt þeim Víkingi Kristjánssyni, Birni Hlyni Haraldssyni og Nínu Dögg Filippusdóttur. „Og svo verða Nick Cave og Warren Ellis með tónlistina. Hún spilar stórt hlutverk,“ segir Gísli.

Gísli segir erfitt að segja til um hvernig Faust þau muni setja upp. „Það eru til margar leikgerðir og sögur og við höfum verið að sanka að okkur öllu sem er til um þetta. Út frá því reynum við að finna kjarnann í sögunni og skrifum í kjölfarið,“ segir hann. Hingað til hefur Vesturport verið þekkt fyrir óvenjulegar uppsetningar sínar á þekktum verkum. Gísli fæst ekki til að vera með neinar yfirlýsingar um að svo verði nú. „Það er eiginlega skemmtilegra ef það fær bara að koma í ljós. Það er svo sem ekkert nýtt undir sólinni. Við ætlum bara að búa til Faust sem er okkar Faust – eins og við viljum sjá það.“

Gísli Örn verður leikstjóri verksins en ekki er enn farið að ræða hlutverkaskipan. Hópurinn situr nú sveittur við handritsskrifin á Kolsstöðum í Hvítársíðu í Borgarfirði. Þar eru þau í sambandi við Warren Ellis og Nick Cave í gegnum Skype.

Þó að Faust verði jólasýning í Borgarleikhúsinu mun verkið ekki stoppa lengi þar. „Við gerum þetta líka í samstarfi við leikhús í Berlín, Hamborg og London, þau vildu tengjast þessu líka. Svo fer það eftir því hvernig tekst til hvort fleiri hafa áhuga. Það skemmir allavega ekki fyrir að hafa Nick Cave með.“ hdm@frettabladid.is



**SETJA FAUST UPP Í BORGARLEIKHÚSINU**



Vesturportsfólkið **Gísli Örn Garðarsson**, **Björn Hlynur Haraldsson**, **Nína Dögg Filippusdóttir** og **Víkingur Kristjánsson** vinnur nú að nýrri leikgerð Faust ásamt tónlistarséníunum **Nick Cave** og **Warren Ellis**. Sýningin verður svo sett upp í Berlín, Hamborg og London.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Fjallagarpurinn **Páll Ásgeir Ásgeirsson** var að senda frá sér enn eina bókina sem ætluð er ferðamönnum – The Real Iceland. En í stað gönguleiða um öræfi fókuserar hann nú á þjóðina sjálfa og skrifar fyrir erlenda túrista. Í bókinni fjallar hann um drykkjusiði og matarvenjur Íslendinga sem og frægt fólk! Páll gengur lengra en Séð og heyrt hefði nokkru sinni vogað sér og birtir heimilisföng þeirra sem frægir teljast. En allt eins og önnur lögmál virðast gilda þegar fjallað er um útlensk frægðarmenni í íslenskum miðlum en um íslenska þá að sama skapi gildir líkast til annað um íslenskt frægðarfólk ef textinn er ætlaður útlendingum.



Frétt Vísis af því að **Eva Joly** hefði hitt Jónínu Benediktsdóttur í vikunni vakti mikla athygli og er meðal mest lesnu frétta vefmiðlanna. Og forvitnileg eru, til dæmis einmitt í því ljósi, ummæli aðstoðarmanns Madame Joly, Jóns Þórissonar arkítekts, að Joly hitti ýmsa án þess að það væri fréttnæmt. Eins og það sé hans að meta það en ekki fréttamanna og þó einkum lesenda.



Það verður mikið um dýrðir á Kringlukránni um helgina en þá ætla Gullbarkarnir fjórir, eins og þeir kalla sig, að koma saman: **André Bachmann** ætlar að sjá um poppið, Geir Ólafsson um Dean og Frankie, Stefán Jónsson kenndur við Lúdó um rokkið og Raggi Bjarna um standardana. Haft er eftir André að vissulega sé það svo að margir ætli úr bænum um helgina en þá ber til þess að líta að margir landsbyggðarmenn koma á móti í bæinn – og til þeirra er nú höfðað.

- jbg




HUMAR
2.000 KR/KG
GLÆNÝ STÓRLÚÐA
Fiskikóngurinn • Sogavegi 3 • 108 Reykjavík • sími 587 7755


# Með hjálm við píanóið

„Ég held að ég spili með hjálm og ég veit ekki hvort ég þarf að vera með hanska,“ segir píanóleikarinn Víkingur Heiðar Ólafsson, sem spilar á hálfgerðum vígslutónleikum í nýja tónlistar- og ráðstefnuhúsinu ásamt hljómsveitinni Hjaltalín. Samtónn, samtök tónlistarrétthafa, skipuleggja tónleikana sem verða haldnir í hádeginu á mánudaginn. „Ég verð eiginlega að fá einhvern til að taka þetta upp á filmu. Ég verð að eiga mynd af mér í verkamannagalla að spila Chopin fyrir fólk.“

Miklar öryggisráðstafanir hafa verið gerðar vegna tónleikanna og verða hjálmar, stígvél og varúðargallar afhentir við innganginn. Aðeins verður 85 gestum veittur aðgangur sökum öryggisástæðna. „Ég hlakka til að heyra hvernig á eftir að hljóma. Ég er að fara að spila inni í steypu sem á eftir að vera gífurlega hljómmikil og ég á von á því að þetta verði svolítið eins og ég verði rafmagnaður upp,“ segir Víkingur.

Miklar deilur hafa staðið yfir vegna byggingar hússins og hvort það borgi sig að halda henni áfram vegna efnahagsástandsins. „Þrátt fyrir allan mínusinn í þjóðarbúinu er efnahagslega langhagkvæmast að halda framkvæmdunum áfram. Það má ekki gleyma þeim kostnaði sem hlýst af því að hætta við þetta,“ segir Víkingur, sem er búsettur í Bretlandi en er í fríi hér á landi. - fb



**VÍKINGUR HEIÐAR ÓLAFSSON** Píanóleikarinn knái verður fyrsti tónlistarmaðurinn til að spila í nýja tónlistar- og ráðstefnuhúsinu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

www.utivistogsport.is

# STÓRÚTSALAN Í FULLUM GANGI

# 50-80% AFSLÁTTUR

**Dömu-, herra- og barnafatnaður**

bolir
skyrtur
buxur
zip off buxur
kvart buxur
regnföt
isotex jakkar
isotex buxur
softshell
flíspeysur
undirföt
skór
bakpokar
sokkar
smávara ofl.

Regatta GREAT OUTDOORS™

**OPIÐ**
**VIRKA DAGA 10 – 18**
**LAUGARD. 11 – 16**

**ÚTIVIST&SPORT**
*verslun/heildverslun*

**Reykjavík** Faxafen 12 S. 533-1550. **Keflavík** Hafnargata 25 S. 421-3322

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja
**Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Veffang:** visir.is **EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**









**BAKÞANKAR**
Brynhildar Björnsdóttur

## *Milljón í vasa*

Gjaldmiðillinn í Mósambík heitir metikall. Ég bjó þar einn vetur fyrir nokkrum árum og fór aldrei út úr húsi með minna en milljón í vasanum, þótt ég ætlaði bara að fá mér kaffibolla eða skreppa í sund. Það voru til fimmhundruð þúsund metikalla seðlar og hundrað þúsund metikalla seðlar, svo milljónirnar voru ekkert sérstaklega þungar í vasa. En það voru líka til fimm metikalla myntir og nokkrar svoleiðis tóku aðeins meira vasapláss. Fyrir fimm metikalla gat ég ekki keypt neitt en öðru máli gegndi um betlarana á götum úti, einfættu mennina sem höfðu stigið á jarðsprengjur og pössuðu bílinn fyrir mann og konurnar með vatnsbrúsana á höfðinu. Það var vegna þess að í Mósambík voru tvö hagkerfi. Eitt fyrir þá sem keyptu sér kaffibolla á hótelum, annað til að höndla með maísmjöl og kjúklinga. Um leið og bleiknefjinn ég kom inn á markað hækkaði allt um mörg hundruð prósent.

**HÉR** á landi hafa líka verið tvö hagkerfi lengi vel. Það er annars vegar það sem ég er í, sem skulda tólf milljónir í íbúðinni minni og næ kannski árstekjum upp á þrjár, hins vegar hagkerfið þar sem venjulegir launamenn þurfa að fá níu hundruð milljónir að láni til að sjá fyrir sér og heimili sínu. Því til hvers þurfa menn annars að taka lán? Ef ég sæti með níu hundruð milljónir í höndunum myndi ég ekkert vita hvað ég ætti að gera við þær. En kannski þurfa einhverjir á Íslandi að búa við það að hilluverðið hækki upp úr öllu valdi í Hagkaupum um leið og þeir láta sjá sig.

**ÞEGAR** ég var í Mósambík voru milljón metikallar tvöþúsund kall. Það var áður en Mósambíkanar skáru þrjú núll af metikallinum fyrir nokkrum árum. Nú eru fjörutíu íslenskar krónur í einum metikalli og milljón metikallar því jafnvirði fjörutíu milljóna íslenskra krónkalla.

**MILLJÓN** er afstæð. Milljarður líka. Flestir Afríkubúar myndu telja sig hafa himin höndum tekið að vera við fátæktarmörkin hér. Björgólfur Thor er ekki eins asnalega ríkur í Dubai.

**FYRIR** níu hundruð milljónir má fá hundrað þúsund handbolta, tvöhundruð þúsund naglbíta og örugglega trilljón trítilóðar tindabikkjur frá Trékyllisvík. Og byggja að minnsta kosti eitt munaðarleysingjaheimili.

**TIL** dæmis í Mósambík.

## GÓÐAN DAG!

**Í dag er föstudagurinn 3. júlí 2009, 184. dagur ársins.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 3.10 | 13.32 | 23.52 |
| Akureyri | 2.07 | 13.17 | 0.23 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


